

Halldór
skoðun 14



3 SÉRBLÖÐ
í Fréttablaðinu
Allt
Fasteignir.is
Híbýli og viðhald

Stundar vistvænan lífsstíl
*Helga Ragnarsdóttir í Vogum á Vatnsleysuströnd ræktar fjölda matjurta í garðinum sínum.*
**híbýli og viðhald** 2




# FRÉTTABLAÐIÐ

ÞITT

MÁNUDAGUR

5. júlí 2010 — 155. tölublað — 10. árgangur   MEST LESNA DAGBLAÐ Á ÍSLANDI   Sími: 512 5000




Hátíðin Villa Reykjavík
*Erlend listagallerí sækja höfuðborgina heim.*
**tímamót** 18

Harkar í Hollywood
*Darri Ingólfsson fer með eitt af aðalhlutverkunum í myndinni Boðbera.*
**fólk** 30



ÍBV á toppinn
*Eyjamenn tylltu sér í gær á topp Pepsi-deildar karla.*
**sport** 24

**veðrið í dag**




**VÆTA EYSTRA** Í dag verður víðast hæg austlæg eða breytileg átt. Rigning eða súld A-til en annars skýjað með köflum og stöku skúrir. Hiti 10-18 stig, hlýjast NA-lands.
**VEÐUR** 4

# Hvalkjöt verið selt fyrir 800 milljónir

**Á fimmta hundrað tonna af hvalaafurðum hafa verið seld úr landi frá því að hvalveiðar hófust á ný. Náttúruverndarsamtök efa að kjötið sé komið til Japans.**

**SJÁVARÚTVEGUR** „Ef menn standa í útgerð sem þessari ár eftir ár ætti það ekki að koma mönnum á óvart að hægt sé að selja vöruna. Það er að segja ef menn beita heilbrigðri skynsemi,“ segir Kristján Loftsson, framkvæmdastjóri Hvals hf., spurður um töluvert magn hvalaafurða sem selt hefur verið úr landi á þessu ári. Náttúruverndarsamtök efast sem fyrr um að kjöt sé komið til Japans.

Samkvæmt útflutningstölum Hagstofu Íslands hafa 372 tonn af kjöti og rengi af þeim 125 langreyðum sem Hvalur hf. veiddi í fyrra verið send á Japansmarkað á þessu ári. Árið 2008 voru rúm áttatíu tonn af afurðum af sjö langreyðum sem veiddust haustið 2006 seld utan. Verðmæti afurðanna er tæpar 800 milljónir króna.

Árni Finnsson, formaður Náttúruverndarsamtaka Íslands, fullyrðir að ekkert hvalkjöt sé komið til Japans héðan frá Íslandi. Hann vitnar þar í opinberar tölur frá því í maí. „Af þeim 1.500 tonnum af afurðum sem Kristján verkaði 2009 eru enn rúmlega 1.100 tonn í frysti hér á landi. Það sýnir hversu tregur japanski markaðurinn er.“

Kristján vildi ekki tjá sig sérstaklega um útflutningstölurnar, en ítrekaði fyrri ummæli sín. „Það er ekkert því til fyrirstöðu að selja hvalkjöt á Japansmarkað.“

Frá því að atvinnuhvalveiðar hófust að nýju árið 2006 hefur Hvalur hf. veitt 139 langreyðar ef veiði þessa árs er talin með og hrefnuveiðimenn 225 dýr. - shá / sjá síðu 12




**VIÐ REYKJAVÍKURTJÖRN** Rangstæðin við Tjörnina eru hluti af umhverfisverkefni bandarísku listakonunnar Natalie Jeremijenko sem sett var upp á Listahátíð á síðasta ári. Verkefnið snerist um að hafa áhrif á umhverfi sitt. Ef til vill hafa borgarbúar áhrif á sitt umhverfi með því að gauka brauðmola að fuglunum á Tjörninni. FRÉTTTABLAÐIÐ/PJETUR

Tollverðir í Kólumbíu:
## Tóku HM-bikar úr kókaíni

**KOLUMBÍA** Tollgæslan á flugvellinum í Bógóta í Kolumbíu lagði um helgina hald á eftirlíkingu af heimsmeistarabikarnum. Að sögn CNN var styttan gerð úr ellefu kílóum af kókaíni. Gripnum var lýst sem gulllitaðri eftirlíkingu í lélegu ástandi. Styttunni sem er 36 sentimetra há var pakkað ásamt nokkrum fótboltabúningum í sendingu sem fara átti til Madrídar á Spáni. Eiturlyfjabikarinn falsaði vó ellefu kíló sem fyrr segir. Fyrirmyndin, sem ítalski listamaðurinn Silvio Gazzaniga hannaði, vegur hins vegar rúm sex kíló. - gar



AGS segir skattkerfið skilvirkt:
## Búið að staga í stærstu götin

**EFNAHAGSMÁL Íslenska skattkerfið er skilvirkt og sambærilegt við kerfið á hinum Norðurlöndunum, að því er fram kemur í niðurstöðum skýrslu Alþjóðagjaldeyrissjóðsins (AGS).**

**„Ég held að skattkerfið fái þarna tiltölulega jákvæða umfjöllun. Það voru göt á kerfinu fyrir hrun og ljóst að það var mjög vanbúið. Nú er búið að taka á því. Þeir sem hafa gagnrýnt skattkerfið fá ekki liðsstyrk í skýrslunni,“ segir Steingrímur Sigfússon fjármálaráðherra um efni skýrslunnar. Hann stefnir á að gera hana opinbera á næstu dögum.** - jab / sjá síðu 6



STEINGRÍMUR J. SIGFÚSSON

Afleysingar fyrir þreytta bændur á áhrifasvæði eldgossins í Eyjafjallajökli:
## Kærkomið að komast af gossvæðinu

**ELDGOS** Afleysingar á áhrifasvæði eldgossins í Eyjafjallajökli hefjast í dag. Tveir menn á vegum Búnaðarsambands Suðurlands, Bændasamtaka Íslands og Félags kúabænda á Suðurlandi munu ferðast milli bæja á svæðinu og leysa bændur af í tvo til sjö daga í senn og ganga í þau verk sem til falla.

„Hugsunin er sú að bændur geti komist í frí,“ segir Sveinn Sigmundsson, framkvæmdastjóri Búnaðarsambands Suðurlands. „Það er búið að vera mikið álag á fólki og svo er náttúrulega ennþá ryk á svæðinu. Þess vegna er líklega kærkomið fyrir bændur að komast í burtu.“

Sveinn segir að afleysingaþjónustan sé meðal annars fjármögnuð með styrktarfé sem norskir bændur í systursamtökum Búnaðarsambandsins hafi aflað.

Afleysingaþjónustan hefur mælst vel fyrir hjá bændum. Byrjað verður á bæjunum Hrútafelli og Þorvaldseyri. „Okkur finnst þetta frábært,“ segir Guðný Valberg bóndi á Þorvaldseyri. Guðný og maður hennar, Ólafur Eggertsson, verða áfram á Þorvaldseyri en segja afleysingaþjónustuna kærkomna hjálp. „Við ætlum samt að sinna bústörfunum áfram.“ - mmf


muundu eftir mjólkinni!
Muu

TENGI
STURTUBARKAR
150 cm





Tilboð Kr. 995,-
TILBOÐ VIKUNNAR
Smiðjuvegi 76 Kópavogi Sími 414 1000
Baldursnesi 6 Akureyri Sími 414 1050

## SPURNING DAGSINS



*Helgi, komstu í hlaðið á hvítum hesti?*

„Já og ég söng og fagnaði góðum gesti.“

Tónlistarmaðurinn Helgi Björnsson sendi nýverið frá sér plötuna Þú komst í hlaðið, ásamt hljómsveitinni Reiðmenn vindanna.

Samtök samkynhneigðra í Ástralíu óska eftir stuðningi Jóhönnu Sigurðardóttur:

# Vilja brúðkaup samkynhneigðra

**SAMFÉLAGSMÁL** Áströlsk samtök samkynhneigðra hafa sent Jóhönnu Sigurðardóttur forsætisráðherra bréf og óskað eftir því að hún hjálpi þeim í baráttunni við lögleiðingu hjónabanda samkynhneigðra þar í landi.

Alex Greenwich, sem fer fyrir samtökunum, skrifar undir bréfið til Jóhönnu. Hann óskar forsætisráðherra til hamingju með ný hjúskaparlög, sem tóku gildi 27. júní síðastliðinn. Með gildistöku þeirra verða eftirleiðis ein samræmd hjúskaparlög í landinu óháð kynferði. Jóhanna gekk að eiga Jónínu Leósdóttur sama dag og lögin tóku gildi.



**JÓHANNA SIGURÐARDÓTTIR**

Netmiðillinn IceNews hefur eftir Greenwich að Julia Gillard, sem nýverið settist í stól forsætisráðherra Ástralíu, hafi í útvarpsviðtali á dögunum sagt núgildandi lög um hjónaband eiga aðeins að ná til karls og konu. Ríkisstjórnin sé að skoða aðrar leiðir til að jafna hlut samkynhneigðra. Greenwich bendir á að það sé í andstöðu við vilja landsmanna en sextíu prósent Ástrala munu hlynnt því að samkynhneigðir fái að ganga í hjónaband.

Forsætisráðherra hefur verið í fríi frá því að lögin tóku gildi og hefur erindi áströlsku samtakanna ekki verið svarað. Líklegt er að það verði gert fljótlega, samkvæmt upplýsingum Fréttablaðsins úr stjórnarráðinu. **- jab**

Rannsókn á Grundartanga:

## Alþjóðleg nefnd rannsakar slys

**STÓRIÐJA Alþjóðleg rannsóknarnefnd kemur til landsins í dag til að rannsaka banaslysið sem varð í járnblendiverksmiðjunni á Grundartanga síðastliðinn þriðjudag.**

**Einar Þorsteinsson, framkvæmdastjóri járnblendiverksmiðjunnar, sagði í samtali við Vísi.is í gær að vonast væri til að fá betri upplýsingar um orsakir slyssins þegar líður á vikuna.**

**Járnblendiverksmiðjan á Grundartanga rekur þrjá ofna. Búið er að einangra þetta atvik við þennan eina ofn en hinir tveir eru komnir í fulla framleiðslu aftur. - mmf**

Þung umferð síðdegis í gær:

## Tveir árekstrar við Hveragerði

**LÖGREGLUMÁL** Umferð þyngdist töluvert í umdæmi lögreglunnar á Selfossi eftir hádegið í gær.

Tveir árekstrar urðu á hringtorginu við Hveragerði seinni partinn. Annar áreksturinn var milli tveggja bíla en hinn var fjögurra bíla árekstur. Að sögn varðstjóra hjá lögreglunni á Selfossi sakaði engan.

Töluverð umferð var seinni partinn hjá lögreglunni í Borgarnesi en að sögn lögreglunnar gekk hún vel.

Umferð hjá lögreglunni á Blönduósi gekk vel og tók að minnka eftir því sem líða tók á kvöld. **- mmf**

# Milljónalaun sögð of góð fyrir bæjarstjóra

**Bæjarstjórinn í Hveragerði nýtur launa og hlunninda sem nema 1.050.000 krónum á mánuði segir minnihlutinn sem gagnrýnir sex mánaða biðlaunarétt og greiðslur fyrir akstur og yfirvinnu á öðrum kjörum en aðrir bæjarstarfsmenn njóti.**

**SVEITARFÉLÖG** Minnihluti A-listans í bæjarstjórn Hveragerðis segir laun Aldísar Hafsteinsdóttur bæjarstjóra vera of há.

Nýr ráðningarsamningur við Aldísi var ræddur á bæjarstjórnarfundi á þriðjudag. Minnihlutinn benti á að samkvæmt honum yrðu laun og hlunnindi Aldísar um 1.050.000 krónur á mánuði.

Minnihlutinn kveðst ekki gera athugasemdir við 487 þúsund króna grunnlaun bæjarstjórans en segir honum ætluð önnur réttindi og starfskjör sem séu umfram það sem aðrir starfsmenn bæjarins fái. „Sem er fullkomlega óeðlilegt og mismunun við aðra starfsmenn,“ segir í bókun minnihlutans.

Aldís Hafsteinsdóttir segir ráðningarsamninginn nú sambærilegan við fyrri samning. Breytingin sé aðallega sú að nú greiði bærinn ekki bifreið fyrir bæjarstjórann heldur borgi aksturspeninga. Þetta muni bærinn væntanlega þurfa að greiða minna í bifreiðakostnað að bæjarstjóra en áður. Þess utan lækki hún um tvo launaflokka.

> Sveitarstjórar í Hveragerði hafa verið í hópi lægst launuðu sveitarstjóra.“
>
> **ALDÍS HAFSTEINSDÓTTIR** BÆJARSTJÓRI Í HVERAGERÐI

Gagnrýni fulltrúa A-listans beinist að því að bæjarstjóri fái greiddar 72 klukkustundir í fasta yfirvinnu alla mánuði ársins, greiddan bílastyrk fyrir 1.300 kílómetra akstur á mánuði og skuli eiga rétt á sex mánaða biðlaunum. Sérstaklega óeðlilegt sé að bæjarstjóri fái yfirvinnu og akstursgreiðslur á orlofstíma.

Meirihluti D-listans sagði gagnrýni A-listans ranga og misvísandi og felldi tillögu minnihlutans um að bæjarstjórinn fengi aðeins greitt fyrir þá yfirvinnu sem hann vinni eða þá að taka yfirvinnutíma sem frí. Sömuleiðis var fellt að hann fengi greiddan bílastyrk í samræmi við akstursbók eins og aðrir bæjarstarfsmenn og að biðlaunarétturinn yrði þrír mánuðir í stað sex mánaða.

„Það hefur verið könnun á kjörum sveitarstjóra á vegum Sambands íslenskra sveitarfélaga sem sýnir að sveitarstjórar í Hveragerði hafa verið í hópi lægst launuðu sveitarstjóra í sveitarfélögum af okkar stærðargráðu,“ segir Aldís sem gefur lítið fyrir þá tillögu minnihlutans að hún taki yfirvinnu út í fríum. „Ég held að flestir sem þekkja störf bæjarstjóra viti að hann er alltaf á vaktinni og það væri fátt um vinnudaga ef ég ætti að taka yfirvinnuna út í fríum.“ **gar@frettabladid.is**



**ALDÍS HAFSTEINSDÓTTIR** Bæjarstjórn hefur endurnýjað ráðningarsamning við Aldísi Hafsteinsdóttur bæjarstjóra. Minnihlutinn er ósáttur við að Aldís njóti ríflegra kjara miðað við aðra bæjarstarfsmenn sem tekið hafi á sig skerðingar. MYND/EGILL BJARNASON



**ATKVÆÐI GREITT** Mexíkósk kona greiðir atkvæði í kosningum gærdagsins í Mexíkó. NORDICPHOTOS/AFP

Kosningar í Mexíkó:

## Morð í aðdraganda kosninga

**MEXÍKÓ Kosningar til ríkis- og borgarstjóra eru hafnar í nærri helmingi ríkja Mexíkó.**

**Ofbeldi og ógnanir hafa varpað skugga á kosningarnar þar sem tveir frambjóðendur hafa verið myrtir í kosningabaráttunni.**

**Fréttaritarar breska ríkisútvarpsins segja kosningabaráttuna þá blóðugustu í meira en fimmtán ár.**

**Litið er á kosningarnar sem óopinbera þjóðaratkvæðagreiðslu um baráttu forsetans Felipe Calderón gegn ofbeldi tengdu fíkniefnum. Um fimm þúsund dauðsföll hafa verið tengd við fíkniefni í ár. - mmf**



**NÝI SÍMINN** Steve Jobs, forstjóri Apple, kynnti nýja iPhone-farsímann í byrjun júní. FRÉTTABLAÐIÐ/AP

Selst eins og heitar lummur:

## iPhone sá besti í sögu Apple

**TÆKNI Markaðssetning nýja iPhone-farsímans frá Apple er sú besta í sögu fyrirtækisins. Þetta kemur fram í tilkynningu sem Apple sendi frá sér á föstudag.**

**Síminn kom á markað fyrir rúmri viku og hefur selst í um tveimur milljónum eintaka.**

**Í tilkynningu Apple er lýst yfir furðu á kvörtunum um lélegt talsamband símans og meintan galla á loftneti hans. Þar kemur fram að galli sé í símunum sem sýnir styrk talsambands. Síminn sýni betri skilyrði en þau raunverulega eru. Skekkjan verður löguð með uppfærslu á hugbúnaði á næstu vikum. - jab**

Svört spá Landsbankans:

## Sjá fyrir hrun í fasteignaverði

**FASTEIGNIR** Fasteignaverð á höfuðborgarsvæðinu mun hrynja á næstu árum niður í 150 þúsund krónur á fermetra úr um 220 þúsund krónum sem það er í dag að meðaltali, ef eftir ganga spár sérfræðinga Landsbankans.

Eins og fram kom í kvöldfréttum Stöðvar tvö gat nýi Landsbankinn, með því að spá svo lágu verði, yfirtekið lánasafn gamla Landsbankans með talsverðum afslætti. Þegar fasteignalán voru því færð úr gamla Landsbankanum í þann nýja voru þessar sömu spár notaðar til að réttlæta allt að 75 prósenta afslátt á fasteignalánunum. **- rat**



Oddi – umhverfisvottuð prentsmiðja. Höfðabakka 7, 110 Reykjavík, sími 515 5000, www.oddi.is

Skilanefndir bankanna íhuga skaðabótamál á hendur íslenska ríkinu:

# Biður kröfuhafa afsökunar

**VIÐSKIPTI** „Ég get ekki annað en beðið kröfuhafa afsökunar. Maður getur ekki verið stoltur þegar lagasetning á lánafyrirkomulagi sem hefur viðgengist í níu ár er dæmd ólögmæt,“ segir Árni Tómasson, formaður skilanefndar Glitnis.

Skilanefndin hefur kannað réttarstöðu sína eftir dóm Hæstaréttar fyrir rúmum hálfum mánuði og hefur skoðað grundvöll þess að höfða skaðabótamál á hendur ríkinu vegna forsendubrests í samningum. Við flutning á eignum Glitnis til Íslandsbanka var ekki gert ráð fyrir kostnaði vegna ólögmætra gengistryggðra lána. Skilanefnd Kaupþings er í sömu sporum, að sögn fréttastofu Stöðvar 2. Skilanefnd Glitnis á 95 prósenta hlut í Íslandsbanka en skilanefnd Kaupþings á 87 prósenta hlut í Arion banka.

Árni bendir á að kröfuhafar Glitnis hafi tapað á milli fimmtán hundruð til tvö þúsund milljörðum króna á falli bankans og séu mjög ósáttir.

Skilanefndin hefur reiknað út hugsanlegan kostnað bankans í tengslum við dóm Hæstaréttar og miðast hann við ýmsar hugsanlegar niðurstöður. Árni segir erfitt að gefa upp tölur. Það geti orðið dýrkeypt komist Hæstiréttur að þeirri niðurstöðu að ólögmæt gengislán nái til íbúðalána og fyrirtækjalána og láti samningsvexti standa. **- jab**



**ÁRNI TÓMASSON** Kröfuhafar Glitnis eru mjög ósáttir vegna dóms Hæstaréttar í gengislánamálinu, að sögn formanns skilanefndar Glitnis. FRÉTTABLAÐIÐ/STEFÁN




1 **1.190 kr./mán.**
**Huawei U1250**
0 kr. út og 1.190 kr. á mán. í 12 mán.
1.000 kr. notkun á mán. í 12 mán. fylgir.
**12.990 kr./stgr.**

2 **1.890 kr./mán.**
**Huawei U7510**
0 kr. út og 1.890 kr. á mán. í 12 mán.
1.000 kr. notkun á mán. í 12 mán. fylgir.
**19.990 kr./stgr.**

3 **1.890 kr./mán.**
**Nokia 2730 Classic**
0 kr. út og 1.890 kr. á mán. í 12 mán.
1.000 kr. notkun á mán. í 12 mán. fylgir.
**19.990 kr./stgr.**

4 **2.190 kr./mán.**
**LG KU990i**
0 kr. út og 2.190 kr. á mán. í 12 mán.
1.000 kr. notkun á mán. í 12 mán. fylgir.
**24.990 kr./stgr.**

5 **2.590 kr./mán.**
**Nokia 7230**
0 kr. út og 2.590 kr. á mán. í 12 mán.
1.000 kr. notkun á mán. í 12 mán. fylgir.
**29.990 kr./stgr.**

6 **2.890 kr./mán.**
**Nokia 5230**
0 kr. út og 2.890 kr. á mán. í 12 mán.
1.000 kr. notkun á mán. í 12 mán. fylgir.
**33.990 kr./stgr.**

7 **3.990 kr./mán.**
**Nokia 6730**
0 kr. út og 3.990 kr. á mán. í 12 mán.
2.000 kr. notkun á mán. í 12 mán. fylgir.
**43.990 kr./stgr.**

8 **3.990 kr./mán.**
**LG Optimus GT540**
0 kr. út og 3.990 kr. á mán. í 12 mán.
1.000 kr. notkun á mán. í 12 mán. fylgir.
**44.990 kr./stgr.**

9 **6.390 kr./mán.**
**HTC Desire**
0 kr. út og 6.390 kr. á mán. í 18 mán.
1.000 kr. notkun á mán. í 18 mán. fylgir.
**109.990 kr./stgr.**

10 **6.990 kr./mán.**
**HTC Legend**
0 kr. út og 6.990 kr. á mán. í 18 mán.
1.000 kr. notkun á mán. í 18 mán. fylgir.
**119.990 kr./stgr.**

11 **8.690 kr./mán.**
**iPhone 3GS**
0 kr. út og 8.690 kr. á mán. í 18 mán.
1.000 kr. notkun á mán. í 18 mán. fylgir.
**139.990 kr./stgr.**

NOVA

Verslanir Nova eru í Kringlunni, Smáralind, Lágmúla, Glerártorgi Akureyri og MM Selfossi
Þjónustuver 519 1919 | **www.nova.is** | **m.nova.is** | Facebook | Twitter

Mánaðarleg afborgun greidd með kreditkorti + 250 kr. /mán. greiðslugjald.
Staðgreitt: Þá þarf ekki kreditkort. Það er ódýrara að staðgreiða!

**GENGIÐ 02.07.2010**

| GJALDMIÐLAR | KAUP | SALA |
|---|---|---|
| Bandaríkjadalur | 125,04 | 125,64 |
| Sterlingspund | 190,03 | 190,95 |
| Evra | 156,38 | 157,26 |
| Dönsk króna | 20,989 | 21,111 |
| Norsk króna | 19,368 | 19,482 |
| Sænsk króna | 16,35 | 16,446 |
| Japanskt jen | 1,4262 | 1,4346 |
| SDR | 186,47 | 187,59 |

GENGISVÍSITALA KRÓNUNNAR
212,4388

HEIMILD: Seðlabanki Íslands

Tímamótadómur í Bandaríkjunum bannar málsóknir ótengdar landinu:

# Hefur tæpast áhrif á mál Glitnis

**DÓMSMÁL** Hæstiréttur Bandaríkjanna hefur úrskurðað að erlendir fjárfestar geti ekki sótt mál þar í landi á hendur erlendum fyrirtækjum fyrir hlutabréfaviðskipti á erlendum mörkuðum.

Þykir dómurinn marka tímamót, enda hafði það færst í vöxt að fjárfestar utan Bandaríkjanna, einkum frá Evrópu, sem töldu sig hafa verið hlunnfarna í hlutabréfaviðskiptum, nýttu sér bandaríska löggjöf um hópmálsóknir til að sækja málin þar í landi. Málum sem þessum verður framvegis vísað frá dómi og stefnendum gert að höfða málið í heimalandi sínu.



STEINUNN GUÐBJARTSDÓTTIR

Slitastjórn og skilanefnd Glitnis hafa höfðað mál á hendur sjö fyrrverandi eigendum og stjórnendum Glitnis í Bandaríkjunum. Sjömenningarnir eru krafðir um sem nemur 260 milljörðum íslenskra króna fyrir að hafa staðið að meintu samsæri um að svíkja lánsfé út úr bankanum til að nota í eigin fyrirtæki.

Steinunn Guðbjartsdóttir, formaður slitastjórnarinnar, hafði ekki kynnt sér dóm Hæstaréttar Bandaríkjanna en sagðist við fyrstu sýn telja að hann hefði ekki áhrif á málareksturinn gegn Glitni. Hann væri vegna skuldabréfaútboðs í Bandaríkjunum og meint brot sjömenninganna beindust því gegn hagsmunum bandarískra lögaðila. Málið yrði hins vegar skoðað gaumgæfilega. - sh

Borgin segir árangur góðan:

# Styttri raðir eftir beygjubann

**SAMGÖNGUMÁL** Dregið hefur úr myndun raða við gatnamót Reykjanesbrautar og Bústaðavegar eftir að vinstri beygja var bönnuð þar á álagstímum. Þetta segir á vef Reykjavíkurborgar.

Ástandið var verst síðdegis. Teygðu biðraðir sig þá eftir Sæbrautinni og inn á Miklubraut, sem olli töfum og slysahættu.

Bannað er að beygja til vinstri af Bústaðavegi út á Reykjanesbraut á morgnana og síðdegis virka daga en áfram er leyft að taka þessa beygju um helgar. - þeb



**UMHVERFISRÁÐHERRA** Opnaði Surtseyjarstofu, gestastofu fyrir friðlandið Surtsey, í Vestmannaeyjum. MYND/ÓSKAR

Surtseyjarstofa opnuð:

# Hýsir sýningar og fróðleik

**UMHVERFISMÁL** Svandís Svavarsdóttir umhverfisráðherra opnaði Surtseyjarstofu í Vestmannaeyjum á föstudag. Surtseyjarstofa er gestastofa fyrir friðlandið Surtsey en þar er að finna fróðleik um friðlandið og heimsminjasvæðið Surtsey.

Einnig er þar til húsa skrifstofa Umhverfisstofnunar í Vestmannaeyjum og Surtseyjarsýning sem byggð er á sýningu Náttúrufræðistofnunar Íslands frá árinu 2007 þegar Surtsey var tilnefnd á heimsminjaskrána.

Surtsey var friðlýst árið 1965 í þágu rannsókna og náttúruverndar. - rat

## LÖGREGLUFRÉTTIR

### Fíkniefni á Írskum dögum

Skemmtanahald fór vel fram á Írskum dögum á Akranesi um helgina. Einn var tekinn með innan við gramm af fíkniefnum til eigin neyslu en var látinn laus að lokinni skýrslutöku.

### Enginn slasaðist

Engin meiðsl urðu á fólki þegar bíll með fjórum ungmennum lenti utan vegar á Skagastrandarvegi klukkan hálf fimm aðfaranótt sunnudags. Bíllinn er þó mjög illa farinn.

# Komorowski næsti forseti Póllands

**Annarri umferð forsetakosninganna í Póllandi lauk í gærkvöldi. Búist er við lokatölum í dag. Ef marka má útgönguspár fór Bronislaw Komorowski með sigur af hólmi gegn Jaroslaw Kaczynski, tvíburabróður fyrrverandi forseta.**

**PÓLLAND, AP** Bronislaw Komorowski verður næsti forseti Póllands ef marka má útgönguspár. Í gær fór fram önnur umferð forsetakosninganna í Póllandi. Búist er við lokatölum í dag.

Kosið var milli þeirra tveggja frambjóðenda sem flest atkvæði fengu í fyrri umferðinni sem fór fram fyrir hálfum mánuði, þeirra Bronislaw Komorowski sem hlaut þá 41,5 prósent atkvæða og Jaroslaw Kaczynski sem hlaut 36,5 prósent.

Komorowski hefur gegnt forsetaembættinu frá því að Lech Kaczynski forseti fórst í flugslysi 10. apríl síðastliðinn ásamt eiginkonu sinni og 94 öðrum. Mótframbjóðandi hans, Jaroslaw Kaczynski, er fyrrverandi forsætisráðherra og tvíburabróðir Kaczynski forseta.

„Í kvöld opnum við litla flösku af kampavíni og á morgun opnum við stóra flösku,“ sagði Komorowski er hann ávarpaði fagnandi flokksfélaga sína í Varsjá í gærkvöldi. Hann lýsti þó ekki yfir formlegum sigri þar sem enn væri verið að telja atkvæði en leyfði sér að vera bjartsýnn. Jaroslaw Kaczynski virtist einnig að sama skapi ekki reikna með sigri en hann sagðist í gær „óska sigurvegaranum til hamingju og óska þá Bronislaw Komorowski til hamingju“.

Strax á fyrstu fimm klukkutímum kosninganna höfðu um 27 prósent kosningabærra manna skilað atkvæði sínu en um 30 milljónir hafa kosningarétt af 38 milljónum íbúa Póllands.



**BJARTSÝNN Á SIGUR** Bronislaw Komorowski ávarpar flokksfélaga sína í gærkvöldi þegar það þótti ljóst að hann færi með sigur af hólmi í forsetakosningunum. NORDIC PHOTOS/AFP

> Í kvöld opnum við litla flösku af kampavíni og á morgun opnum við stóra flösku.“
>
> **KOMOROWSKI** VERÐANDI PÓLLANDSFORSETI

Ljóst var frá upphafi að mjótt yrði á munum en Komorowski nýtur vinsælda sem traustur og friðelskandi leiðtogi. Flokkur hans hefur stýrt Póllandi gegnum efnahagsþrengingarnar sem dunið hafa á heimsbyggðinni undanfarin misseri, án þess að efnahagur landsins hafi hrunið. Hann hefur einnig sagst munu vinna náið með ríkisstjórn Donalds Tusk, forsætisráðherra að upptöku evrunnar innan fimm ára og draga allt pólskt herlið frá Afganistan fyrir árið 2012.

Kaczynski þykir aftur á móti harðfylginn og ríkisstjórnartíð hans á árunum 2006 til 2007 þótti skipulagslaus. Skoðanakannanir sýndu þó aukið fylgi við hann síðustu daga sem skrifaðar voru á samúð vegna dauða bróður hans.

heida@frettabladid.is

Tillaga forsetans samþykkt:

# Bann við akstri undir áhrifum

**RÚSSLAND Neðri deild rússneska þingsins hefur samþykkt algjört bann við akstri undir áhrifum áfengis. Það þýðir að ekkert áfengi má finnast í blóði ökumanna.**



DMITRY MEDVEDEV

**Dmitry Medvedev forseti kallaði eftir banninu í desember síðastliðnum. Hann sagði þá að ef lítið magn af áfengi væri leyft hvetti það fólk til þess að drekka meira. Búist er við því að efri deildin samþykki bannið líka og því verði tillagan að lögum.**

**Yfir tvö þúsund manns létust og átján þúsund slösuðust í bílslysum sem rekja má til ölvunaraksturs í Rússlandi á síðasta ári.** - þeb

Vodafone stefnir ríkinu:

# Símanum sagt hyglað af ríkinu

**FJARSKIPTI** Vodafone hefur stefnt Fjarskiptasjóði ríkisins og Símanum vegna samnings á milli þessara aðila um háhraðanettengingar í dreifðum byggðum landsins.

Lægsta tilboð í verkið barst frá Símanum og hljóðaði upp á 378 milljónir. Þegar samningurinn var undirritaður var samningsupphæðin 606 milljónir. Samningurinn tryggir Símanum einkarétt á að veita þjónustu um þann búnað sem settur er upp.

Vodafone telur að samningurinn feli efnislega í sér verulegar ívilnanir af almannafé fyrir einn aðila á fjarskiptamarkaði og raski verulega samkeppni. - mmf

Útsala
38 þrep

## VEÐURSPÁ



Elísabet Margeirsdóttir veðurfréttamaður

**HVESSIR ANNAÐ KVÖLD** Það verður víða hægviðri á landinu í dag en á morgun verður nokkuð kröpp lægð fyrir sunnan land og fáum við þá heldur hvassa norðaustanátt með dágóðum skammti af vætu, einkum um landið suðaustanvert.




**Á MORGUN** Vaxandi NA-átt um kvöldið.

**MIÐVIKUDAGUR** Stíf NA-átt NV- og SA-lands, annars hægari.

**HEIMURINN**

| | |
|---|---|
| Alicante | 28° |
| Basel | 28° |
| Berlín | 30° |
| Billund | 22° |
| Frankfurt | 30° |
| Friedrichshafen | 27° |
| Gautaborg | 21° |
| Kaupmannahöfn | 21° |
| Las Palmas | 22° |
| London | 21° |
| Mallorca | 25° |
| New York | 35° |
| Orlando | 30° |
| Ósló | 21° |
| París | 24° |
| San Francisco | 21° |
| Stokkhólmur | 23° |

Vindhraði er í m/s.
Hitastig eru í °C.
Gildistími korta er um hádegi.

**AUGLÝSINGADEILDIR FRÉTTABLAÐSINS – AUGLÝSINGASTJÓRI:** Jón Laufdal *jonl@frettabladid.is* **ALMENNAR SÍMI 512-5401:** Hendrik Sigurðsson *hendrik@frettabladid.is*, Guðmundur Steinsson *gudmundurs@365.is*, Laila Awad *laila@365.is*, Örn Geirsson *orn.geirsson@365.is*, Hjördís Zoëga *hjordis@frettabladid.is*
**ALLT SÍMI 512-5402:** Jóna María Hafsteinsdóttir *jmh@365.is*, Henný Árnadóttir *henny@365.is*, Þórdís Hermannsdóttir *thordish@365.is* **SÉRBLÖÐ SÍMI 512-5016:** Sigríður Sigurbjörnsdóttir *sigridurdagny@365.is*, Hlynur Þór Steingrímsson *hlynurs@365.is*, Bjarni Þór Sigurðsson *bthor@365.is*, Benedikt Freyr Jónsson *benediktj@365.is*
**RAÐAUGLÝSINGAR /FASTEIGNIR SÍMI 512-5403:** Hrannar Helgason *hrannar@365.is*, Viðar Ingi Pétursson *vip@365.is* **ÞJÓNUSTUAUGLÝSINGAR SÍMI 512-5407:** Sigrún Helga Guðmundsdóttir *sigrunh@365.is*, Arna Rut Kristinsdóttir *arnarut@365.is*




# ÞEGAR VIÐ FERÐUMST LÆRUM VIÐ SVO MARGT

**TIL DÆMIS AÐ MATURINN HENNAR MÖMMU ER EKKI ALLTAF BESTUR.**

Eitt af því sem fullkomnar ferðalagið er að borða góðan mat. Og jafnvel þótt maturinn sé ekki góður þá er framandi málsverður á ókunnum stað hluti af lífsreynslunni sem maður öðlast á ferðalagi.

Og þegar heim er komið hefur heimurinn stækkað og er kannski aðeins skemmtilegri. En það er sama hvert við ferðumst, hversu langt, hvenær við komum til baka:

**VIÐ ERUM FRÁ ÍSLANDI**

ICELANDAIR

ÍSLENSKA SIA.IS ICE 49714 06/10

**KJÖRKASSINN**



*Ferðaðist þú um landið um helgina?*

| | |
|---|---|
| Já | 18,1% |
| Nei | 81,9% |

**SPURNING DAGSINS Í DAG**

*Hefur þú borðað hvalkjöt?*

Segðu þína skoðun á visir.is

visir



**LANDSLIÐIÐ Í BRIDDS** Íslenska liðið vann sér inn rétt til að taka þátt í heimsmeistaramótinu sem fram fer haustið 2011 í Hollandi.

Evrópumótinu í bridds lokið:

## Íslendingar í fjórða sæti

**BRIDDS** Íslenska landsliðið í bridds endaði í 4. sæti Evrópumótsins í ár. Mótinu lauk nú í gær. Íslenska liðið vann sinn síðasta leik 19 gegn 11 á móti Rússum og fengu 289 stig á mótinu.

Ítalir urðu Evrópumeistarar í ár með 314 stig. Pólverjar urðu í 2. sæti með 308 stig og Ísraelar í því 3ja með 304,5 stig.

Íslenska liðið mun spila á heimsmeistaramótinu sem haldið verður í Hollandi haustið 2011. Ísland hefur einu sinni áður komist á heimsmeistaramót. Það var árið 1991 í Yokohama og urðu Íslendingar þá heimsmeistarar. - rat

Óhefðbundinn vegfarandi:

## Nakinn maður húkkar sér far

**LÖGREGLUMÁL Margar tilkynningar bárust um aðfinnsluvert ökulag ökumanna í umdæmi lögreglunnar á Selfossi um helgina.**

**Lögreglan fékk einnig tilkynningu um nakinn mann sem var að húkka sér far á Suðurlandsvegi við Selfoss um klukkan sjö á laugardagskvöld. Þegar lögreglumenn komu á staðinn var engan nakinn mann að sjá. Að sögn vakthafandi varðstjóra er ekki vitað hvort tilkynningin hafi verið gabb eða hvort einhver hafi tekið manninn upp í. Aðrar tilkynningar snerust um glæfralegan akstur og að ökutæki rásuðu á vegi. - mmf**

Þingmenn Framsóknar krefjast svara vegna tilmæla Seðlabanka og FME:

# Spyrja um ábyrgð á uppgjöri

**EFNAHAGSMÁL** Eygló Harðardóttir og Birkir Jón Jónsson, þingmenn Framsóknarflokksins, óskuðu á fimmtudag eftir fundi í efnahags- og skattanefnd og viðskiptanefnd um tilmæli Seðlabankans og Fjármálaeftirlitsins til fjármálafyrirtækja um endurútreikning myntkörfulána.

Orðið hefur verið við ósk þingmannanna og gert er ráð fyrir fundi í dag. Þar munu Gylfi Magnússon viðskiptaráðherra, Arnór Sighvatsson aðstoðarseðlabankastjóri, og Gunnar Þ. Andersen, forstjóri



EYGLÓ HARÐARDÓTTIR

FME, mæta til að svara spurningum þingmannanna auk þeirra Gísla Tryggvasonar, talsmanns neytenda, Friðriks Ó. Friðrikssonar frá Hagsmunasamtökum heimilanna og fleirum. Þingmennirnir spyrja um hver beri ábyrgð á því að ekki var tekið tillit til þess við uppgjör nýju og gömlu bankanna að erlendu lánin gætu verið ólögmæt. „Sú staðreynd virðist hafa skert umtalsvert verðmæti eignasafns nýju bankanna," segir Eygló. „Löngu áður en gengið var frá uppgjörinu, og þá sérstaklega á milli gamla Landsbankans og NBI, var búið að benda stjórnvöldum á vafaatriði um lögmæti þessara lána. Stjórnvöld völdu að hunsa það. Ef rétt er að núna geti íslenska ríkið þurft að greiða 100 milljarða aukalega inn í bankakerfið, þá sérstaklega NBI, þá hlýtur einhver að axla ábyrgð á því." - shá

Aukin sala framleiðsluvara:

## Seldum fyrir 574 milljarða

**IÐNAÐUR** Verðmæti seldra framleiðsluvara árið 2009 var 574 milljarðar króna. Það er 28 milljörðum króna meira en árið 2008. Þetta kemur fram á vef Hagstofu Íslands. Framleiðsla fiskafurða og framleiðsla á málmum vegur þyngst, fiskafurðirnar námu 34,8 prósentum af heildarverðmætinu og málmarnir 33,4 prósentum. Verðmæti seldra framleiðsluvara árið 2009 án fiskafurða og framleiðslu málma nam tæplega 183 milljörðum króna og dróst saman um 4 milljarða frá fyrra ári. - kóp

# Íslenska skattkerfið er skilvirkt segir AGS

**Breytingar á skattkerfinu eru jákvæðar, að mati Alþjóðagjaldeyrissjóðsins. „Ég er tiltölulega ánægður," segir fjármálaráðherra, sem telur skattkerfið hafa verið vanbúið og götótt fyrir hrun. Hann vonast til að skýrslan verði birt fljótlega.**

**EFNAHAGSMÁL** Íslenska skattkerfið er í grunninn skilvirkt og hafa breytingar bætt úr göllum sem á því voru. Á móti þykir hluti skattkerfisins flókinn og bjóða upp á skattaundanskot.

Þetta er á meðal þess helsta sem fram kemur í óbirtri skýrslu Alþjóðagjaldeyrissjóðsins (AGS) um íslenska skattkerfið. Ýmsar ábendingar er að finna í skýrslunni, svo sem um það hvernig styrkja megi skattstofna.

> Ég er tiltölulega ánægður með skýrsluna. Hún er vönduð og inniheldur góðar ábendingar. Ég held að skattkerfið fái þarna tiltölulega jákvæða umfjöllun."
>
> STEINGRÍMUR J. SIGFÚSSON FJÁRMÁLARÁÐHERRA

Eftir því sem næst verður komist mun AGS ekki hafa afskipti af breytingum á skattkerfinu svo lengi sem þær stangist ekki á við efnahagsáætlun AGS og stjórnvalda og séu liður í því að grynnka á skuldum hins opinbera.

Starfshópur á vegum fjármálaráðuneytis sem á að leggja fram heildartillögur að breytingum á skattkerfinu fyrir árslok mun hafa skýrslu AGS til hliðsjónar. Gert er ráð fyrir að tillögurnar bæti afkomu ríkissjóðs í samræmi við áætlun um jöfnuð í ríkisfjármálum en miði um leið að því að dreifa skattbyrði með sanngjörnum hætti og hlífa tekjulágum við skattahækkunum.



**STEINGRÍMUR J.** Skattkerfið var vanbúið og götótt fyrir banka- og gengishrunið. Búið er að staga í helstu göt og verður það bætt á nýju ári, að sögn fjármálaráðherra. FRÉTTABLAÐIÐ/GVA

Steingrímur J. Sigfússon fjármálaráðherra, segist tiltölulega ánægður með skýrsluna. Hún sé vönduð og innihaldi góðar ábendingar.

„Ég held að skattkerfið fái þarna tiltölulega jákvæða umfjöllun. Það voru göt á kerfinu fyrir hrun og ljóst að það var mjög vanbúið. Nú er búið að taka á því. Ýmislegt er þó enn ógert. En skattkerfið er skilvirkt og þjónar tilgangi sínum. Þeir sem hafa gagnrýnt skattkerfið fá ekki liðsstyrk í skýrslunni," segir fjármálaráðherra.

Hópur sérfræðinga AGS kom til Íslands að ósk á fjármálaráðherra í vor og gerði ítarlega úttekt á skattkerfinu. Skattkerfið hér var borið saman við önnur lönd og gerðar tillögur að breytingum. Steingrímur fékk helstu niðurstöður í hendur í maí og gerði þá ríkisstjórn grein fyrir þeim.

AGS leit á skýrsluna sem vinnuskjal fyrir stjórnsýsluna og varð Steingrímur að óska eftir því sérstaklega að hún yrði gerð opinber. Hann fékk endanlega gerð skýrslunnar í hendur fyrir stuttu. „Ég reikna með að hún verði birt á næstu dögum," segir ráðherra.

jonab@frettabladid.is

Skoðanakönnun í Reykjavík:

## Nýr meirihluti með mikið fylgi

**BORGARMÁL Meirihluti Besta flokksins og Samfylkingarinnar í borgarstjórn Reykjavíkur nýtur stuðnings 71 prósents borgarbúa. Þetta kemur fram í nýrri könnun sem Miðlun ehf. vann fyrir Morgunblaðið á tímabilinu 11. til 28. júní. Meirihlutinn nýtur stuðnings í öllum aldurshópum, þó mestan meðal ungs fólks eða 85,3% stuðnings hjá 18 til 24 ára og 76,6% hjá 25 til 34 ára.**



JÓN GNARR

**Fleiri konur en karlar styðja meirihlutann eða tæp 74% kvenna gegn 68% karla. 680 einstaklingar á aldrinum 18 til 75 ára voru spurðir og tóku 87% afstöðu til spurningarinnar. - rat**

Björgunarsveitir kallaðar út:

## Þrír drukknir syntu yfir Hvítá

**LÖGREGLUMÁL** Þrír ungir menn syntu ölvaðir yfir Hvítá ofan við Iðubrú í Laugarási aðfaranótt sunnudags. Voru mennirnir á tjaldsvæðinu í Laugarási.

Lögreglu barst tilkynning um atvikið klukkustund eftir að þeir höfðu ætlað í sundið.

Björgunarsveitir voru kallaðar út en var snúið við eftir að lögreglan hafði fundið þremenningana heila á húfi. Ungu mennirnir höfðu gengið í um klukkustund þaðan sem þeir komu í land í Auðsholti í Hrunamannahreppi.

Að sögn vakthafandi varðstjóra á Selfossi voru þremenningarnir blautir og kaldir þegar þeir fundust. - mmf




Yfir tvö hundruð fórust þegar eldsneytisflutningabíll sprakk í þorpi í Kongó:

# Reyndu að safna olíu í fötur

**KONGÓ** Talið er að rúmlega 230 manns hafi látið lífið þegar eldsneytisflutningabíll sprakk aðfaranótt laugardags í þorpinu Sange í Kongó.

Meirihluta þeirra sem fórust var komið fyrir í fjöldagröf fyrir utan bæinn af hjálparliðum Rauða krossins. Líkin voru það illa brennd og óþekkjanleg. Samkvæmt talsmanni Sameinuðu þjóðanna lést að minnsta kosti 231 í sprengingunni, þar af 61 barn, og 195 slösuðust.

Flutningabíllinn valt þegar bílstjórinn reyndi að komast fram úr litlum strætisvagni. Tók olía strax að leka úr tanki bílsins.

Slysið varð í grennd við þrjár sjónvarpsmiðstöðvar þar sem hundruð manna höfðu safnast saman til að horfa á heimsmeistarakeppnina í fótbolta. Mikinn fjölda fólks dreif einnig að með allra handa fötur og krukkur til að verða sér úti um olíu þrátt fyrir viðvaranir friðargæsluliða Sameinuðu þjóðanna um eldhættu. Eldurinn braust út innan við klukkustund eftir að slysið varð.

Mikil fátækt hrjáir íbúa Kongó en óstöðugt ástand hefur ríkt í landinu frá stríðslokum árið 2002 en þá hafði geisað stríð þar frá árinu 1996. - rat



**BÍLHRÆÐI** Flutningabíllinn valt þegar bílstjórinn reyndi að komast fram úr litlum strætisvagni. Á þriðja hundrað létust er hann sprakk. NORDICPHOTOS/AFP

HYUNDAI

# NÝR HYUNDAI SMÁBÍLL:

# i20




**Allir bílarnir eru árgerð 2010**

## i20

Í hreinskilni sagt, hversu stóran bíl þarftu í raun og veru? Heimsókn í sýningarsalinn okkar gæti orðið til þess að þú svarir öðruvísi en hingað til. Hyundai i20 er ekta ofursmábíll, sparneytinn og lipur en svo miklu stærri en þú heldur. Komdu og reynsluaktu Hyundai i20, hann á eftir að koma þér á óvart.

Verð frá: **2.450.000 kr.**

**Allar nánari upplýsingar á www.hyundai.is**

## i30

i30 er rúmgóður og vel búinn fjölskyldubíll.

**Verð 2.690.000 kr**



## ix35

ix35 er nýr sportjeppi sem er að slá öll sölumet í Evrópu.

**Verð 4.990.000 kr**



**B&L og Ingvar Helgason**

Sævarhöfða 2 • 110 Reykjavík

525 8000 • www.bl.is • www.ih.is

INGVAR HELGASON

ENNEMM / SIA / NM42716

VEISTU SVARIÐ?



1 Hvaða Íslendingur er stórvinur Mikes Tyson?

2 Hvað heitir eini kalkúnabóndi Íslands?

3 Hversu miklu magni af glingri smygluðu fjórir Rúmenar til landsins?

SVÖR Á SÍÐU 30

Fyrsta dómsmálið vegna tilmæla stjórnvalda um gengistryggð lán farið af stað:

# Lýsing höfðar fyrsta málið

**DÓMSMÁL** Lýsing hefur höfðað fyrsta málið gegn viðskiptavini til að láta reyna á leið stjórnvalda til að gera upp gengistryggð lán miðað við hagstæðustu seðlabankavexti. Málið var þingfest í Héraðsdómi Reykjavíkur á fimmtudag.

Aðilar málsins hafa komið sér saman um að flýta því eins og hægt er en málið fær enga sérstaka flýtimeðferð í héraðsdómi enda þyrfti líkast til að breyta lögum til að það væri hægt. Óvíst er því hvenær niðurstaða fæst í málið.

Í málinu er tekist á um það hvort unnt sé að breyta skilmálum láns eftir á, eins og leið stjórnvalda felur í sér, það er að breyta upphaflegum samningsvöxtum í seðlabankavexti.

Boðaður hefur verið sameiginlegur fundur í viðskiptanefnd og efnahags- og skattanefnd Alþingis á mánudaginn kemur þar sem aðalumræðuefnið er tilmæli Seðlabankans og Fjármálaeftirlitsins um uppgjör gengistryggðu lánanna. Á heimasíðu Alþingis er þess getið að gestir hafi verið boðaðir á fundinn en ekki segir hverjir það eru. **- sh**



**HÉRAÐSDÓMUR REYKJAVÍKUR** Málið hefur þegar verið þingfest en óvíst er hversu langan tíma það mun taka. FRÉTTABLAÐIÐ/VALLI

Bæjarstjórn í Eyjum harðorð:

# Fallið verði frá fyrningarleið

**VESTMANNAEYJAR** Bæjarstjórn Vestmannaeyja skorar á sjávarútvegsráðherra og ríkisstjórnina alla að falla tafarlaust alfarið frá boðaðri fyrningarleið. Bæjarstjórnin segir að þess í stað beri að leita áfram leiða til að efla sjávarútveg í sátt við íbúa sjávarbyggða, starfsmenn greinarinnar og landsmenn alla. „Stjórnvöld eru að vinna gegn hagsmunum sjávarútvegsins og þar með gegn hagsmunum sjávarbyggða með boðaðri fyrningarleið,“ segir í ályktun bæjarstjórnarinnar. **- þeb**



**KÓPAVOGUR** Félagslegum vandamálum hefur fjölgað töluvert. FRÉTTABLAÐIÐ/GVA

Félagsþjónusta Kópavogs:

# 495 fjölskyldur fengu aðstoð

**SAMFÉLAGSMÁL** Alls 495 fjölskyldur í Kópavogi fengu fjárhagsaðstoð hjá Félagsþjónustu bæjarins árið 2009. Árið 2008 var þessi fjöldi 396.

Tilkynningum til barnaverndar hefur einnig fjölgað milli ára, úr 641 í 762. Í ávarpi Aðalsteins Sigfússonar, félagsmálastjóra Kópavogs, í ársskýrslu félagsþjónustunnar, segir að erfitt sé að segja til um hvað valdi en skýringuna megi þó líklega rekja til atvinnuleysis og fjárhagslegra erfiðleika.

Í skýrslunni kemur fram að eftirspurn eftir félagslegri ráðgjöf og fjárhagsaðstoð hafi aukist í kjölfar íslenska efnahagshrunsins. **- mþl**

Áfengi flutt úr sumarhúsum:

# Lýst eftir breiðleitum þjófi

**LÖGREGLUMÁL Breiðleitur maður um tvítugt, með stutt hár og gisnar tennur, braust inn í Gesthús á Selfossi aðfaranótt laugardags að talið er. Gesthús er sumarhúsabyggð á Selfossi. Vitni sá til mannsins koma út úr húsinu og fara í burt á reiðhjóli. Í ljós kom að búið var að taka nokkurt magn af áfengi sem fannst stuttu síðar falið skammt frá húsinu.**

**Í kjölfarið lýsti lögreglan eftir manninum en engar ábendingar höfðu borist lögreglunni seinnipartinn í gær. - mmf**

## ÚKRAÍNA

### AGS lánar Úkraínu

Sendinefnd Alþjóðagjaldeyrissjóðsins hefur mælt með því við stjórn sjóðsins að Úkraína fái lán að andvirði um 1.860 milljarða króna. Lánið verður greitt út á næstu þremur árum. Undanfarin ár hafa Úkraínumenn glímt við hækkandi verðbólgu og minnkandi gjaldeyristekjur sem ógnað hefur stöðugleika í landinu.

## LÖGREGLUFRÉTTIR

### Ölvun við akstur

Einn ökumaður var tekinn fyrir ölvun við akstur í umdæmi lögreglunnar á Snæfellsnesi á tíunda tímanum á laugardagskvöld. Ölvunaraksturinn átti sér stað á Snæfellsnesvegi við Miklaholtssel.

# Samgönguráðuneyti fór gegn lögunum

**Úrskurður samgönguráðuneytisins í stjórnsýslukæru vegna kaupa Akranesbæjar á tölvuþjónustu var ekki í samræmi við lög. Kærandinn vill að ráðuneytið endurskoði úrskurðinn. Hæfi forseta bæjarstjórnar var dregið í efa.**

**STJÓRNSÝSLA** Umboðsmaður Alþingis telur að samgönguráðuneytið hafi ekki farið að lögum þegar það úrskurðaði í stjórnsýslukæru Eyjólfs R. Stefánssonar tölvunarfræðings. Hann kærði ákvörðun Akranesbæjar um að bjóða tölvuþjónustu ekki út heldur semja við fyrirtækið Tölvuþjónustuna SecurStore vorið og sumarið 2008.

Forsaga málsins er sú að bæjaryfirvöld ákváðu að bjóða tölvuþjónustu bæjarins ekki út heldur semja við SecurStore. Það fyrirtæki er að hluta til í eigu Arnars Gunnarssonar, sonar Gunnars Sigurðssonar, þáverandi forseta bæjarstjórnar.

Umboðsmaður Alþingis, Róbert Spanó, telur að málsmeðferð ráðuneytisins hafi verið ábótavant. Það lét hjá líða að óska nægilegra upplýsinga um hæfi forseta bæjarstjórnar. Ekki var óskað upplýsinga um hvort Gunnar hefði haft vitneskju um kaup sonar síns í tölvufyrirtækinu. Þau fóru fram 30. apríl 2008 og fullyrtu bæjaryfirvöld að Gunnar hefði ekki tekið þátt í ákvörðunum um málið eftir það, en endanlega var samþykkt að ganga til samninga við fyrirtækið 15. júní það ár.

„Ég ítreka í þessu samhengi það sem áður er rakið, að 1. mgr. 19. gr. sveitarstjórnarlaga tekur hvort tveggja til hæfis sveitarstjórnarmanns við „meðferð“ og „afgreiðslu“ máls,“ segir í úrskurðinum. Yfirlýsing bæjaryfirvalda ein og sér hafi því ekki verið nægjanleg til að byggja úrskurð ráðuneytisins á henni.

„Af gögnum málsins verður ekki annað ráðið en að samgönguráðuneytið hafi látið hjá líða að óska frekari skýringa Akraneskaupstaðar um framangreind atriði.“

Tölvufyrirtækið Omnis kærði samninginn við SecurStore til kærunefndar útboðsmála, sem taldi bæjaryfirvöld hafa brotið lög og EES-reglur með samningnum.



**AKRANES** Kærunefnd útboðsmála hefur úrskurðað að samningur bæjarins við fyrirtæki sonar forseta bæjarstjórnar sé ólöglegur. Nú hefur umboðsmaður Alþingis úrskurðað að meðferð samgönguráðuneytisins á kæru vegna málsins hafi verið á svig við lög. FRÉTTABLAÐIÐ/PJETUR



**RÓBERT SPANÓ**



**EYJÓLFUR R. STEFÁNSSON**

Samkvæmt gögnum um opinber innkaup var hins vegar ekki hægt að fella samninginn úr gildi, þar sem hann var orðinn bindandi, þrátt fyrir að vera ólögmætur.

Umboðsmaður beinir því, í niðurstöðu sinni, til samgönguráðuneytisins að taka mál Eyjólfs til endurskoðunar, komi fram beiðni þess efnis frá honum og hagi þá meðferð málsins í samræmi við þau sjónarmið sem rakin eru í álitinu.

Eyjólfur segist vera að íhuga alvarlega að fara fram á að ráðuneytið geri svo.

**kolbeinn@frettabladid.is**




Skjáskot af næstu útgáfu Windows-stýrikerfis Microsoft láku á Netið um helgina:

# Fá ýmislegt að láni hjá Apple

**TÆKNI** Skjáskot af því sem sagt er sýna næstu uppfærslu á Windows-stýrikerfinu úr búðum bandaríska hugbúnaðarrisanum Microsoft láku á Netið á dögunum. Þau fóru sem eldur um sinu um netheima í síðustu viku.

Það var ítalskur bloggari sem gengur undir nafninu Windowsetta, sem setti upprunalega skjáskotin á Netið.

Um nokkrar glærur er að ræða. Það sem helst tengir þær við nýtt stýrikerfi er tilvísun í það í horni hverrar glæru.

Nýjasta útgáfa stýrikerfis Microsoft heitir Windows 7 og kom á markað í október í fyrra. Miðað við það sem fram kemur á glærunum sem láku á Netið er reiknað með næstu útgáfu eftir tvö ár. Microsoft hefur ekki vilja staðfesta hvort glærurnar eru raunverulegar eður ei, að sögn netmiðilsins InformationWeek.

Miðað við það sem sést á glærunum fær Microsoft að láni nokkrar af lausnum keppinautarins Apple. Ein þeirra er netverslunin Windows App Store, sem gerir netverjum kleift að kaupa hugbúnað með svipuðum hætti og notendur Apple-tækja hafa getað gert í tvö ár. Þá má reikna með auknum stuðningi við myndræna upplifun, þar á meðal þrívídd. **- jab**



**SKJÁSKOT AF WINDOWS 7** Tvö ár eru talin í að næsta kynslóð af Windows-stýrikerfi Microsoft líti dagsins ljós.




## Óendanleg uppspretta skemmtunar!

Úrval Útsýn býður upp á nýjung í haust og flýgur til Orlando í Bandaríkjunum! Orlando er fjölbreytt borg og einn af vinsælustu áfangastöðum heims fyrir fjölskyldur. Orlando hefur upp á að bjóða þekktustu skemmtigarðar heims, Disney World, Sea World, Universal Studios ásamt mörgum öðrum. Hægt væri að heimsækja nýjan skemmtigarð hvern dag vikunnar og þegar fólk hefur fengið fylli sína af þeim hefur Orlando upp á margt annað að bjóða og má segja að borgin bjóði upp á óendanlega möguleika til skemmtunar! Úrval af frábærum golfvöllum, söfnum og veitingastöðum. Þeir sem njóta þess að versla munu einnig geta svalað þorsta sínum í öllum þeim glæsilegu verslunarmiðstöðvum sem Orlando hefur uppá að bjóða, og ber þá helst að nefna Florida Mall, Premium Outlet og margar fleiri. Í boði verður fjölbreytt úrval gistinga á mjög hagkvæmu verði og staðsetning þeirra flestra gerir bílaleigubílinn óþarfan. Bókaðu núna á urvalutsyn.is og tryggðu þér þitt sæti!




ÚRVAL·ÚTSÝN

Sími 585 4000



**Alamo Vacation Homes**
Íbúð með 3 svefnherbergjum.

**VERÐ FRÁ:**
**88.500kr.**
m.v. 4 fullorðna og 2 börn
**Brottför:** 2. október – 8 nætur



**Staybridge Suites**
Íbúð með 2 svefnherbergjum og morgunverði.

**VERÐ FRÁ:**
**97.600kr.**
m.v. 4 fullorðna og 2 börn
**Brottför:** 2. október – 8 nætur



**Baymont Inn**
Herbergi með morgunverði.

**VERÐ FRÁ:**
**86.800kr.**
m.v. 2 fullorðna og 2 börn
**Brottför:** 2. október – 8 nætur














Meirihluti Þjóðverja er andsnúinn evrunni og vill taka upp þýska markið á ný:

# Aðstoð ESB fer illa í fólk

**EFNAHAGSMÁL** Rétt rúmur helmingur Þjóðverja vill skipta evrunni út og taka þýska markið upp að nýju. Þetta eru niðurstöður könnunar alþjóðlega markaðsrannsóknarfyrirtækisins Ipsos.



PEARSON

Einungis þrír af hverjum tíu sem þátt tóku í könnuninni vilja halda í evruna en átján prósent eru óákveðin hvað skuli gera.

Þetta er þvert á niðurstöður kannana á vegum Evrópusambandsins (ESB) frá í febrúar, en þá voru 66 prósent Þjóðverja fylgjandi evruaðild. Ekki kemur fram í erlendum fjölmiðlum fyrir hvern Ipsos gerði könnunina.

Helsta ástæða viðsnúningsins mun vera dýr fjárhagsstuðningur við þau evruríki sem standa illa, þar á meðal Grikkland.

Þeir þátttakendur í könnun Ipsos sem vilja sjá markið á ný telja að kostnaðurinn muni falla á skattgreiðendur.

Breska dagblaðið Telegraph segir þátttakendur í könnuninni sem séu komnir yfir miðjan aldur í meirihluta þeirra sem sakni þýska marksins, eða 56 prósent. Það hefur eftir Pearson lávarði, formanni breska Sjálfstæðisflokksins sem andsnúinn er aðild Bretlands að ESB, að fólk sé nú að átta sig á því að ráðamenn efnahagsbandalagsins hafi svikið sig. - jab

# Fimm þingmenn þegja um styrki

**Fimm þingmenn hafa ekki greint frá því hverjir styrktu þá í prófkjörum fyrir þingkosningar 2007. Þeir eru allir í Sjálfstæðisflokknum. Sumir þeirra segjast ekki mega segja almenningi frá hverjir styrktu þá.**

**FRÉTTASKÝRING**

Hverjir eiga eftir að greina frá styrkveitendum í prófkjörum 2006?

Níu þingmenn í þremur flokkum greindu í júní frá prófkjörsbaráttu sinni 2006 hér í blaðinu. Bæði um heildarkostnað og hverjir veittu þeim hæstu styrkina. Enn eiga fimm þingmenn eftir að nafngreina styrkveitendur sem samtals veittu þeim 10,7 milljónir í framlög fyrir prófkjör 2006 vegna þessarar baráttu og er þá einungis litið til styrkja sem nema hálfri milljón eða meira. Þess skal geta að Ríkisendurskoðun mæltist til þess – eftir á að frambjóðendur greindu frá þessum styrkjum sínum, en þegar þeir voru veittir giltu engin ákvæði sem skylduðu frambjóðendur til að segja hvaðan aurarnir komu.

Af óútskýrðu 10,7 milljónunum eru 4,7 milljónir frá lögaðilum og sex frá einstaklingum. Þingmennirnir fimm eru allir í Sjálfstæðisflokknum og á Guðlaugur Þór Þórðarson bróðurhluta summunnar, 7,5 milljónir.

Guðlaugur hefur skýrt leyndina með því að sumir styrkveitendur hafi ekki leyft honum að birta nöfn sín. Þá hafi ekki náð í nokkra aðila til að fá samþykki þeirra. Án þess að staðhæfa að svo sé, segist hann heldur ekki birta nöfn þeirra sem kunni að vera látnir.

Sigurður Kári Kristjánsson hefur í viðtali við Fréttablaðið neitað að gefa upp hverjir lögðu honum 1,5 milljónir til baráttunnar. Hann hefur síðar sagt að styrkir sínir séu frá fjölskyldumeðlimum og fólki sem tengist honum vinaböndum. Þetta fólk kæri sig ekki um að vera hluti af styrkjaumræðunni.

Pétur H. Blöndal hefur upplýst í Fréttablaðinu að 700.000 króna styrkur til sín hafi verið frá hjónum sem vildu láta prenta fyrir hann bækling. Hann sagði fyrir nokkru að hann þyrfti að fá leyfi frá fólkinu til að nafngreina það. Pétur var á þriðjudag ekki búinn að þessu og vildi ekki veita viðtal til útskýringar.

Bjarni Benediktsson, formaður flokksins, hefur greint blaðinu frá því að hann hafi beðið um, en ekki fengið, leyfi til að gefa upp hver veitti honum hálfa milljón í styrk. Hann hefur sjálfur hvatt flokksmenn sína til að segja frá slíkum styrkjum eftir því sem hægt er. Það sé sjálfsagt og eðlilegt að leggja allt á borðið.

En Kristján Þór Júlíusson, þingmaður Norðausturkjördæmis, hefur alls ekki útskýrt hálfrar milljónar króna styrk fyrir þessar sömu kosningar. Ekki hefur náðst í Kristján Þór síðustu vikur þrátt fyrir fjölmargar símhringingar og skilaboð.

Eftir því sem næst verður komist hafa allir aðrir þingmenn greint frá sínum styrkjum af þessari stærðargráðu, annaðhvort hjá Ríkisendurskoðun, í Fréttablaðinu eða á Vísi. Ábendingar um annað væru vel þegnar.

Þess skal getið að þær upplýsingar sem þingmenn hafa veitt Ríkisendurskoðun og fjölmiðlum, um styrki og kostnað, hafa ekki verið sannreyndar. klemens@frettabladid.is

## Styrkir frá nafnlausum aðilum til þingmanna

**Miðað við upplýsingar frá þingmönnunum sjálfum og Ríkisendurskoðun**

| | |
|---|---|
| 1,5 milljónir frá einstaklingi | Guðlaugur Þór Þórðarson |
| 1 milljón frá einstaklingi | Guðlaugur Þór Þórðarson |
| 1 milljón frá einstaklingi | Guðlaugur Þór Þórðarson |
| 1 milljón frá einstaklingi | Guðlaugur Þór Þórðarson |
| 1 milljón frá einstaklingi | Guðlaugur Þór Þórðarson |
| 1 milljón frá lögaðila | Guðlaugur Þór Þórðarson |
| 1 milljón frá lögaðila | Guðlaugur Þór Þórðarson |
| 1 milljón frá lögaðila | Sigurður Kári Kristjánsson |
| 700.000 frá einstaklingi | Pétur H. Blöndal |
| 500.000 frá lögaðila | Bjarni Benediktsson |
| 500.000 frá lögaðila | Kristján Þór Júlíusson |
| 500.000 frá einstaklingi | Sigurður Kári Kristjánsson |

*Ekki eru taldir með styrkir sem voru lægri en 500.000 krónur. Nær engir veitendur slíkra styrkja eru nafngreindir í þeim upplýsingum sem lagðar hafa verið fram frá þessum tíma.

## Styrkþegar víki

Landsfundur Sjálfstæðisflokksins skoraði á dögunum á forystu flokksins að hugsa sinn gang. Þeir sem hafi þegið háa styrki frá félögum eða notið fyrirgreiðslu sem ekki hafi staðið almenningi til boða eigi að sýna ábyrgð með því að víkja úr þeim embættum sem þeir voru kosnir til að gegna.



BJARNI BENEDIKTSSON

GUÐLAUGUR ÞÓR ÞÓRÐARSON

PÉTUR HARALDSSON BLÖNDAL

SIGURÐUR KÁRI KRISTJÁNSSON

KRISTJÁN ÞÓR JÚLÍUSSON


T690 5 MISMUNANDI ÚTLIT
TONA®
LIVE CONCEPT
til afgreiðslu af lager
Bath Life
T-1000 2 MISMUNANDI ÚTLIT
T-580 5 MISMUNANDI ÚTLIT
T-1000 2 MISMUNANDI ÚTLIT
40% afsláttur
T-920 2 MISMUNANDI ÚTLIT
kynntu þér úrvalið á
www.i-t.is
ALLAR TONA INNRÉTTINGAR AFHENTAR SAMSETTAR
T-730 5 MISMUNANDI ÚTLIT
INNRÉTTINGAR & TÆKI
- fyrir þitt heimili
Opið virka daga frá kl. 09-18 • Lokað á laugardögum | Ármúla 31, 108 Reykjavík, sími 588 7332 i-t@i-t.is

FRÉTTASKÝRING: Hvalveiðar Íslendinga

# Vel gengur að selja hval

**Helstu rökin gegn hvalveiðum á síðastliðnum fimm árum hafa verið að enginn markaður sé fyrir afurðir. Engu síður hafa á fimmta hundrað tonna þegar verið send til Japans.**



HVALSTÖÐIN LIFNAR Hvalur 9 kom með fyrstu tvö dýrin á vertíðinni í ár á miðvikudag. Hvalur 8 er einnig að veiðum. Sjö dýr voru komin á land á föstudag en skipin voru þá frá veiðum vegna brælu á miðunum. FRÉTTABLAÐIÐ/ANTON

Oft hefur því verið haldið fram að lítill sem enginn markaður sé fyrir hvalaafurðir. Samkvæmt tölum Hagstofu Íslands hafa þó 372 tonn af kjöti og rengi verið send á Japansmarkað af þeim 125 langreyðum sem Hvalur hf. veiddi í fyrra. Árið 2008 voru rúm 80 tonn af afurðum af sjö langreyðum sem veiddust haustið 2006 send á markað. Verðmæti afurðanna er tæplega 800 milljónir króna. Svipuðum rökum hefur verið beitt á hrefnuveiðimenn. Góð viðbrögð á innanlandsmarkaði eru hins vegar staðreynd og mestallt kjöt af veiddum dýrum selst ferskt jafnóðum.

Allt frá þeim degi sem Hvalur 9 sigldi út úr Reykjavíkurhöfn í október 2006 hafa helstu rök hvalveiðiandstæðinga verið að atvinnuveiðar á langreyði séu tilgangslaus sýndarmennska. Engir markaðir séu fyrir kjötið og veiðarnar séu drifnar áfram af einhverjum öðrum hvötum, tilfinningalegum eða einfaldlega í uppreisn gegn þeim sem vilja friða hvalastofnana. Látið er að því liggja að Kristján Loftsson hjá Hval hf. borgi háar upphæðir með útgerðinni og honum sé slétt sama um hvort afurðirnar seljast eða ekki. Kristján segir að heilbrigð skynsemi hljóti að segja mönnum að ef menn standi í útgerð sem þessari ár eftir ár þá sé hægt að selja vöruna. Allir vita síðan hver persónuleg skoðun hans er á friðunarsinnum. Í hans huga eru þeir hryðjuverkamenn.

Árni Finnsson, formaður Náttúruverndarsamtaka Íslands, heldur því fram að tölur Hagstofunnar séu haldlaus rök fyrir því að markaður sé fyrir hvalaafurðir í Japan. Ekkert hvalkjöt hafi komið inn í landið héðan frá Íslandi. Hann vitnar þar í opinberar tölur frá því í maí. „Af þeim 1500 tonnum af afurðum sem Kristján Loftsson verkaði 2009 eru enn rúmlega 1100 tonn í frysti hér á landi. Það sýnir hversu tregur japanski markaðurinn er.“ Árni gengur svo langt að spyrja hvort kaupandinn í Japan sé Kristján Loftsson sjálfur.



ÁRNI FINNSSON

### Mótmælaaðgerð í Rotterdam

Fréttablaðið leitaði til Kristjáns varðandi útflutningstölur Hagstofunnar. Hann vísaði á fyrri ummæli sín um málið og baðst undan því að ræða hvalveiðarnar í smáatriðum. Ástæðan er að hans sögn að allar upplýsingar sem hann láti frá sér séu afbakaðar í fjölmiðlum og þeim beitt gegn fyrirtækinu af andstæðingum hvalveiða.

Kristján benti á nýlegt dæmi þegar hópur frá umhverfissamtökunum Greenpeace réðst um borð í japanskt flutningaskip í Rotterdam og hlekkjaði sig fastan. Krafa hópsins var að sjö gámum af hvalkjöti yrði skipað í land. Hafnaryfirvöld létu undan en í gámunum voru 140 tonn af hvalkjöti. Kristján setur stórt spurningarmerki við gæsluna í höfninni. „Það er ekkert endilega gefið að þessir náungar séu bara með mótmælaskilti á sér. Það hafa dæmin sannað í gengum tíðina,“ segir Kristján en tveimur hvalveiðibátum var sökkt í Reykjavíkurhöfn árið 1986 af náttúruverndarsamtökunum Sea Shepherd.



KRISTJÁN LOFTSSON

Rök Greenpeace voru að Íslendingar hundsuðu CITES-sáttmálann, sem kveður á um takmarkanir við sölu á afurðum af villtum dýrum.

### Evrópa og hvalveiðiráðið

Í umsögn framkvæmdastjórnar Evrópusambandsins um aðildarumsókn Íslands, sem birt var 24. febrúar, segir: „Nauðsynleg skref verður að stíga að því er varðar verndun sjávarspendýra.“ Enginn getur velkst í vafa um þýðingu þessa. Aðild Íslands að ESB og hvalveiðar eru eins og olía og vatn. Annað útilokar hitt. Álíka skýr lína er innan stjórnmálaflokkanna til hvalveiða. Hún mótast fyrst og síðast af því hvort ESB-aðild er talin æskileg. Í fréttaskýringu um Evrópumál, sem birtist í Fréttablaðinu á miðvikudag, kom fram að Samfylkingin væri að miklu leyti einangruð í afstöðu sinni til aðildar eftir vendingar síðustu vikna í íslenskum stjórnmálum. Bardagalínur á vettvangi stjórnmála virðast þær sömu hvað hvalveiðar varðar.

Ekki skýrðust línur á ársfundi Alþjóðahvalveiðiráðsins sem lauk í Marokkó fyrir skemmstu. Miðlunartillaga lá fyrir fundinum um að leyfa takmarkaðar hvalveiðar í atvinnuskyni. Tvær fylkingar tókust á um málið; þau ríki sem hlynnt eru sjálfbærum hvalveiðum og þau sem eru þeim andvíg nema í tilfelli frumbyggjaveiða. Ekki náðist lending og málinu var frestað til næsta fundar. Tómas H. Heiðar, aðalfulltrúi Íslands í ráðinu, telur að árangur hafi þó náðst. Hann sagði í viðtali við RÚV að gagnkvæmur skilningur hefði aukist og virðing fyrir mismunandi sjónarmiðum innan ráðsins.

### Sjálfbærni og hvalaskoðun

Langreyðarstofninn við Ísland er í kringum tuttugu þúsund dýr, samkvæmt talningum á svæðinu við Ísland og Austur-Grænland. Veiðar á 150 langreyðum hafa því engin áhrif á stofninn og veiðarnar eru sjálfbærar í huga hvalveiðisinna. Andstæðingar hvalveiða benda á að sjálfbærni byggi á því að mæta þörfum nútímans án þess að ganga á möguleika framtíðarinnar. Þeir sem reka fyrirtæki í hvalaskoðun vilja meina að veiðarnar séu ógn við ferðaþjónstu á Íslandi og gangi ekki síst á augljósa hagsmuni þeirra. Hins vegar gengur hvalaskoðunarfyrirtækjum ágætlega og sífellt fjölgar viðskiptavinum þeirra, að því er virðist.

Tölur um ferðamannastraum til landsins, og nokkuð stöðug fjölgun gesta í hvalaskoðun, benda til þess að hvalveiðar hafi ekki eins skaðleg áhrif og margir óttast. Ef áhrifin eru þá nokkur.

Þegar þetta er dregið saman, skoðun þjóðarinnar á hvalveiðum og ástand stofnanna við landið, velgengni ferðaþjónustufyrirtækja og að afurðir seljast, verður vart komið auga á annað en að veiðarnar séu eðlileg nýting á auðlind.

Á hinn bóginn skal ekki gert lítið úr því að tugmilljónir manna hafa andstyggð á veiðum sjávarspendýra. Ástæðan er ekki áhyggjur af ferðaþjónustu eða af markaðsmálum í Japan. Sjálfbærni veiðanna kemur þar heldur ekki mikið við sögu. Rökin eru kannski ekki ósvipuð og hjá þeim sem leggjast gegn skotveiðum á hrossagauk og lóu. Sem eru þó stundaðar í stórum stíl.

Svavar Hávarðsson
svavar@frettabladid.is



## Meirihluti fylgjandi veiðum

Nýjasta skoðanakönnun Capacent á skoðun landsmanna á hvalveiðum sýnir að tveir þriðju hlutar eru fylgjandi atvinnuveiðum. Könnunin var unnin fyrir Sjávarnytjar. Tæp tuttugu prósent aðspurðra voru andvíg veiðunum en þrettán prósent tóku ekki afstöðu. Þessar niðurstöður ættu ekki að koma á óvart þar sem þær eru samhljóða öðrum skoðanakönnunum sem hafa verið gerðar um hvalveiðar síðustu árin.

Í sömu könnun var spurt hvort menn teldu að hvalveiðar í atvinnuskyni myndu bæta eða skaða ímynd Íslands erlendis. Fjörutíu prósent aðspurða töldu að veiðarnar hefðu skaðleg áhrif á ímynd Íslands. Um sextíu prósent töldu að veiðarnar hefðu jákvæð áhrif á atvinnuástandið í landinu og á efnahag þjóðarinnar.

TAKTU FLOTTAR MYNDIR Á FRÁBÆRAR MYNDAVÉLAR FRÁ OLYMPUS SAMSUNG CASIO

OLYMPUS
FE-26
Stafræn myndavél
12 milljón pixlar
3x aðdráttarlinsa
(36-108mm)
FULLT VERÐ: 19.900 KR.
Tilboðsverð: 16.900 kr
Til í þremur litum: Svört, blá og bleik



OLYMPUS
T-100
Stafræn myndavél
12 milljón pixlar
3x aðdraáttar linsa
(36-180mm)
Verð kr: 19.900,-
Til í fjórum litum: Svört, blá, rauð og silfur



OLYMPUS
FE-4030
Stafræn myndavél
14 milljón pixlar
4x aðráttarlinsa
(26-105 mm)
Verð: 27.900 kr.
Til í tveimur litum: Brún og hvít



ORMSSON
ALLAR NÁNARI UPPLÝSINGAR: www.ormsson.is
VERSLANIR UM LAND ALLT




# Skjálfhentir eru líka fólk!

## Sony DSLR með hristivörn í húsinu - allar linsur því hristivarðar og myndirnar skarpari

Sony Alpha DSLR-A380
Stafræn myndavél m/18-55mm linsu

- 14,2 megapixla CCD myndflaga - 4592 x 3056 pixlar
- ISO 100 - 3200
- BIONZ örgjörvi
- 9-punkta "centre cross AF"
- EyeStart® nemi
- Mesti lokuhraði 1/4000 sek
- Flash sync 1/250
- SD og Sony Memorystick minnisrauf
- Super SteadyShot hristivörn virkar á allar linsur
- Rykvarnarkerfi
- Bravia Sync
- HDMI Útgangur

Sumarverð: 99.990

### LiveView sem virkar!

Alpha 380 er með veltiskjá sem sýnir lifandi mynd á skjá - án þess að það komi niður á autofókushraða



Sony Center
Kringlunni
103 Reykjavík
588-7669

SONY

# skoðun

greinar@frettabladid.is

Myndu aðeins fjármagnseigendur og erlendir kröfuhafar tapa á samningsvöxtum gengislána?

# Skýrir hagsmunir og óskýrir

SKOÐUN

Ólafur Þ. Stephensen

olafur@frettabladid.is



Í umræðum um dóm Hæstaréttar um gengistryggðu lánin og tilmæli eftirlitsstofnana um að miðað verði við seðlabankavexti á lánunum, er málinu gjarnan stillt þannig upp að það snúist um hagsmuni lánþega annars vegar og hagsmuni fjármagnseigenda og erlendra kröfuhafa hins vegar. Þeir síðarnefndu muni tapa, ef samningsvextirnir einir verði látnir standa.

Ummæli Franeks Roswadowski, fulltrúa Alþjóðagjaldeyrissjóðsins á Íslandi, í helgarblaði Fréttablaðsins setja málið í annað ljós. Roswadowski segir í fyrsta lagi að bankarnir muni geta tekið eitthvað af högginu á sig, verði niðurstaða Hæstaréttar sú að þeir sem tóku gengislán greiði aðeins samningsvextina. Þeir muni þó aldrei ráða við það allt og þótt kröfuhafar muni leggja eitthvað af mörkum, muni megnið af nýju hlutafé koma frá ríkinu, þ.e. skattgreiðendum. Það verði kostnaðarsamt, enda ábyrgist ríkissjóður innistæður í bönkunum. Skattahækkanir geti þurft að koma til.

Í öðru lagi nefnir fulltrúi AGS að útlit sé fyrir það vegna Hæstaréttardómsins á dögunum að endurskipulagning skulda heimila og fyrirtækja tefjist enn frekar en þegar sé orðið. Loks segir Roswadowski að óvissa vegna málsins tefji afnám gjaldeyrishafta; ekkert vit sé í að aflétta þeim þegar óvissa ríki í efnahagsmálum.

Að því gefnu að greining Franeks Roswadowski sé rétt, er málið ekki alveg svo einfalt að málið snúist bara um hagsmuni skuldara annars vegar og fjármagnseigenda og útlendra kröfuhafa hins vegar. Það er líka hægt að stilla því þannig upp að annars vegar snúist það um mjög skýrt skilgreinda hagsmuni, sem þessir tveir hópar eiga, hins vegar um almennari og ekki eins rækilega skilgreinda hagsmuni, sem flest heimili og fyrirtæki í landinu eiga.

Auðvitað eiga heimili og fyrirtæki, sem tóku gengistryggð lán, mjög skýra hagsmuni af því að þau breytist vegna dóms Hæstaréttar í hagstæðustu lán sem völ er á, bæði fyrir og eftir kreppu. Og í ljósi þess að fjármálastofnanir hefðu aldrei veitt lán á slíkum kjörum, enda hefðu þær svo augljóslega tekið alltof mikla áhættu með slíkum lánveitingum, eiga þær líka skýra hagsmuni af því að samningsvextir verði ekki niðurstaðan. Með því að fara þá leið sem Fjármálaeftirlitið og Seðlabankinn hafa lagt til, að miða við lægstu vexti Seðlabankans, er óhagræðinu af falli krónunnar í flestum tilvikum skipt á milli þessara hópa.

Öll heimili og fyrirtæki á Íslandi eiga svo hagsmuni af því að kreppunni ljúki sem fyrst. Það er ekki þeirra hagur, hvorki þeirra sem tóku gengistryggð lán né þeirra sem fjármögnuðu sig einhvern veginn öðruvísi, að fjármálakerfið fái á sig högg eða að ríkissjóður neyðist til að koma því til bjargar.

Hæstiréttur mun að sjálfsögðu dæma eftir réttum lögum. En það er ástæða til að mála ekki bara svarthvíta mynd af því hvaða hagsmunir eru í spilinu.

FRÉTTABLAÐIÐ

**ÚTGÁFUFÉLAG:** 365 miðlar ehf. **STJÓRNARFORMAÐUR:** Ingibjörg S. Pálmadóttir **FORSTJÓRI OG ÚTGÁFUSTJÓRI:** Ari Edwald **RITSTJÓRI:** Ólafur Þ. Stephensen *olafur@frettabladid.is* **AÐSTOÐARRITSTJÓRI:** Steinunn Stefánsdóttir *steinunn@frettabladid.is*
Fréttablaðið kemur út í 90.000 eintökum og er dreift ókeypis á heimili á höfuðborgarsvæðinu og Akureyri. Einnig er hægt að fá blaðið í völdum verslunum á landsbyggðinni. Fréttablaðið áskilur sér rétt til að birta allt efni blaðsins í stafrænu formi og í gagnabönkum án endurgjalds. Issn 1670-3871




## FRÁ DEGI TIL DAGS

### Hvaða svigrúm?

Þorgerður Katrín Gunnarsdóttir sagðist í spjalli við Árna Þórarinsson á Pressunni gera ráð fyrir að setjast aftur á þing í haust, þegar þingnefnd sem fjallar um rannsóknarskýrslu Alþingis hefur lokið störfum. „Ég vildi stíga til hliðar og veita þingnefndinni þetta svigrúm.“ Þorgerður á ekki von á að niðurstaða nefndarinnar verði áfellisdómur fyrir hana; hún hafi ekki verið í hópi þeirra sem þáðu háa styrki. En af hverju þá að víkja af þingi meðan nefndin er við störf? Hvaða svigrúm af hálfu Þorgerðar þurfti nefndin?



### Krugman um Ísland

Paul Krugman, Nóbelsverðlaunahafi í hagfræði, fjallaði um kreppuna á Íslandi á dögunum. Sagði hann að þótt hrunið hér á landi ætti sér fá fordæmi, væri staða landsins góð miðað við önnur ríki. Krugman segir tvær aðalskýringar á þessu: gengishrun krónunnar og gjaldeyrishöft.

### Byrðar almennings

Ólína Þorvarðardóttir, þingmaður Samfylkingarinnar, grípur skýringu hagfræðingsins á lofti og skrifar: „Ríkisstjórn Jóhönnu Sigurðardóttur virðist ætla að takast það ótrúlega afrek, að ná þjóðinni upp úr verstu efnahagskreppu sögunnar, og það með vægari afleiðingum en nokkur þorði að vona.“ Það má reyndar minna á að gjaldeyrishöftin voru sett á í tíð ríkisstjórnar Geirs Haarde. Það skýtur líka skökku við að þingmaður Samfylkingarinnar státi sig af gengishruni; sá flokkur hefur yfirleitt haft horn í síðu gengissveiflna. En Ólína verður líka að hafa í huga að gengishrun er annað orð yfir kjaraskerðingu. Hún ætti því kannski að hrósa almenningi fyrir afreksverkin á undan ríkisstjórninni.



bergsteinn@frettabladid.is

## HALLDÓR




# Þjóðarsátt um skuldir

Skuldavandi heimilanna

Karl V. Matthíasson

vímuvarnaprestur



Þjóðarsátt er orð sem oft hefur verið notað á síðustu mánuðum og ekki að ástæðulausu. Eftir hrunið eru margir ósáttir enda hefur hallað á fjölda fólks og því er þörf á þjóðarsátt.

Nú hefur Hæstiréttur kaghýtt lánafyrirtæki með dómi sínum um gengistryggð lán. Í framhaldi af þessu hafa Fjármálaeftirlitið og Seðlabankinn komið með leiðbeinandi vinnulag um breytt greiðslufyrirkomulag lánanna. Og allt logar nú út af þessum „leiðbeinandi“ gerningi.

Ég er viss um að flestir sem tóku gengislánin hafi alls ekki hugsað sér að þurfa að greiða eins mikið og þeir hafa verið krafðir um. Ég er líka viss um að þeir hafi ekki heldur reiknað með að greiða jafnlítið og dómurinn kveður á um. Samt eru margir skuldarar ófúsir að hvika frá dómi Hæstaréttar og sjá enga ástæðu til koma til móts við lánafyrirtækin eftir þá óbilgirni sem að minnsta kosti einhver þeirra hafa sýnt og á tíðum fyrirlitleg vinnubrögð sem fréttir hafa greint frá.

Fram undan er löng og ströng umræða og málaferli á málaferli ofan. Ríkisstjórnin er farin að gefa í skyn að samfélagið ráði illa við niðurstöðu dómsins og þess vegna hafi Seðlabankinn og FME brugðist svona við. Og auðvitað vekur það manni ugg ef sækja þarf meiri pening til ríkiskassans, með mikilli hættu á því að teygja velferðarkerfisins slitni.

Þess vegna spyr ég: Getum við búið til einhvers konar þjóðarsátt um skuldirnar. Geta skuldarar þessa lands fallist á það að öll lán til húsnæðiskaupa og bílakaupa verði aðeins einnar gerðar með lagasetningu? Væri til dæmis hægt að lækka verðbótalánin og hækka gengislánin á einhvers konar miðlínu sem dregin er á milli verðtryggðu lánanna og gengislánanna eftir dóm Hæstaréttar.

Þau átök og endalausu málaferli sem framundan eru um öll þessi lán geta orðið að ógn við allsherjarreglu og frið í samfélagi okkar.

Ég hvet til þess að leitað verði sátta og samkomulags í mikilli einlægni og að Alþingi og ríkisstjórn geri sitt til þess að vinna að því í góðu samráði við þau samtök sem stofnuð hafa verið til varnar heimilum og skuldurum þessa lands. Já, mikið held ég að margir yrðu fegnir ef hægt væri að klára þetta mál með ásættanlegri og viðráðanlegri lausn sem áreiðanlega er til. Að við gætum gert alvöru þjóðarsátt í þessu máli.

FRÉTTABLAÐIÐ Skaftahlíð 24, 105 Reykjavík **SÍMI:** 512 5000, *ritstjorn@frettabladid.is* **FRÉTTASTJÓRAR:** Arndís Þorgeirsdóttir *arndis@frettabladid.is*, Kristján Hjálmarsson, *kristjan@frettabladid.is* Trausti Hafliðason *trausti@frettabladid.is* og Höskuldur Daði Magnússon (dægurmál) *hdm@frettabladid.is*
**MENNING:** Páll Baldvin Baldvinsson fulltrúi ritstjóra *pbb@frettabladid.is* **HELGAREFNI:** Anna Margrét Björnsson *amb@frettabladid.is* og Sigríður Björg Tómasdóttir *sigridur@frettabladid.is* **ALLT OG SÉRBLÖÐ:** Roald Eyvindsson *roald@frettabladid.is* og Sólveig Gísladóttir *solveig@frettabladid.is*
**ÍÞRÓTTIR:** Henry Birgir Gunnarsson *henry@frettabladid.is* **LJÓSMYNDIR:** Pjetur Sigurðsson *pjetur@frettabladid.is* **FRAMLEIÐSLUSTJÓRI:** Kolbrún Ingibergsdóttir *kolbrun@frettabladid.is*

# Ólán í láni

Í DAG



Guðmundur Andri Thorsson
rithöfundur

Samkvæmt frétt Fréttablaðsins á laugardag voru fimm Rúmenar handteknir á dögunum á Seyðisfirði af árvökulli lögreglu vegna þess að þeir hugðust pranga inn á landsmenn ódýru glingri sem eðalmálmar væru.

Þeir eru á tánum í löggunni gagnvart aðvífandi háska – frá Rúmeníu: fyrir nokkrum árum voru gerð upptæk málverk af grátandi börnum sem þóttu ekki standast listmat lögreglunnar til að prýða veggi íslenskra heimila. Þeir mega ekki einu sinni spila fyrir okkur á harmonikkur án þess að löggan sé mætt til að stugga við þeim, enda er víst alls konar skalar og trillur í þessari músík þeirra sem eiga ekkert erindi við grandalausa þjóð við ysta haf. Og árlega gerir löggan upptækt glópagullið hjá þessum bragðvísu farandsölum frá Rúmeníu …

**„Ósýnilega höndin …"**

Gott til þess að vita að það sé passað upp á okkur fávísa og auðtrúa þjóð og þess gætt að við förum okkur ekki að voða í viðskiptum við óprúttna aðila.

Bara að slík árvekni hefði verið til staðar þar sem hennar var þörf. Hvar voru laganna verðir þegar bankarnir buðu okkur gengistryggðu lánin meðan þeir uppgötvun kann að reynast dálítið sár að djásnið reyndist gler eða pjátur eitt en það vakti þó sína ánægju og gaf eiganda sínum í þokkabót þann lærdóm að ekki er allt gull sem glóir.

En hvað á að segja um glópagullið sem bankarnir prönguðu inn á grandalausan almúgann sem gert er að greiða með raunverulegum peningum – hundrað þúsund á mánuði í fimm ár í stað þeirra fimmtíu á mánuði í þrjú ár sem þér var talin trú um að greiðslan yrði? Hver refsar loddurunum sem sátu bak við skrifborð og skörtuðu öllum tiltækum vottorðum upp á áreiðanleika frá Fjármálaeftirliti og Seðlabanka? Hvar var vörður að verja okkur fyrir þeim sem töldu Íslendingum trú um að vísasti vegurinn til velgengni í lífinu væri lántaka – og því stórfenglegri sem lántakan væri, þeim mun meiri velgengnin og hamingjan?

Því meira lán, því meira lán … Ætli Íslendingar séu ekki annars eina þjóðin í heiminum sem hefur sama orðið yfir gæfu og peningasölu? En lánin reyndust ólán. Það var ólán í láni.

Er ekki óhætt að slá því föstu að árvekni yfirvalda í neytendavernd hér á landi gagnvart ómerkilegum pröngurum sé í öfugu hlutfalli við mikilvægið?

**Ólánsmenn**

Enn súpum við seyðið af einhverju ógurlegasta feigðarflani Íslandssögunnar: einkavæðingu bankanna. Munið heiðruðu lesendur í hvert sinn sem þið kinkið kolli yfir leiðara Morgunblaðsins eða Staksteinum: Maðurinn

> Hvar var lögreglan þegar bankarnir töldu okkur trú um að við hefðum efni á að kaupa íbúð þegar við höfðum það ekki

voru að grafa undan krónunni í næsta herbergi? Hvar var lögreglan þegar bankarnir töldu okkur trú um að við hefðum efni á að kaupa íbúð þegar við höfðum það ekki – bíl, hús, pallbíl, byggja blokk, reisa hverfi, því að þeir hefðu fundið svo sniðuga hjáleið framhjá verðtryggingunni og framhjá íslensku krónunni fyrir okkur? Óhætt er að segja að eina ósýnilega höndin á svæðinu þegar þessi ósköp dundu yfir þjóðina hafi verið hinn langi armur laganna.

Þessir fínu menn sem störfuðu samkvæmt páfabréfi frá Friedman og Hayek – hversu miklu skaðlegri voru þeir ekki þegar upp er staðið en glingursalar frá Rúmeníu? Hver var munurinn á glópagullinu sem bankarnir buðu okkur og því sem glingursalarnir hugðust fara með um sveitir landsins?

Að vísu er hann ærinn. Glingrið kann að dofna með árunum og þar kemur að þú sérð í gegnum það rétt eins og þú uppgötvar að eftirlætisbangsinn þinn er bara klæði með tróði í. Og sú sem stóð fyrir einkavæðingunni og stjórnaði því hvernig hún fór fram heldur þar á penna til að þyrla upp moldviðri og koma aftur á glópagullöldinni.

Á sex árum tókst prívatmönnum fyrir hans atbeina að koma á hausinn banka sem lifað hafði af heimskreppuna miklu, heimsstyrjaldirnar, hvarf síldarinnar, verðbólguárin, umsvif íslenskra athafnamanna, afskipti íslenskra stjórnmálamanna og nepótisma íslenska ættbálkasamfélagsins. Þeir voru ólánsmenn. Þeir gerðu Ísland að skuldugasta landi Evrópu og leiddu smán yfir landið. Þeir flæktu íslenskan almenning í skuldbindingar á sparifé algjörlega óviðkomandi fólks í Hollandi og Englandi. Þeir prönguðu inn á fólk fullkomlega óraunhæfum lánum og lögðu mörg líf í rúst. Þeir gerðu ekkert rétt og allt vitlaust.

Þeim var sigað dýrvitlausum á okkur og enginn sem varði okkur fyrir þeim því að öll orka yfirvalda beindist að því að handsama pjátursala frá Rúmeníu. Og þannig er það greinilega enn.

AF NETINU

### Bændur ættu að vilja ESB

Finnar og Svíar hafa reynslu af því að ganga í Evrópusambandið og ekki er að sjá að landbúnaður í þeim löndum hafi lagst af, enda varð til hugtakið heimskautabúskapur þegar löndin gengu í Evrópusambandið, hugtak og peningar sem því fylgdu, til að tryggja áframhaldandi búskap á þessum svæðum. Þeir kvarta ekki undan Evrópusambandsaðild en sjá kannski fleiri tækifæri.

Og það er þess vegna sem bændur á Íslandi ættu að vera hörðustu stuðningsmenn aðildar, því þar eru einu sóknarfærin sem möguleg eru bændum. Núverandi ástand þýðir ekkert annað en áframhaldandi barning, áframhaldandi kröfur um meiri ölmusur, áframhaldandi minnkandi lambakjötsneyslu og fækkun búa o.s.frv., o.s.frv.

G. Pétur Matthíasson

http://gpetur.blogspot.com/

# Orkuframleiðsla og umhverfisvernd

Umhverfismál



Svandís Svavarsdóttir
umhverfisráðherra

Aðstoðarframkvæmdastjóri Samorku ritaði grein í Fréttablaðið fyrir skömmu þar sem hann talar um villur, meinlegan misskilning og villandi framsetningu í umfjöllun mína um nýja reglugerð um takmörk brennisteinsvetnis í andrúmslofti.

Aðstoðarframkvæmdastjórinn heldur því fram að ég fari rangt með staðreyndir þegar ég fjalla um þau mörk sem Alþjóðaheilbrigðisstofnunin (WHO) setur um brennisteinsvetni í andrúmslofti. Við deilum ekki um að WHO mörkin eru sett við 150 míkrógrömm í rúmmetra til að koma í veg fyrir bráðaáhrif. Þekkt bráðaáhrif eru við 15.000 míkrógrömm en WHO setur mörkin við 1% þeirrar tölu til að gæta fyllstu varúðar. En aðalatriði málsins er að mörkin í umræddri reglugerð eru sett lægri en WHO mörkin til að verja almenning fyrir mögulegum langtímaáhrifum mengunarinnar og til að koma í veg fyrir megna lyktarmengun. Aðstoðarframkvæmdastjóri Samorku skautar framhjá þeirri staðreynd.

Þá telur hann til þau rök að brennisteinsvetni hafi einu sinni mælst yfir mörkum WHO frá því að Hellisheiðarvirkjun var tekin í notkun. Engu að síður hafa margar kvartanir borist vegna óþæginda vegna sterkrar lyktar, jafnvel á þeim dögum þar sem gildin hafa verið verulega undir mörkum WHO. Nýlegar rannsóknir gefa líka vísbendingar um að brennisteinsvetni hafi áhrif á heilsu fólks við talsvert lægri styrk en við mörk WHO. Það eru því rík fagleg rök fyrir því að setja strangari mörk í reglugerð en þau sem WHO miðar við.

Því næst snýr aðstoðarframkvæmdastjórinn út úr þegar hann vekur athygli á þeim ummælum mínum að m.a. Finnar hafi sett strangari reglur en gert er með umræddri reglugerð. Hann segir: „Hjá Samorku er okkur ekki kunnugt um að Finnar státi af jarðvarmavirkjunum. /…/ Við gætum að sama skapi án nokkurra vandamála skákað Finnum og sett hér mun strangari reglur en þeir hafa gert um rekstur kjarnorkuvera." Finnar setja sín mörk vegna þess að brennisteinsvetni er hluti af þeirri mengun sem verður til við framleiðslu pappírs. Aðstoðarframkvæmdastjórinn verður sjálfur að svara því hvort hann vissi ekki betur eða kaus að villa um fyrir almenningi með útúrsnúningi.

Að lokum vekur aðstoðarframkvæmdastjórinn athygli á því að reglugerð um brennisteinsdíoxíð setji sex sinnum hærri mörk en WHO mælir með. Hvort að hann álíti það rök fyrir því að hér séu aldrei sett strangari mörk en þau sem WHO miðar við skal ósagt látið. Ástæðan fyrir háum mörkum brennisteinsdíoxíðs í reglugerð miðað við WHO mörkin er sú að WHO lækkaði sín mörk eftir að reglugerðin var sett. Þess vegna hefur umhverfisráðuneytið haft það til athugunar að lækka mörk reglugerðarinnar.

Íslenskum stjórnvöldum ber að taka ákvarðanir og móta stefnu sína í samræmi við alþjóðlegar skuldbindingar. Ákvarðanataka felur í sér mat á ólíkum hagsmunum, t.a.m. hagsmunum orkufyrirtækja og almennings. Undanfarin ár hafa pólitískar áherslur verið með þeim hætti að hagsmunir orkufyrirtækja hafa vegið þyngra en hagsmunir almennings. Það er því kannski eðlilegt að fulltrúar orkufyrirtækja hrökkvi við þegar áherslurnar breytast. Almenningur ákvað í síðustu kosningum að kjósa stjórnmálaflokka sem setja sjónarmið náttúru- og umhverfisverndar á oddinn. Þær áherslur eru því í fyrirrúmi við stefnumótun og ákvarðanatöku umhverfisráðherra.

Íslensk orkufyrirtæki stæra sig af grænni orku, segjast stuðla að sjálfbærri þróun og markaðssetja sig sem slík. Því mætti ætla að í samræmi við þann metnað að þau tækju því fagnandi að settar séu reglur sem takmarka mengun frá starfsemi þeirra. Sú sýn sem fram kemur í grein Samorku hlýtur því að vera í nokkru ósamræmi við þá stefnu. Framleiðsla umhverfisvænnar orku hefur verið hluti af þjóðarstolti okkar Íslendinga og skapað okkur sérstöðu um allan heim. Því ættu fulltrúar orkufyrirtækja að líta á ríkisvaldið sem bandamann sinn í því að skapa græna umgjörð í kringum orkufyrirtækin en ekki sem andstæðing.




# Sumarbústaðir og sorphirða

Umhverfismál



Drífa Kristjánsdóttir
oddviti Bláskógabyggðar

Síðastliðinn vetur kynntu sveitarfélögin Bláskógabyggð og Grímsnes- og Grafningshreppur nýja tilhögun á sorpmálum og komu breytingarnar til framkvæmda í byrjun þessa árs.

Reynt var að kynna breytingarnar vel, svo að þær kæmu fólki ekki í opna skjöldu. Ekki skal dæmt um hvort sú kynning hefur verið fullnægjandi. Með þessum orðum er reynt að koma nokkrum atriðum málsins til skila.

Urðunarstaðnum á Kirkjuferjuhjáleigu (í Ölfusinu) var lokað á síðasta ári. Við það margfaldaðist kostnaður sveitarfélagsins við sorpurðun, enda þarf að aka öllu sorpi sem á að urða í Álfsnesið. Akstur með sorp til urðunar varð því margfalt dýrari enda lengdist akstursleið sorpbifreiða um 150-200%.

Sveitarstjórn hefði getað látið aukinn kostnað vegna sorpmála fara yfir á eigendur fasteigna og fyrirtækja í Bláskógabyggð, án þess að gera nokkuð annað og hefði þá kostnaður hvers eiganda fasteigna orðið afar mikill.

Í stað þess var gerð breyting á sorpmálum. Áhersla var lögð á að flokka sorpið og sett voru tvö sorpílát við hvert heimili. Sorpeyðingargjöld voru lækkuð en ný sorphirðugjöld voru lögð á alla íbúa sveitarfélagsins og fyrirtæki. Þetta olli mikilli hækkun á sorpgjöldum íbúanna en skilningur íbúa hefur verið góður og flestir sáttir við orðinn hlut.

Sveitarstjórn vildi sýna sumarhúsaeigendum sanngirni og ákvað því að láta sorphirðuna vera val hvers félags sumarhúsaeigenda. Samkvæmt reglugerð eiga félög sumarhúsa sem í eru tuttugu eða fleiri bústaðir rétt á að fá til sín sorpílát og hirðingu. Mörg félög sumarhúsaeigenda hafa þegar óskað eftir og fengið ílát og greiða þann kostnað sem af því hlýst. Margir hafa ekkert aðhafst, virðast hafa viljað bíða og sjá til.

Framkvæmdastjóri Landssambands sumarhúsafélaga hefur verið mjög ósáttur við ákvörðun sveitarstjórnar Bláskógabyggðar og Grímsness- og Grafningshrepps. Hann gerir kröfu um að sveitarstjórn fari að reglugerð og setji upp sorpílát fyrir sumarhúsahverfi þar sem bústaðirnir eru 20 eða fleiri. Auðvitað er hægt að verða við því, en þá má búast við að kostnaður af sorphirðu verði mikill fyrir sumarhúsaeigendur. Er það vilji allra sumarhúsaeigenda? Sumir eru sjaldan í bústöðum sínum en kostnaðurinn verður eðlilega að jafnast á alla. Mér finnst mikilvægt að formaður stjórnar Félags sumarhúsaeigenda beri hag allra sumarhúsaeigenda fyrir brjósti en hangi ekki bara í reglum reglnanna vegna. Það getur stundum verið andstætt hagsmunum sumarhúsaeigenda. Ég hvet fólk til að kynna sér málin vel, áður en frekari kröfur verða gerðar.

Þegar breytingar eru gerðar má alltaf vænta þess að margt megi betur fara. Nú hefur verið ákveðið að allir geti farið með heimilissorp á gámastöðvarnar hvenær sem er sólarhringsins. Op hefur verið sett á hliðin þannig að alltaf er hægt að losa sig við heimilissorpið. Vonir standa til að með þessari lagfæringu geti fólk betur sætt sig við áorðnar breytingar á sorpmálum sveitarfélaganna.

Ég bendi á að fasteignagjöld húsa og lóða eru tekjustofn sveitarfélaga skv. lögum. Ef ég á t.d. sumarhús í Reykjavík þá þarf ég að greiða fasteignagjöldin af því húsi. Ég þarf líka að greiða vatnsgjöld, frárennslisgjöld og sorphirðugjöld. Þar er enginn afsláttur gefinn jafnvel þótt ég nýti húsið mitt lítið sem ekki neitt. Þetta þarf að hafa í huga, fasteignagjöld eru ekki þjónustugjöld heldur tekjustofn allra sveitarfélaga hvar sem húsin eru staðsett, í Reykjavík, Kópavogi, Garðabæ eða á landsbyggðinni.

Sumarhúsabyggðir eru mikilvægur þáttur í samfélagi Uppsveitanna. Fólksfjölgun á sumrin í Bláskógabyggð er mikil, enda fá sumarhúsin meiri notkun og fólk nýtur hér náttúrunnar og veðurblíðu. Gestum sveitarfélagsins á að líða vel hér og við reynum að leggja okkar af mörkum svo það geti orðið.

Aðhaldssemi í fjármálum og ábyrgð skiptir mjög miklu máli. Ég vona að sátt og samlyndi verði milli sveitarstjórnar og sumarhúsaeigenda um sorpmál og að sjónarmið allra verði virt. Engin mannanna verk eru óumdeilanleg né endanleg og sjálfsagt er að skoða breytingar í ljósi reynslunnar.

Ég óska öllum gleðilegra daga hér í Bláskógabyggð með von um að þessi orð mín geti aukið skilning fólks og verið eitt skref í átt til sáttar um framkvæmd sorpmála í sveitarfélaginu.




# Áskorun gegn þöggun í heilbrigðiskerfinu

Heilbrigðismál



Auðbjörg Reynisdóttir
hjúkrunarfræðingur og móðir

Klukkan 6 að morgni 25. febrúar 2001. Ég lyfti sænginni, ætlaði að taka son minn upp eins og vanalega en áttaði mig á að hann var ekki þarna. Hann lést kvöldið áður á barnadeild LSH, 14 mánaða gamall. Ég var bara ekki búin að meðtaka það þennan morgun en hef margoft vaknað kl. 6 síðan og óskað þess að ég gæti tekið hann upp bara einu sinni enn því brosið og kátínan var ólýsanleg alveg sama hversu dagurinn á undan var erfiður. Minningin um hvernig hann tók á móti nýjum degi hefur m.a. gert mér kleift að lifa þetta af.

Nú nýverið bárust fregnir af því að gera eigi rannsókn á því hversu algengir skaðar eru af völdum mistaka (læknamistaka) inni á sjúkrahúsunum, LSH og FSA (eða algengi slysa inni á sjúkrahúsum eins og ég vil kalla það). Ég lá einmitt á sjúkrahúsi þegar ég las í Fréttablaðinu 2. júní s.l. (bls. 2) að „gera má ráð fyrir að allt að 200 einstaklingar látist ár hvert af völdum mistaka“ (fleiri en í umferðarslysum og sjóslysum til samans). Það fór hrollur um mig í sjúkrarúminu. Það er eflaust hættuminna að fara í gegnum Detox Jónínu Ben. Mér finnst fjölmiðlar bregðast landsmönnum nú eins og í umræðum um fjármálakerfið, þeir greina ekki hvað er aðalatriði og hvað er aukaatriði og láta flækja sig í umræðum um aukaatriði eða þagga niður það sem skiptir mestu að halda á lofti. Umræðan um læknamistök hefur komið nokkrum sinnum upp en ávallt kafnað af einhverjum ástæðum. Heilbrigðisstarfsfólk þorir ekki að tjá sig.

> Get ég treyst heilbrigðiskerfinu fyrir lífi mínu og minna nánustu? Nei, reynsla mín segir mér það og viðbragðaleysi læknastéttarinnar og yfirvalda tekur undir það „hástöfum“.

Rannsóknarskýrsla Alþingis fjallar þó nokkuð um siðleysi og hjarðhegðun, sem ég er sannfærð um að sé til staðar í heilbrigðiskerfinu líkt og í fjármálakerfinu. Vonandi höfum við lært af efnahagshruninu og rannsóknarskýrslunni.

Í Fréttablaðinu þann 3. júní s.l. (bls. 12) er fjallað um að staðið hafi til í mörg ár að gera þessa rannsókn um mistök í heilbrigðiskerfinu, en fjármagn ekki fengist til þess. Staðan virðist enn vera sú sama. Eina fagstéttin sem sýnir stuðning í verki með fjárframlagi er Félag íslenskra hjúkrunarfræðinga sem ég er ákaflega stolt af sem hjúkrunarfræðingur. Nú spyr ég hvað ætla aðrar fagstéttir í heilbrigðisþjónustu að gera? Læknar, lyfjafræðingar, ljósmæður, sjúkraliðar, sjúkraþjálfarar, iðjuþjálfar, meinatæknar, lífeindafræðingar, sálfræðingar, geislafræðingar og allir aðrir sem teljast til heilbrigðisstétta jafnvel háskólakennarar?

Mig mundi langa til að sjá opinber viðbrögð, sjúklingar og aðstandendur sjúklinga sem nú liggja á sjúkrahúsum eru væntanlega að bíða í ofvæni eftir viðbrögðum. Nú er tækifæri til að byrja strax að byggja upp traust, niðurstaða rannsóknarinnar mun eflaust kalla á viðbrögð en það verður erfitt að trúa þeirri fagstétt sem ekki sýnir sig núna í þessu alvarlega máli. Fyrir mig er það kjaftshögg að ekki skuli fást fjármagn í þetta og ég geri ráð fyrir að aðrir sem hafa orðið fyrir skaða vegna mistaka í heilbrigðiskerfinu finni til svipaðra tilfinninga. Ráðherrar, Alþingi og heilbrigðisþjónustan eiga að tryggja að þessi rannsókn verði gerð og sýna að þetta komi þeim við, ekki síður en þegar ákveðið var að ráðast í Rannsóknarskýrslu Alþingis sem þó fjallar eingöngu um fjárhagslegt tjón. Get ég treyst heilbrigðiskerfinu fyrir lífi mínu og minna nánustu? Nei, reynsla mín segir mér það og viðbragðaleysi læknastéttarinnar og yfirvalda tekur undir það „hástöfum“.

Ár hvert er tugum milljóna varið í slysavarnir, vonandi er komið að slysavörnum í heilbrigðiskerfinu. Ég persónulega hef orðið fyrir fleiri en einu alvarlegu atviki, ekkert þeirra er til sóma fyrir læknastéttina né heilbrigðiskerfið. Það er ekki traustvekjandi að Landlæknir/læknar munnhöggvist út í heilsutengda starfsemi (Detox Jónínu Ben) sem heyrir ekki undir starfsemi Landlæknis á sama tíma og látið er hjá líða að taka fast á svo alvarlegum málum sem læknamistök eru. Tuttugu milljóna styrkur var veittur til rannsókna á hrossapestinni í gær þann 15. júní. Það þarf mun minna fjármagn til að rannsaka þessa pest (læknamistök) sem verður fjölda manns að bana eða veldur örkumlum. Ég þekki til of margra dæma til að þegja um þetta. Við gætum kannski kallað þetta „hrossalækningar“ á sjúkrahúsum og séð til hvort peningarnir komi.

Ég skora á fleiri til að skrifa og tjá sig opinberlega, sérstaklega þá sem orðið hafa fyrir skaða og heilbrigðisstarfsmenn sem þekkja til slíkra atvika. Það þarf mikinn kjark til en mikið er í húfi. Við verðum sem þjóð að meta mannslíf meira en þetta og sýna það í orði og verki. Yfirvöld verða líka að gefa tóninn í þeim efnum. Þá fyrst getum við farið að tala um að við séum á réttri leið.

**SENDIÐ OKKUR LÍNU**

Fréttablaðið og Vísir hvetja lesendur til að senda línu og leggja orð í belg um málefni líðandi stundar. Greinar og bréf skulu vera stutt og gagnorð. Tekið er á móti efni á netfanginu greinar@frettabladid.is eða á vefsíðu Vísis, þar sem finna má nánari leiðbeiningar. Ritstjórn ákveður hvort efni birtist í Fréttablaðinu eða Vísi eða í báðum miðlunum að hluta eða í heild. Áskilinn er réttur til leiðréttinga og til að stytta efni.



**SILFUR** er hægt að hreinsa með því að bera á það tannkrem með mjúku viskustykki og nudda vel. Síðan er það skolað upp úr köldu vatni.

# ;ALLT

FRÉTTABLAÐIÐ Sölufulltrúar Henný Árnadóttir henny@365.is 512 5427 Jóna María Hafsteinsdóttir jmh@365.is 512 5473 Þórdís Hermannsdóttir thordish@365.is 512 5447

allar vörur með 20% afslætti til 9 júlí
Fyrir bústaðinn og heimilið
Nóra
Opið: má-fö. 12:30-18:00, Dalvegi 16a, Rauðu múrsteinshúsunum, Kóp. 201,
S: 517 7727-www.nora.is – Nóra á facebook

GEZE
Rafdrifnir hurðaropnarar
á verði frá kr. 195.900.- m/uppsetningu.
Þægilegur og hljóðlátur búnaður í allri umgengni.
Hentar fyrirtækjum, stofnunum, húsfélögum og þar sem þörf er á góðu aðgengi fyrir fatlaða og aldraða.
JÁRN&GLER
Járn & Gler ehf. - Skútuvogur 1h. Barkarvogsmegin - 104 Reykjavík
S: 58 58 900
www.jarngler.is

Hringdu í síma
512 50 60
ef blaðið berst ekki



Harpa segir að stóllinn hafi lengi vel verið blár áður en hún bólstraði hann. FRÉTTABLAÐIÐ/ARNÞÓR

# Stökkpallur inni í stofu

**Harpa Þórsdóttir lýsir griðastaðnum á heimili sínu sem er gamall stóll sem hefur fylgt föðurfjölskyldu hennar lengi. Hún segir dæturnar og vinkonur þeirra oft skemmta sér við að hoppa í stólnum inni í stofu.**

„Þetta er griðastaðurinn minn. Ég sit í stól sem hefur verið lengi í eigu föðurfjölskyldu minnar," segir Harpa Þórsdóttir, forstöðumaður Hönnunarsafns Íslands. „Það er hægt að liggja makindalega í þessum stól og ég á mjög góðar minningar úr honum sem unglingur."

Stóllinn var á heimili foreldra Hörpu þar til hún fór að falast eftir honum fyrir nokkrum árum. „Þá var hann bara kominn niður í kjallara í geymslu og kötturinn okkar, hann Depill, var búinn að klóra hann allan í sundur," segir Harpa og bætir við að foreldrar hennar hafi undrast á því að hana skyldi langa í stólinn.

Frændi Hörpu, Sæmundur Skarphéðinsson smiður, fæddur 1894, átti stólinn fyrstur. Stóllinn varð eftir á heimili móðurfólks föður Hörpu. „Faðir minn tók hann til sín og svo fór ég að falast eftir honum," segir Harpa sem veit þó ekki hvers lenskur stóllinn er. „Ég veit að það var smíðaður íslenskur stóll í anda Chesterfield-stólanna. Ég veit ekki hvort þetta er þannig stóll en ég er mjög forvitin að vita hvort hann er íslenskur eða erlendur."

Harpa segir stólinn á góðum stað í stofunni. „Nú er hann nánast stofustáss. Hann er í horni þar sem ég sit oft og horfi út eða inn á heimilið. Ég sit þarna löngum og er að hugsa og velta ýmsu fyrir mér," útskýrir Harpa og heldur áfram: „Það er voða vært að sitja þarna og fylgjast með fyrir utan, hvort sem það er snjórinn, vindurinn, regnið eða laufin á trjánum og þegar allt er að kvikna á vorin."

Harpa segir góðan anda í horninu. En kunna aðrir fjölskyldumeðlimir jafn vel við sig í horni Hörpu? „Nei en dætur mínar hoppa voða mikið í stólnum. Það er alveg harðbannað því ég er svo hrædd um að þær hoppi upp í málverk Guðrúnar Einarsdóttur sem er fyrir ofan stólinn," segir Harpa en dætur hennar eru fimm og átta ára. „Svo stökkva þær og vinkonur þeirra úr stólnum sem er mikill stökkpallur inni í stofunni." *martaf@frettabladid.is*

SUMAR ÚTSALA
Gerið gæða- og verðsamanburð
6 mánaða vaxtalausar greiðslur
Svefn & heilsa
www.svefn.is
20-50% AFSLÁTTUR
Lök, hlífðardýnur, sængurverasett, heilsukoddar, viðhaldskoddar, íslenskir PU leðurgaflar, náttborð, útlitsgallaðar dýnur og fleira.
Ný sending
SAGA OG ÞÓR
Hágæða heilsudýnur
SAGA Queen rúm, nú aðeins 129.900
ÞÓR Queen rúm, nú aðeins 149.900
IQ-CARE
Ein besta heilsudýna í heimi
Queen rúm nú aðeins kr. 179.900
VALHÖLL/FREYJA
Ný sending
Góð rúm á frábæru verði
Queen rúm, nú aðeins kr. 99.900

# ;HEIMILI

**MIKILVÆGT** er að lesa á miðana á fatnaði til að sjá hvort hann þolir heitt straujárn. Eigi svo að strauja fleiri en eina flík er ágætt að byrja á þeim sem þurfa minnstan hita og enda á þeim sem þurfa mestan.




Dúnmjúkar brúðargjafir



- Gefðu íslenska hönnun

Sængurfatnaðurinn frá **Lín Design** er ofinn úr bómullardamask.
Yfir 30 tegundir af íslenskum sængurfatnaði til brúðargjafa.
Íslensk hönnun á góðu verði.

Lín DESIGN

Lín Design • Laugavegi 176, gamla sjónvarpshúsið • sími 533 2220 • www.lindesign.is


# Ásmundi púslað saman

**Minn Ásmundur er heiti á púsluspili eftir þrjá íslenska vöruhönnuði sem er væntanlegt á markaðinn í lok vikunnar. Púsluspilið er framleitt á Íslandi og fékk fyrstu verðlaun í hönnunarsamkeppni nú í vor.**



Hér eru þær Helga Jónasardóttir og Edda Gylfadóttir. Á myndina vantar Guðrúnu Hjörleifsdóttur en hún eignaðist litla stúlku fyrir nokkrum dögum og er heima í barneignarleyfi. FRÉTTABLAÐIÐ/STEFÁN

„Sumarið hefur farið í að undirbúa vöruna til framleiðslu og hún kemur í sölu 9. eða 10. júlí í Kraumi og í kjölfarið í safnverslanir Listasafns Reykjavíkur," segir Helga Björg Jónasardóttir vöruhönnuður og ein þriggja aðstandenda hönnunarfyrirtækisins Björg í bú, sem átti vinningstillöguna í samkeppni Listasafns Reykjavíkur, Kraums og Hönnunarmiðstöðvar Íslands um nytjahlut í anda Ásmundar Sveinssonar myndhöggvara.

Tveir vöruhönnuðir standa að Björg í bú auk Helgu, þær Edda Jóna Gylfadóttir og Guðrún Hjörleifsdóttir og saman hönnuðu þær púsluspil úr formum sem finna má í verkum Ásmundar sem þær kalla Minn Ásmundur.

„Við köfuðum í karakter Ásmundar sjálfs en hann var kallaður alþýðuskáld í myndlist. Hann var natinn við krakka og vildi að þau léku sér og klifruðu í skúlptúrunum hans og tækju þátt í verkinu. Við notuðum því hluta úr verkum hans og virkjum fólk eins og hann gerði," útskýrir Helga. Undirtitill verksins er Skapaðu þinn eigin skúlptúr og er hægt að raða formunum saman á mismunandi vegu.

„Þeir sem þekkja verk Ásmundar kannast strax við formin og bygginguna í spilinu en við notuðum áberandi tákn og form frá honum. Höndin er til dæmis sterkt form í mörgum verka hans og hún er því sterkur partur í púsluspilinu líka."

Spilið er samsett úr níu stykkjum sem skorin eru út í krossvið og er framleitt af fyrirtækinu Format. Helga segir það skipta þær máli að varan sé framleidd hér á landi.

„Við skoðuðum þann möguleika að láta framleiða erlendis en við viljum helst framleiða á Íslandi. Okkar hugsjón er að skapa atvinnu með okkar vörum, og leggja okkar að mörkum við uppbygginguna atvinnulífsins í landinu," segir Helga en Björg í bú hefur meðal annars verið að þróa kartöfluflögur í samvinnu við íslenskan kartöflubónda sem væntanlegar eru á markaðinn með haustinu.

Helga segir ferlið frá því að vara sé fullhönnuð og þar til hún kemst í framleiðslu geta tekið tíma og íslenskir hönnuðir rekist gjarnan á veggi þegar kemur að því að finna efni til framleiðslu og framleiðendur að vöru. Hún segir það þó ekki draga úr kraftinum í hönnuðum en frá því að Björg í bú tók til starfa fyrir tæpu ári hefur það þegar sent frá sér línu af Skínandi skartgripum og nú púsluspilið, auk þess sem mörg verkefni eru í farvegi.

„Við rekumst á marga veggi í framleiðsluferlinu en erum orðnar þokkalega klárar að fella þá. Björg í bú er bæði með eigin verkefni og verk í samvinnu við aðra í vinnslu og mun kynna nýjar vörur í haust, bæði matartengdar og ekki."

Nánar má forvitnast um Björg í bú á Facebook. *heida@frettabladid.is*


Rauðakrosshúsið

# Dagskrá vikunnar

Ókeypis fyrir alla

**Mánudagur 5. júlí**

- Hvernig stöndumst við álag? - Hvers vegna snögg reiðumst við og pirrumst yfir hversdagslegum smámunum? kl.13 -14
- Prjónahópur - Heklaðu og prjónaðu með okkur. kl. 13 -15
- Verkefni Rauða kross Íslands - Hvað gerir Rauði krossinn innanlands? Hvað getur þú lagt af mörkum? kl.14:30 -15:30

Fallegt einlyft einbýli með innbyggðum bílskúr samtals 214 fm. Gestasnyrting. Glæsilegt eldhús opið inn í stofu. Svefnherb. með fataherb. innaf. Glæsil. baðherb. 2 barnaherb. Parket og flísar. Verönd með heitum potti. Skipti á nýlegri 4ra herb. íbúð í Hafnarfirði. **Verð 49 millj.**



## Einihlíð - Hf - Einbýli

Nýkomið sérlega fallegt vel innréttað einbýli á tveimur hæðum með innb. bílskúr, samtals 226,8 fm. 5 svefnherb. Vandaðar innréttingar og tæki. Flísar og parket á gólfum. Búið er að innrétta hluta af tvöföldum bílskúr sem íbúðarrými. Verönd með heitum potti. Fallegur Garður. **Verð 56 millj.**



## Miðvangur - Hf - Einbýli

Mjög gott mikið endurnýjað einbýlishús í þessu vinsæla hverfi. Um er að ræða hús á einni hæð með innb. tvöf. bílskúr og sólskála, samtals 248,9 fm. 4 svefnherb. Eikar parket á gólfum, dúkur á herbergjum. Fallega ræktaður skjólsæll garður með timbur verönd, gróðurhúsi og garðhúsi. Húsið er í mjög góðu standi að utan, búið að skipta um járn á þaki, nýtt gler. **Verð 54 millj.**



## Smyrlahraun - Hf - Sérhæð

Í sölu mjög fallega björt neðri sérhæð ca 120 fm í sérlega snyrtilegu tvíbýli, auk bílskúr 26,3 fm samtals 145,6 fm. 3 svefnherb. Fallegar innréttingar. Verönd með heitum potti. **Verð 32,9 millj.**



## Hjallabraut 33 - Hf - Eldri borgara

Til sölu - Leigu. Í sölu falleg 93,3 fm íbúð . á 1.hæð. Skipting eignarinnar: hol. eldhús með borðkróki, þvottah., stofa, 2 svefnherb., baðherb. og geymsla. Parket og flísar. Nýbúið að klæða húsið að utan. **Laust strax.**

**Magnús Emilsson, löggiltur fasteignasali**

---

OPIÐ HÚS

# 101 REYKJAVÍK
FASTEIGNASALA

Laugavegur 66 • 101 Reykjavík • Sími 511 3101 • Fax 511 3909 • www.101.is • 101@101.is

Leifur Aðalsteinsson löggildur fasteignasali.

**Opið hús milli 17.30 og 18.00 í dag mánudag að**

## Lautasmára 8,

**Kópavogi, íbúð á 3ju hæð merkt 0301.**



Gullfalleg og sérlega rúmgóð 93,4 fm 3ja herbergja íbúð á þessum vinsæla stað í Kópavogi. Íbúðin skiptist í forstofu með innbyggðum skápum, hol, rúmgóða stofu og borðstofu, tvö svefnherbergi, baðherbergi með baðkari og sturtuklefa, eldhús með fallegri viðarinnréttingu, borðkrókur, sér þvottahús innan íbúðar og sér geymsla í kjallara. Íbúðin er laus. **Verð 22,9 millj.** **Sölumaður verður á staðnum.**

---

búmenn

Búmenn hsf
Húsnæðisfélag
Klettháls 1
110 Reykjavík
Sími 552 5644
Fax 552 5944
bumenn@bumenn.is
www.bumenn.is

# Búmenn auglýsa íbúðir

## Búseturéttur á markaðsverði



**Hvammsgata 8 í Sveitarfélaginu Vogum**
Til sölu er búseturéttur í 2ja herbergja íbúð um 78 fm að stærð. Íbúðin er í parhúsi og fylgir íbúðinni um 14 fm garðskáli. Ásett verð er 6 millj. og mánaðargjöldin eru nú um kr. 73.000.- Í mánaðargjaldinu er allt nema rafmagn og hiti samkvæmt mæli.



**Vaðlatún 10, Akureyri**
Til sölu er búseturéttur í 3 herbergja íbúð um 97 fm í raðhúsi. Íbúðinni fylgir um 28 fm bílskúr. Ásett verð er kr. 5.000.000.- og mánaðargjöldin eru um kr. 121.000.- Í mánaðargjaldinu er allt nema rafmagn samkvæmt mæli.



**Þjóðbraut 1, Akranesi**
Til sölu er búseturéttur í 4 herbergja íbúð um 106 fm ásamt stæði í bílakjallara. Íbúðin er á fimmtu hæð í átta hæða lyftuhúsi. Ásett verð er kr. 5.700.000.- og mánaðargjöldin eru um kr. 135.000.- Í mánaðargjaldinu er allt nema rafmagn samkvæmt mæli.



**Þjóðbraut 1, Akranesi**
Til sölu er búseturéttur í 3 herbergja íbúð um 95 fm. Íbúðin er á þriðju hæð í átta hæða lyftuhúsi. Ásett verð er kr. 2.000.000.- og mánaðargjöldin eru um kr. 117.000.- Í mánaðargjaldinu er allt nema rafmagn samkvæmt mæli.

Þeir sem áhuga hafa á að skoða íbúðirnar og taka þátt í að gefa tilboð þurfa að panta tíma á skrifstofu Búmanna í síðasta lagi 12. júlí n.k.

Tilboðsfrestur er til 16. júlí n.k.
Bæði félagsmenn og utanfélagsmenn geta gefið tilboð í búseturéttinn.
Þeir sem áhuga hafa er bent á að hafa samband við skrifstofu félagsins að Kletthálsi 1 í síma 552-5644 milli 9-15, eða senda tölvupóst á netfangið bumenn@bumenn.is

---

# BÚMENN AUGLÝSA ÍBÚÐIR

**Grænlandsleið í Grafarholti**
Til endurúthlutunar er 3ja herbergja íbúð um 95 fm að stærð. Íbúðin er á efri hæð í tvíbýlishúsi. Sér inngangur er inn á hvora hæð fyrir sig. Stæði í bílageymslu fylgir íbúðinni. Verð búseturéttar er um kr. 5.9 millj. og mánaðargjöld um 108.000.-.
Í mánaðargjaldinu er allt nema rafmagn samkvæmt mæli.

**Miðnestorg 3, í Sandgerði**
Til endurúthlutunar er búseturéttur í eins herbergja íbúð sem er um 58 fm. Íbúðin er á þriðju hæð í lyftuhúsi. Íbúðin getur verið til afhendingar fljótlega. Íbúðin er í miðbæjarhúsi sem kallast Varðan. Verð búseturéttar er um kr. 1.6 millj. og mánaðargjöld um 61.000.-.
Í mánaðargjaldinu er allt nema rafmagn samkvæmt mæli.

**Umsóknarfrestur er til 12. júlí n.k.**
Nánari upplýsingar eru veittar á skrifstofu félagsins í síma 552-5644 milli kl. 9-15.

---




# ERTU AÐ FARA Í SUMARFRÍ?

Þú getur afpantað Fréttablaðið á meðan þú ert að heiman. Hafðu samband í grænt númer 800-1177 eða sendu póst á netfangið dreifing@posthusid.is




Allt sem þú þarft...

Pósthúsið ehf. annast dreifingu Fréttablaðsins, nánari upplýsingar á www.visir.is/dreifing

Póst húsið

visir.is
"...ég sá það á vísi"

# FOLD FASTEIGNASALA

**Laugavegi 170, 2. hæð • Opið virka daga kl. 9:00-17:00**
**Sími 552 1400 • Fax 552 1405 • www.fold.is • fold@fold.is**

**Viðar Böðvarsson** viðskiptafræðingur og löggiltur fasteignasali
Þjónustusími sölumanna eftir lokun **694 1401**

## Einbýli




**Einbýli-Bergsmára Kópavogi:**
**Opið hús mánudag 5.júlí frá kl 17-18**
Ca. 252 fm. gott einbýlishús á 2 hæðum á frábærum útsýnisstað í Kópavogi. Innbyggður bílskúr, 4 rúmgóð svefnherbergi, parket á gólfum, rúmgott og vandað baðherbergi **Skipti á minni eign möguleg, Verð 55,9 millj.**

## Rað- og parhús




**Parhús-Svöluási Hafnarfirði- Opið hús mánudaginn 5.júlí frá kl 17-17:30**
Ca. 209 fm. fallegt nýlegt parhús á 2 hæðum. Á neðri hæðinni eru stofur, gestasnyrting, eldhús, hol og innangengt er í bílskúr. Einnig er gengt frá stofu út í garð. Á efri hæð eru 4 svefnherbegi, baðherbergi, þvottahús og geymsla. Vel skipulagt hús í góðu hverfi. **Skipti möguleg á minni eign.**
**Verð 44,9 millj.**

## Hæðir




**Öldutún 1-Hafnarfiði VELKOMIN Í OPIÐ HÚS Í DAG MILLI 17 0G 17:30:**
Ca. 150 fm. falleg íbúð á 2 efri hæðum í endaraðhúsi ásamt ca. 25 fm. bílskúr. Endurnýjað bað o.fl. Gengt frá stofu í garð Falleg eign á góðum stað.
**Verð 33,5**

## 3ja herb.




**Háaleitisbraut 49-önnur hæð-**
**VELKOMIN Í OPIÐ HÚS Í DAG FRÁ KLUKKAN 17-17:30 RAGNHILDUR OG VILHELM Á BJÖLLU :**
Ca. 94 fm. vel skipulögð íbúð á annari hæð á rólegum stað við Háaleitisbraut. **Verð 19, 5 millj.**

## 2ja herbergja




**Vallarbarð 14 -Hafnarfirði - VELKOMIN Í OPIÐ HÚS Í DAG FRÁ KL. 17-17.30 yfirtaka +600þús.-lág greiðslubyrði:**
Rúmlega 63 fm.góð íbúð með sérinngangi á jarðhæð í tvíbýlishúsi á fallegum stað í Hafnarfirði. Falleg lóð, bílastæði. Auðveld kaup. **Verð 15,9, áhvílandi langtímalán upp á 15,3 millj. greiðslubyrði ca. kr. 68. þús pr. mánuð**



**Njálsgata 101 Reykjavík**
**SKIPTI MÖGULEG Á ÍBÚÐ Á AKUREYRI**
: Ca. 17,4 fm.ósamþykkt íbúð á rishæð á góðum stað við Njálsgötu. Bein sala eða skipti á eign á Akureyri. **Verð 6,5 mill.**

# Eignir vikunnar

## Raðhús Fjarðarseli:



**Ca. 227 fm. vel viðhaldið raðhús á góðum stað í Seljahverfi ásamt ca. 25. fm bílskúr.** Vel viðhaldið raðhús á góðum stað í Seljahverfi. Möguleiki á séríbúð í hluta jarðhæðar og hentar einnig mjög vel sem fjölskylduhús. Möguleg skipti á nýlegri íbúð í lyftuhúsi. **Verð 37,5 millj .**

## Sumarhús v. Búrfell:



**Fallegt sumarhús í landi Hæðarenda, Grímsnesi á 1,5 ha. grónu eignarlandi.** Gott Norskt sumarhús á stóru eignarlandi m. miklum trjágróðri. Við landið rennur á með fiski. barnahús og leiktæki eru á landinu. Hitaveita er í húsinu. Sannkallaður paradísarlundur. **Verð 14,5 mill.**

# Sumarhúsin seljast hjá Fold

## - Mikil eftirspurn eftir sumarhúsum á grónum svæðum á suður og vesturlandi.



**Sumarhús á bakka Skorradalsvatns:**
Ca. 86 fm. einstaklega vel staðsett nýtt heilsárshús næst vatninu í landi Vatnsenda, Skorradal. Innréttingar og tæki eru öll ný. Húsið er með 3 svefnherbergjum. Einstök staðsetning
**Verð 24,9millj. Áhvílandi ca. 22millj,** Tvnr. 8679



**Sumarhús Geysi-Haukadal**
Ca. 98 fm. glæsilegt heilsárshús fallega staðsett á 0,7 ha. eignarlóð. Gólfhiti er í húsinu og allar innréttingar hinar glæsilegustu. Stór verönd. Fallegt umhverfi. **Verð 19,9 millj.** Tilvnr. 8616



**Sumarhús-Efstadalsskógi v. Laugavatn**
Samtals um 80 fm. fallegt hús á frábærum útsýnisstað í Efstadalsskógi. Eignin samanstendur af eldra húsi í góðu viðhaldi auk nýbyggingar. Góður pallur er við húsið Hitaveita og heitur pottur. Þetta er falleg eign á vinsælum stað. **Verð 18,9 millj.** Tilvnr. 8632



**Sumarhús í landi Miðengis Grímsnesi:.**
Tveggja hæða 164 fm heilsárshús með steyptri neðri hæð og bílskúr.Fjögur svefnherbergi og stór stofa.Góðir pallar,Stutt í sundlaug og golfvelli. Eignarlóð. Ýmis skipti möguleg **Verð 28,5 millj.** 7225



**Sumarhús Hraunborgum, Grímsnesi.**
Vorum að fá til sölu glæsilegan sumarbústað í Hraunborgum. Tvö herbergi, stofa eldhús og bað m. sturtu Glæsilegur sólpallur með heitum potti og áhaldaskúr. Innbú fylgir með annað en persónulegir munir. Vel viðhaldinn bústaður með hitaveitu
**Verð 13,5 millj.**

Hvað kostar eignin mín? – Kíktu á **www.fold.is** – eða hafðu samband í síma **552 1400 / 694 1401**



**vísir.is**
*"...ég sá það á vísi"*



hof fasteignasala

**564 6464**
hof@hofid.is - www.hofid.is

Guðm. Björn Steinþórsson,
lögg. fasteignasali






**Opið hús í dag frá 17,30-18,30**
**Berjavellir 6 í Hafnarfirði, íbúð 0103**

Falleg 3ja herbergja íbúð á jarðhæð með sér lóð. Íbúðin er með vönduðum innréttingum og gólfefnum. Áhv. 18,7 millj. frá Arion banka með 4,15% vöxtum, mán.leg afb. 85 þús. Íbúðin fæst keypt með yfirtöku lánsins og greiðslu sölulauna.



**512 54 01**
Auglýsingasími
FRÉTTABLAÐIÐ
Allt sem þú þarft...






**EINBÝLI Á VERÐI BLOKKARÍBÚÐAR!**

## Langholtsvegur 65 einbýli

Þetta fallega einbýli samtals 163 fm er til sölu. Áhvílandi með aðeins 4,15 % vöxtum íbúðalánasj. 21 milljón. Húsið hefur fengið mikla og góða endurnýjun. Þakjárn og gluggar/ gler og hurðar eru með miklum ágætum. Að innan hefur raflögn verið algerlega endurnýjun og nútímavædd( loftnet, síma og tölvulagnir). Skolplögn endurnýjuð. Nútíma gólfhiti, neysluvatnslagnir nýjar og ný hitagrind. Húsið er sandsparslað og nýmálað. Allt búið sem er erfitt, sóðalegt og dýrt. Hurðargöt hafa verið breikkuð.
**Húsið er tilbúið til innréttinga. Húsið skiptist þannig:**
Eftir hæð: Stór stofa, hjónaherbergi,barnaherbergi , wc. Og eldhús með opinni borðstofu.
Neðri hæð : Herbergi, þvottahús/eldhús, wc. og geymsla. Sérinngangur því er hægt að hafa séríbúð á neðri hæð. Hús er samtals 123 fm.

Bílskúr 40fm fremur lúinn en hefur mikla möguleika t.d. þriggja fasa rafmagn og því möguleiki að leigja úr sem vinnustofu eða fyrir léttan iðnað( þarfnast standsetningar). Byggingaréttur er mjög ríkulegur upp að 270 fm. Verðlaunatré er í garðinum en það er stærðar hlynur, gríðarlega fallegt tré. Vel byggt hús með mjög mikla möguleika og mikinn sjarma.

**Húsið verður til sýnis næstu daga frá kl. 12-13 og 16:30-18.**
**Upplýsingar í síma: 893-9169**



Nordanö stækkanlegt borð 34.990 krónur IKEA.

# Hægindanna notið úti

**Þegar njóta á blíðunnar úti í garði er gott að geta tyllt sér. Margir veigra sér við að setjast á veigalitla fellistóla af ótta við að þeir falli saman. Þeir hinir sömu þurfa þó ekki að örvænta því auðveldlega má láta fara vel um sig í garðinum í fínustu hægindum. Til að henda sér niður með bók gæti þægilegur legubekkur komið til greina eða fallegur garðsófi með mjúkum pullum. Rómantískar garðrólur sem vagga manni í svefn í síðdegissólinni gera garðinn að þeim sælureit sem hann á að vera. Þá er bara að finna sér góða bók og snúa tánum upp í loft.**



Knut sófi 198.500 krónur í Signature sófanum fylgir borð.



Nordanö legubekkur 29.990 krónur IKEA.



Sumarið er tíminn til að láta fara vel um sig í hægindum úti í garði.



● **SAFNHAUGAR Í HEIMILISGÖRÐUM** Í aldanna rás hefur þótt sjálfsagður hlutur að ganga vel um auðlindir og endurnýta lífrænan úrgang. Eftir nokkra lægð í þessum efnum hafa menn nú aftur tekið að beina sjónum að þessari mikilvægu endurnýtingu. Hægt er að nýta allt lífrænt efni sem til fellur í garðinum, ef aðstaða er til jarðgerðar.



● **NÝTING Á MOLTU** Moltu er auðvelt að nýta í allri ræktun svo sem í garðinum eða sumarbústaðalandinu. Almennt næst bestur árangur ef moltan er notuð í efsta jarðvegslagið. Nægur aðgangur er þar að lofti, þannig að niðurbrot gengur vel fyrir sig og þar eru einnig flestar örverur og jarðvegsdýr sem draga næringuna niður til rótanna.





Fyrir fólk á besta aldri

Boðaþing 6-8
55+ Glæsilegar íbúðir til leigu eða sölu

Boðaþing er reitur sem Húsvirki hf. og Hrafnista DAS fengu úthlutað til skipulagningar fyrir almennar íbúðir, þjónustuíbúðir, hjúkrunarheimili og þjónustumiðstöð aldraðra. Þetta er skemmtilega skipulagt svæði sem myndar kjarna almennra íbúða í kringum hjúkrunaríbúðir og þjónustumiðstöð á vegum Kópavogsbæjar og Hrafnistu DAS.




SKISSA

HÚSAVÍK FASTEIGNASALA
Reynir Björnsson, lögg. fasteignasali
Elías Haraldsson, lögg. fasteignasali

HÚSVIRKI

✔ Afhending strax.
✔ Allar íbúðir með sólskála.
✔ Íbúðir með hjónasvítu.
✔ Stærðir frá 97-162 m².
✔ Rúmgóð bílageymsla.

ALLAR NÁNARI UPPLÝSINGAR Á WWW.HUSAVIK.NET OG Í SÍMA 510-3800



## ● LIFUM VISTVÆNT HEIMA

- Sparaðu rafmagnið. Með því að slökkva ljós í tómum herbergjum og á tölvunni í stað þess að nota skjáhvílu geturðu lækkað rafmagnsreikninginn. Þá skaltu nota sparnaðarljósaperur í stað glópera sem menga umhverfið.
- Sparaðu vatnið með því að vera styttri tíma í sturtunni og íhugaðu að skipta út stórum sturtuhaus fyrir minni sem eyðir þá minna vatni.
- Kauptu vistvænar vörur og forðastu vörur sem eyða ósónlagi jarðarinnar. Fyrst þær skemma ósónlagið geta þær varla verið heilnæmar til innöndunar heima við heldur.
- Notaðu eins lítinn pappír og þú kemst upp með. Hættu í einnota drykkjarmálum og notaðu ílát sem þú getur notað aftur til að minnka pappírsrusl frá þér. Afþakkaðu heimsenda reikninga og fáðu þá rafræna í heimabankann í staðinn, og prentaðu út minna af pappír.
- Þú skalt endurvinna eins og þú getur. Það er auðvelt og hægt að fá borgað fyrir sumt af því sem þarf að henda.



## ● MYNSTRAÐ BAKKELSI

Heimabakaðar kökur bragðast betur þegar sálin er lögð í baksturinn. Falleg form gera síðan góða köku enn betri. Kökuform með fallegu munstri gera mikið fyrir bakkelsið. Víða er hægt að kaupa silíkonform með munstri sem þægilegt er að nota og skila munstrinu vel í kökuna. Þeir sem eru þó fyrir bakstur upp á gamla mátann eru munstruð kökuform úr áli áskorun en passa þarf að smyrja formin vel svo kakan komi heil upp úr forminu. Á kökuna sjálfa er svo nóg að strá flórsykri gegnum sigti, eða hella yfir hana mjög þunnum glassúr svo munstrið hverfi ekki undir hnausþykkt krem. Mynstruð kökuform úr áli eða stáli eru líka gullfalleg og ættu alls ekki að geymast ofan í skúffu.

## ● GÖMLU ÁHÖLDIN Í SUMARBÚSTAÐINN

Þó að eldhúsáhöldin séu farin að láta á sjá er engin ástæða til að fleygja þeim. Þau eru tilvalin í sumarbústaðinn því þar sem ekki þarf að nota þau daglega geta þau alveg dugað. Oft er líka mikil prýði af gömlum áhöldum svo þau skal hengja upp á vegg. Skrúfið slá upp á vegg og hengið áhöldin í stóra stálkróka. Gamli handþeytarinn hennar ömmu sómir sér vel innan um lúnar skeiðar og tætta bursta og gefur sumarbústaðnum heimilislegan blæ.



MYND/NORDICPHOTOS/GETTY




VILDARÁSKRIFT AÐ STÖÐ 2 INNIHELDUR AUK STIGVAXANDI AFSLÁTTAR. 512 5100 | STOD2.IS | VERSLANIR VODAFONE | VERSLANIR OG ÞJÓNUSTUVER SÍMANS 800 7000

**EVA GREEN LEIKKONA ER ÞRÍTUG Í DAG.**

*„Velgengni er hverful. Þú reiðir þig algerlega á löngun annarra og þess vegna er erfitt að slaka á.“*

***Eva Green er frönsk leikkona sem ólst upp í París. Hún vann BAFTA verðlaunin árið 2006 fyrir leik sinn í James Bond myndinni Casino Royale.***



# tímamót

timamot@frettabladid.is

**ÞETTA GERÐIST: 5. JÚLÍ 1996**

## *Fyrsta spendýrið klónað*

Þennan dag fyrir fjórtán árum var kindin Dolly fyrsta spendýrið sem var klónað. Fruman sem var klónuð var tekin úr brjóstkirtli og af þeim sökum var hún nefnd eftir hinni frægu söngkonu Dolly Parton. Dolly hefur verið kölluð frægasta kind heims samkvæmt vef breska ríkisútvarpsins BBC.

Dolly var borin á Roslin-stofnuninni í nálægt Edinborg í Skotlandi þar sem hún lifði alla sína ævi. Hún eignaðist sex afkvæmi og það fyrsta var kallað Bonnie en hún fæddist í apríl árið 1998. Næsta ár varð hún tvílembd og það þriðja þrílembd. Haustið 2001 þegar



Dolly var fimm ára fékk hún liðagigt og átti erfitt með gang. Gigtin var þó læknuð með bólgueyðandi lyfjum.

Dolly var svæfð 14. febrúar 2003 vegna vaxandi lungnasjúkdóms og alvarlegrar liðagigtar. Haft var eftir vísindamönnum á Roslin-stofnuninni að það hefði ekkert með það að gera að Dolly væri klónuð. Veikindi af því tagi sem Dolly glímdi við koma oft upp hjá kindum sem hafðar eru á húsi lengi, en þar hafi Dolly verið í sex ár.

Í dag er Dolly höfð til sýnis á hinu konunglega safni í Skotlandi.

**MERKISATBURÐIR**

**1080** Ísleifur Gissurarson, fyrsti íslenski biskupinn, andast í Skálholti.

**1541** Ögmundur Pálsson, síðasti kaþólski biskupinn í Skálholti, er tekinn fastur í skip sem flytur hann til Danmerkur.

**1811** Venesúela fær sjálfstæði frá Spáni.

**1846** Helgi Thordersen dómkirkjuprestur vígður biskup yfir Íslandi og gegnir embættinu í tuttugu ár.

**1851** Þjóðfundur sem fjallar um frumvarp dönsku ríkisstjórnarinnar um réttarstöðu Íslands er settur í húsi Lærða skólans í Reykjavík.

AFMÆLI



**PAUL SMITH** tískuhönnuður er 64 ára.



**EDIE FALCO** leikkona er 47 ára.



*Ástkær maðurinn minn, faðir, fósturfaðir, tengdafaðir, afi og langafi,*

**Vigfús Sólberg Vigfússon**

Rjúpnasölum 12, Kópavogi,

sem lést föstudaginn 24. júní, verður jarðsunginn frá Vídalínskirkju miðvikudaginn 7. júlí kl. 13.00.

**Margrét Kjartansdóttir**
**Jónína Vigfúsdóttir** **Páll Stefánsson**
**Lára E. Vigfúsdóttir**
**Magnús Ásmundsson** **Katrín F. Jónsdóttir**
**Ólafur Ásmundsson** **Salgerður Jónsdóttir**
**Svavar Ásmundsson** **Pálína Hinriksdóttir**
**Vivi Andersen**
**börn og barnabörn.**



*Innilegar þakkir færum við þeim sem sýndu okkur samúð og hlýhug við andlát og útför ástkærs föður, tengdaföður, afa og langafa,*

**Ólafs Kr. Þórðarsonar**

kennara frá Innri-Múla, Barðaströnd,
Hjallaseli 55, Reykjavík.

Sérstakar þakkir sendum við starfsfólki Seljahlíðar fyrir hlýja og góða umönnun.

**Kolbrún Ólafsdóttir** **Hörður Eiðsson**
**Skarphéðinn Ólafsson** **Sigríður M. Skarphéðinsdóttir**
**Þórður G. Ólafsson** **Jónína S. Jónasdóttir**
**barnabörn og barnabarnabörn.**




**Legsteinar og fylgihlutir**

- Mikið úrval
- Yfir 40 ára reynsla
- Sendum myndalista

**MOSAIK** Hamarshöfða 4 - 110 Reykjavík
Sími 587 1960 www.mosaik.is


Tilkynningar um merkisatburði, stórafmæli og útfarir má senda á netfangið **timamot@frettabladid.is.**

Auglýsingar á að senda á **auglysingar@frettabladid.is** eða hringja í síma 512 5000.



**VÍTAMÍNSPRAUTA FYRIR LISTALÍFIÐ** Lilja Gunnarsdóttir og Edda Kristín Sigurjónsdóttir undirbúa gerð gallerís á Vesturgötunni. FRÉTTABLAÐIÐ/ARNÞÓR

**GALLERÍHÁTÍÐIN VILLA REYKJAVÍK:** HALDIN Í FYRSTA OG EINA SKIPTIÐ

# Eins og tólf ný gallerí opni

Hátíðin Villa Reykjavík verður haldin nú í júlí þegar tólf evrópsk gallerí sækja höfuðborgina heim. Hátíðin hefst á föstudag næstkomandi og stendur út júlí.

„Árið 2006 stóð Raster-galleríið í Varsjá í Póllandi fyrir sambærilegri hátíð á yfirgefnum herragarði. Þar buðu þeir galleríum að koma og vera með sýningar og viðburðurinn fékk nafnið Villa Varsjá,“ segir Lilja Gunnarsdóttir, ein af skipuleggjendum hátíðarinnar Villa Reykjavík sem er haldin í fyrsta og eina sinn nú í júlí.

Skipuleggjendur hátíðarinnar í Varsjá komu til landsins og langaði að endurtaka leikinn í Reykjavík. „Pælingin er að búa til galleríþorp eða hverfi eins og tíðkast víða erlendis. Hugmyndin er að finna hús sem ekki eru notuð í augnablikinu og standa tóm og nýta þau undir myndlistarsýningar,“ segir Lilja og bætir við að húsin sem hafi orðið fyrir valinu séu Vesturgata 10, Tryggvagata 18 og Fiskkaupahúsið á Geirsgötu.

Lilja segir að vinatengsl hafi myndast milli Raster-gallerísins og Íslands. „Þau eru skipuleggjendur hátíðarinnar í samstarfi við i8 í Tryggvagötu og Kling og Bang á Hverfisgötu. Það verða líka sýningar hjá þessum tveimur galleríum í tengslum við hátíðina. Eitt erlendu galleríanna verður svo með sýningu í kaffistofunni við hliðina á Kling og Bang. Sýningar verða á stóru svæði í kringum höfnina og upp eftir Hverfisgötunni,“ segir Lilja brosandi.

Lilja vill meina að Villa Reykjavík verði mikil vítamínsprauta fyrir listalífið í höfuðborginni en tólf evrópsk listagallerí munu setja upp sýningar. „Það er bara eins og tólf ný gallerí opni hérna,“ segir Lilja en galleríin eru frá ýmsum löndum, þar á meðal frá Ítalíu, Frakklandi, Tyrklandi og Englandi.

Lilja segir að Raster-galleríið hafi séð um að kynna Villa Reykjavík fyrir erlendu galleríunum. „Ég held að það hafi bara gengið mjög vel að fá galleríin hingað. Það eru allir mjög spenntir að koma og opna sýningar hérna,“ upplýsir Lilju. Hún segir að fyrirhugað sé að íslenskir listamenn muni í tengslum við Villa Reykjavík setja upp sýningar erlendis líka.

Villa Reykjavík hefst á viðburðaviku frá 9. til 16. júlí. „Þá er opnunarvika með viðburðum á hverjum einasta degi. Það eru tónleikar, svo eru kvikmyndasýningar og ýmislegt fleira en enginn aðgangseyrir,“ segir Lilja. „Við erum í samstarfi við Havarí og Útúrdúr niðri í Austurstræti og þar verður húsband hátíðarinnar Villa Reykjavíkbandið sem samanstendur af íslenskum tónlistarmönnum og pólskum sem koma hingað sérstaklega fyrir hátíðina. Svo erum við í samstarfi við Bakkus þar sem fram kemur fjöldi tónlistarmanna.“ **martaf@frettabladid.is**



*Ástkær eiginkona mín, móðir, tengdamóðir og amma,*

**Hanna Ármann**

Sléttuvegi 17,

sem lést mánudaginn 28. júní á Landspítalanum, verður jarðsungin frá Bústaðakirkju þriðjudaginn 6. júlí kl. 13.00.

**Finnur Björnsson**
**Valdís Ella Finnsdóttir** **Jónas Ólafsson**
**Ólafur Jónasson** **Finnur Jónasson**
**Elvar Finnur Grétarsson** **Heiðar Kristján Grétarsson**
**Hannar Sindri Grétarsson**



*Sonur minn, bróðir okkar og mágur,*

**dr. Kjartan G. Ottósson**

prófessor við Háskólann í Osló,

sem lést mánudaginn 28. júní, verður jarðsunginn frá Bústaðakirkju þriðjudaginn 6. júlí kl. 11.

**Gyða Jónsdóttir**
**Óttar Ottósson**
**Helga Ottósdóttir** **Stefán S. Guðjónsson**
**Geirlaug Ottósdóttir** **Grímur Guðmundsson**
**Theodór Ottósson** **Árný Elíasdóttir**
**Helga Ehlers** **Reinhard Wolf**


TOPP
MORGNAR
SVALI OG
FÉLAGAR
ALLA
MORGNA
FRÁ
6:45–9
FM957
Topp tónlistarstöðin þín | www.fm957.is

VILTU VINNA
RISA
SJÓNVARP FRÁ LG?




HM LEIKUR
ELKO
ÞÚ GÆTIR UNNIÐ 42" LG SJÓNVARP

ÞÚ SENDIR SMS ESL HMV
Á NÚMERIÐ 1900
VIÐ SENDUM ÞÉR SPURNINGU UM HM.
ÞÚ SVARAR MEÐ ÞVÍ AÐ SENDA SMS
ESL A, B EÐA C Á NÚMERIÐ 1900.

GEGGJAÐIR AUKAVINNINGAR
LG GSM SÍMI · FULLT AF GOSI · FIFA WORLD CUP LEIKINN
DVD MYNDIR · TÖLVULEIKIR OG MARGT FLEIRA

ELKO

Vinningar verða afhendir í ELKO Lindum, Kópavogi. Með því að taka þátt ertu kominn í SMS klúbb. 149 kr/SMS-ið. Þú færð 5. mín. til að svara spurningu. Aðalvinningar dregnir út úr öllum skeytum 9. júlí.

# Hnattrænn skilningur

**BAKÞANKAR**
**Gerðar Kristnýjar**



Í fyrra var ég stödd á alþjóðlegri ljóðahátíð í Kolkata á Indlandi. Það var ljómandi skemmtilegt, naanbrauð snætt í hvert mál og handartak fólksins hlýlegra en víðast hvar annars staðar. Eftir tveggja daga linnulausan ljóðaflutning á bengölsku ákváðum við ferðafélagar mínir að bregða okkur á markað. Eitthvað forvitnilegt yrði maður nú að koma með heim frá þessum fjarlægu slóðum. Það var enginn vandi að rata því ekki leið á löngu þar til menn komu aðvífandi og smöluðu þeir okkur niður í steinsteyptan niðurgrafinn markað hvíslandi: „Sjöl, sjöl.“

**OG ÉG** var eins og litla stúlkan sem ætlaði að kaupa klæði í kjól á brúðuna sína. Við vorum heldur ekkert að tvínóna við þetta og í fyrstu búðinni sem varð á vegi okkar áskotnuðust okkur fallegir silkiklútar. Það var ekki fyrr en komið var aftur út á götu að sannleikurinn blasti við. Þetta var ekki silki og hafði aldrei verið. Öll vorum við sammála um að eilitlir prettir væru partur af prógramminu en okkur var þægð í því að láta sölukonuna, virðulega frú um sextugt, vita að við hefðum áttað okkur á bolabrögðunum. Við héldum því til baka og bárum henni á brýn að hafa farið heldur frjálslega með sannleikann.

**VIÐBRÖGÐ** konunnar komu á óvart því henni virtist fyrirmunað að skilja hvers vegna við vorum að gera veður út af viðskiptaháttum hennar. Hún brosti blíð á svip og sagði hæg í tíðinni: „You've got plenty of money“ eða „Þið eigið fullt af peningum.“ Vitaskuld hafði hún rétt fyrir sér, ekki hjó það stórt skarð í fjárhaginn að greiða 600 kr. fyrir afbragðs pólýester-tuskur. Ég skipti þeim nú samt, fékk ullarsjal í staðinn og þurfti að borga eilítinn mismun. Þegar heim var komið bar ég sjalið saman við það sem ég hafði keypt í bengalskri Rammagerð skammt frá markaðinum og komst að því að enn á ný hafði konan haft mig að féþúfu, enda staðföst í þeirri trú að ég ætti „plenty of money“.

**EINS** og ég var nú lens yfir framkomu konunnar hef ég nú fundið að á þessu eina og hálfa ári sem liðið er síðan fundum okkar bar saman hefur hugsunarháttur hennar birst mér víðar. Ólíkt því sem áður var læt ég mér nú í léttu rúmi liggja þótt ég sjái erlenda ferðamenn kaupa sér rándýrt vatn á brúsum í matvöruverslunum og þegar ég á von á útlendingum í heimsókn þegi ég þunnu hljóði yfir strætisvögnum borgarinnar, hvað þá ég bjóðist til að sækja þá, heldur segi þeim að taka bara leigubíl. Innra með mér, eins og hjá svo mörgum öðrum Íslendingum, hvíslar nefnilega bengölsk kvenrödd: „You've got plenty of money.“

## myndasögur

### Pondus
Eftir Frode Øverli




### Gelgjan
Eftir Jerry Scott & Jim Borgman




### Handan við hornið
Eftir Tony Lopes




### Barnalán
Eftir Jerry Scott & Rick Kirkman



# Óttast aðdáendur

Leikkonunni Kristen Stewart hefur alltaf liðið illa í sviðsljósinu og finnst óþægilegt að vera umkringd af öskrandi aðdáendum. Í nýlegu viðtali sagðist hún einnig hrædd um að aðdáendurnir muni einhvern tímann snúast gegn henni. „Mér líður mjög illa á rauða dreglinum. Ég horfi á mannfjöldann og hugsa með mér að allt þetta fólk gæti allt í einu ráðist á mig og drepið mig. Enginn öryggisvörður gæti verndað mig gegn öllu þessu fólki. Núna eru þetta aðdáendur mínir, en ég ímynda mér oft að þeir muni snúast gegn mér,“ sagði hin vænisjúka leikkona.



**HRÆDD LEIKKONA** Kristen Stewart segist hrædd við aðdáendur sína. NORDICPHOTOS/GETTY

# Kýld í eigin afmælispartíi

Vandræðagemlingurinn Lindsay Lohan sagði frá því á Twitter-síðu sinni að hún hafi verið kýld af þjónustustúlku í eigin afmælispartíi.

Lindsay hélt upp á 24 ára afmæli sitt á veitingastað í Los Angeles nú á dögum. Svo virðist sem Lindsay hafi setið með hafnaboltaleikaranum Doug Reinhardt og farið vel á með þeim.

Þjónustustúlkunni hefur eitthvað mislíkað þessi vinskapur því að upp úr þurru fór hún að leikkonunni og kýldi hana.

Heimildir herma að þjónustustúlkan eigi sér einhverja sögu með hafnaboltakappanum og hún því orðið svona afbrýðisöm.

Doug hafði engan áhuga á þessum kjánaskap í stelpunum og færði sig frá þeim. Við þetta hafi Lindsay hlaupið út af staðnum.

Það er aldrei rólegt í kringum Lindsay, það er alveg á hreinu. - ls



**VANDRÆÐAGEMLINGURINN HELDUR ÁFRAM** Minna fer fyrir jákvæðum fréttum af leikkonunni.



**MONTIN** Kate Bosworth er ánægð með nýja kærastann. NORDICPHOTOS/GETTY

# Montin með kærastann

**Leikkonan Kate Bosworth er komin á fast með sænska sjarmatröllinu Alexander Skarsgard og samkvæmt tímaritinu National Enquirer er stúlkan afskaplega ánægð með nýja kærastann. „Kate fór með vinkonum sínum á Chateau Marmont fyrir stuttu og það eina sem hún talaði um allan tímann var nýi kærastinn, Alexander. Hún sat þarna með þremur vinkonum sínum sem voru nógu almennilegar til að hlusta á hana án þess að trufla, en þeim var greinilega farið að finnast umræðuefnið þreytulegt þegar leið á kvöldið,“ var haft eftir sjónarvotti.**



**SLASAÐUR** Eiginmaður Tori Spelling liggur á gjörgæslu eftir að lunga hans féll saman.

# Eiginmaðurinn illa slasaður

**Eiginmaður leikkonunnar Tori Spelling, Dean McDermott, liggur illa slasaður á sjúkrahúsi eftir torfæruslys. McDermot var fluttur á spítala eftir að lunga hans féll saman og mun hann dvelja næstu daga á gjörgæslu þar til hann hefur náð fullum bata. McDermott lenti í öðru torfæruslysi fyrir á árinu og brotnaði þá á öxl. Mikið hefur verið fjallað um hjónaband Spelling og McDermotts frá því að þau létu pússa sig saman og telja sumir að hjónabandið sé aðeins til sýnis, en parið er með sinn eigin raunveruleikaþátt þar sem fylgst er með fjölskyldulífi þeirra.**


● 36 farfuglaheimili um allt land bjóða ykkur velkomin



# Farfuglaheimili eru frábær kostur fyrir alla fjölskylduna

Farfuglaheimilin eru öllum opin. Þau bjóða gestum sínum góða gistingu á hagkvæmu verði. Á farfuglaheimilum er heimilisleg stemning sem hentar vel fjölskyldum á leið sinni um landið.

Nánari upplýsingar um einstök farfuglaheimili er að finna á vef Farfugla www.hostel.is
Einnig er hægt að fá upplýsingar um heimilin í bæklingi sem liggur frammi á flestum upplýsingamiðstöðvum landsins.



Alls eru starfandi 36 farfuglaheimili hér á landi.
Þau bjóða upp á einstaklings- og fjölskylduherbergi og á öllum þeirra er eldunaraðstaða fyrir gesti.

Bókaðu gistingu á farfuglaheimilum í sumar – það næsta er aldrei langt undan.
Verið velkomin!

HOSTELLING INTERNATIONAL

Farfuglar | Borgartúni 6 | 105 Reykjavík | Sími 575 6700 | info@hostel.is | www.hostel.is

NÝTT Í BÍÓ!




SMÁRABÍÓ SÍMI 564 0000

| | | |
|---|---|---|
| KILLERS | kl. 3.30 - 5.45 - 8 - 10.20 | 12 |
| KILLERS LÚXUS | kl. 3.30 - 5.45 - 8 - 10.20 | 12 |
| GROWN UPS | kl. 3.30 - 5.45 - 8 - 10.20 | L |
| THE A-TEAM | kl. 5.20 - 8 - 10.30 | 12 |
| GET HIM TO THE GREEK | kl. 5.30 - 8 - 10.25 | 12 |
| HÚGÓ 3 | kl. 4 | L |

HÁSKÓLABÍÓ SÍMI 530 1919

| | | |
|---|---|---|
| KILLERS | kl. 5.45 - 8 - 10.15 | 12 |
| GROWN UPS | kl. 5.45 - 8 - 10.15 | L |
| GET HIM TO THE GREEK | kl. 5.40 - 8 -10.20 | 12 |
| ROBIN HOOD | kl. 9 | 12 |
| SNABBA CASH | kl. 6 | 16 |

BORGARBÍÓ SÍMI 462 3500

| | | |
|---|---|---|
| KILLERS | kl. 6 - 8 - 10 | 12 |
| GROWN UPS | kl. 6 - 8 | L |
| THE A-TEAM | kl. 10 | 12 |

facebook.com/smarabio



NÝTT Í BÍÓ LAUGARÁSBÍÓ Sími: 553 2075 - bara lúxus




LAUGARÁSBÍÓ SÝNINGARTÍMAR

| | | |
|---|---|---|
| KILLERS | 4, 6, 8 og 10 | 12 |
| GROWN UPS | 5.50, 8 og 10.10 | 10 |
| THE A-TEAM | 5.40, 8 og 10.20 | 12 |
| STREET DANCE-3D | 4 | 7 |
| SKÓGARDÝRIÐ HÚGÓ | 4 | L |






SAMBÍÓIN ÁLFABAKKA

| | | |
|---|---|---|
| TWILIGHT SAGA | kl. 3:20 - 6 - 8 - 8:30 - 10:40 - 11 | 12 |
| TWILIGHT SAGA : ECLIPSE | kl. 5:20 - 8 - 10:40 | VIP |
| NIGHTMARE ON ELM STREET | kl. 8 - 10:50 | 16 |
| LEIKFANGASAGA 3 - 3D ísl. Tali | kl. 3:20(3D) - 5:40(3D) | L |
| LEIKFANGASAGA 3 M/ ísl. Tali | kl. 3:20 - 5:40 | L |
| SEX AND THE CITY 2 | kl. 5 - 8 | 12 |
| THE LOSERS | kl. 10:40 | 12 |
| PRINCE OF PERSIA | kl. 3:20 - 5:40 - 8 - 10:20 | 10 |

SAMBÍÓIN SELFOSSI

| | | |
|---|---|---|
| TWILIGHT SAGA : ECLIPSE | kl. 8 - 10:30 | 12 |
| GET HIM TO THE GREEK | kl. 8 | 12 |
| THE LOSERS | kl. 10:30 | 12 |

SAMBÍÓIN KRINGLUNNI

| | | |
|---|---|---|
| TWILIGHT SAGA : ECLIPSE | kl. 5:20 - 8 - 10:40 | 16 |
| NIGHTMARE ON ELM STREET | kl. 5:40 - 10:50 | L |
| LEIKFANGASAGA 3 - 3D ísl. Tali | kl. 5:40(3D) | L |
| TOY STORY 3 M/ ensku Tali | kl. 10:20(3D) | 12 |
| SEX AND THE CITY 2 | kl. 8 | L |

SAMBÍÓIN AKUREYRI

| | | |
|---|---|---|
| TWILIGHT SAGA : ECLIPSE | kl. 8 - 10:35 | 12 |
| LEIKFANGASAGA 3 - 3D ísl tal | kl. 5:40 | L |
| TOY STORY 3 ensku tal | kl. 5:40 | L |
| SEX AND THE CITY 2 | kl. 9 | 12 |


# Ofuránægð með soninn

Ofurfyrirsætan Gisele Bündchen segir sjö mánaða gamlan son sinn, Benjamin, vera orðinn klósettvanann. „Hann hefur mjög reglulegar hægðir, tvisvar á dag, og ég set hann alltaf beint á koppinn. Það er þó örlítið erfiðara að fá hann til að pissa í koppinn,“ sagði hin stolta móðir.

Bunchen segist jafnframt vera svo stolt af syninum að í hvert sinn sem hann hafi gert í koppinn kalli hún á tvíburasystur sína og fái hana til að koma og dást af árangrinum með sér. „Í hvert sinn sem ég kalla á hana segir hún við mig: Ég hef ekki áhuga.“ Fyrirsætan segist einnig ánægð með árangurinn þar sem bleiunotkun hafi slæm áhrif á umhverfið. „Bleiur hafa vond áhrif á náttúruna. Hvert fer allt þetta rusl? Ég hef í rauninni eytt allri ævinni í vinnu og auðvitað vill maður kaupa sér flott og fallegt hús fyrir launin sín. Húsið sem ég bý í er mjög vistvænt og mér finnst mikilvægt að fólk leiti vistvænna lausna í öllu.“



**STOLT MÓÐIR** Gisele Bündchen segir son sinn vera klósetvanann, en hann er aðeins sjö mánaða gamall. NORDICPHOTOS/GETTY





**ORÐINN FAÐIR**

**Cristiano Ronaldo** er orðinn faðir og mun ala soninn upp eins síns liðs. Hann hefur áður verið kenndur við konur á borð við Paris Hilton og Kim Kardashian. NORDICPHOTOS/GETTY

# RONALDO ORÐINN PABBI

**Fótboltamaðurinn og kvennabósinn Ronaldo upplýsti á heimasíðu sinni að hann væri orðinn stoltur faðir.**

„Það er með gleði sem ég segi frá því að ég er orðinn faðir. Að ósk móður barnsins, sem vill ekki láta nafn síns getið, mun sonur minn vera undir minni forsjá,“ ritaði fótboltamaður á síðu sinni. Samkvæmt portúgalska dagblaðinu Correio da Manha er móðir barnsins bandarísk og fæddist drengurinn í byrjun júní. Móðir Ronaldos mun aðstoða fótboltamanninn við uppeldið, en hann hefur fullt forræði yfir barninu.

Ronaldo dvaldi í Bandaríkjunum sumarið 2009 eftir sambandsslit sín við spænsku fyrirsætuna Nereida Gallardo og á hann þá að hafa sængað hjá fjórum konum á jafn mörgum dögum. Portúgalski sjarmurinn hefur verið kenndur við margar glæsilegar konur og má þar á meðal nefna hótelerfingjann Paris Hilton, raunveruleikastjörnuna Kim Kardashian og nú rússnesku undirfatafyrirsætuna Irinu Shayk en þau sáust fyrst saman þegar þau nutu lífsins á snekkju rétt fyrir utan Korsíku og hafa verið par síðan þá.

# Börnin hafa áhyggjur af Jolie

Leikkonan Angelina Jolie er dugleg við að kynna nýjustu kvikmynd sína, Salt, með blaðaviðtölum og opinberum heimsóknum. Leikkonan segir börn sín hafa séð brot úr myndinni fyrir stuttu og varð einn sonur hennar, Pax, mjög áhyggjufullur eftir áhorfið. „Pax varð miður sín yfir því að einhver væri að meiða móður hans. Hann sá mig með bundna fætur og varð mjög reiður og ég þurfti að útskýra fyrir honum að mig hafði ekki sakað,“ sagði Jolie.

Hún sagði börnin oft verða hissa við breytingarnar sem móðir þeirra þarf að ganga í gegnum fyrir kvikmyndahlutverkin, en Jolie þurfti að lita hárið á sér ljóst fyrir hlutverkið í Salt. „Þau verða stundum svolítið ringluð og vita ekki alveg hvað skal halda. Þeim finnst meira að segja skrítið þegar ég skipti um háralit.“



**SKRÍTIN VINNA** Angelina Jolie segir börn sín oft verða ringluð þegar þau sjá móður sína á skjánum. NORDICPHOTOS/GETTY

# Hrifinn af áströlskum konum

Breski leikarinn Ed Westwick, sem fer með hlutverk Chuck Bass í sjónvarpsþáttunum Gossip Girl, segist vera hrifinn af eldri konum. Inntur eftir því hvort hann eigi sér laumuskot segist hann hrifinn af leikkonunni Scarlett Johansson. „Ég er mjög hrifin af Scarlett Johansson og Miröndu Kerr, en einhver sagði mér að hún væri nú trúlofuð og Scarlett er gift. Ég er hrifinn af eldri konum, þær sem eru á mínum aldri eru ekki að gera neitt fyrir mig. Ég leita frekar eftir sambandi við eldri konur.“ Westwick segist jafnframt hrifnastur af áströlskum konum, því næst enskum og í þriðja sæti koma bandarískar konur.

Leikarinn, sem þykir vera með fallega loðna bringu, segist aðeins einu sinni hafa pælt í að vaxa sig. „Ég hugsaði fyrst um það um daginn, en ég held ég muni ekki gera það, nema þá ef ég neyddist til að gera það fyrir eitthvert hlutverk.“



**VILL ELDRI KONUR** Leikarinn Ed Westwick segist hrifnastur af áströlskum konum. NORDICPHOTOS/GETTY

Nikon

*At the heart of the image*




## NIKON S3000 Sumartilboð

Nett og meðfærileg myndavél með
4x aðdrætti - hentar við öll tilefni.
Íslenskur leiðarvísir.
Nú fylgir Golla taska að verðmæti
3.500 kr. með. **Verð: 29.995 kr.**



# I AM YOUR BEST SUMMER DEAL




## NIKON D3000 Sumartilboð

Frábær stafræn SLR myndavél fyrir
byrjendur. GUIDE valmyndin auðveldar þér
að taka betri myndir strax. Nú fylgir með
taska, 2GB minniskort, linsuklútur og
strandbolti ásamt íslenskum leiðarvísi og
Nikon School námskeiði.
**Verð frá 99.995 kr.**




**www.iamnikon.is**

**Heimilistæki** Suðurlandsbraut 26 og umboðsmenn um land allt | **Sjónvarpsmiðstöðin** Síðumúla 2 | **Beco** Langholtsvegi 84 | **Fotoval** Skipholti 50b | **MAX** Kauptúni 1

## > Björgvin og Þorsteinn á EM í frjálsum



Björgvin Víkingsson, FH, og Þorsteinn Ingvarsson, HSÞ, tryggðu sér um helgina þátttökurétt á Evrópumeistaramótinu sem fer fram í Barcelona síðar í mánuðinum. Þorsteinn bætti sinn besta árangur í langstökki er hann stökk 7,79 metra á móti Gautaborg í Svíþjóð. Það dugði Þorsteini til sigurs í mótinu. Björgvin keppti í 400 metra grindahlaupi á sterku móti í Sviss en hann kom í mark á 51,77 sekúndum. Það er hans næstbesti árangur í greininni frá upphafi. Alls munu sjö Íslendingar keppa í Barcelona.

**sport**

sport@frettabladid.is

HEIMIR GUÐJÓNSSON: ÞJÁLFARI FH ÁNÆGÐUR MEÐ SÍNA MENN ÞRÁTT FYRIR JAFNTEFLI

# Það var bara eitt lið á vellinum



„Þetta var frábærlega spilaður leikur af hálfu FH því það var bara eitt lið á vellinum allan leikinn. Við misstum aðeins einbeitingu þegar þeir skoruðu markið en við óðum í færum og vorum klaufar upp við mark Keflvíkinga," sagði Heimir Guðjónsson, þjálfari FH, eftir 1-1 jafntefli gegn Keflvíkingum í gær. FH-ingar misnotuðu vítaspyrnu í fyrri hálfleik en heimtuðu aðra vítaspyrnu rétt fyrir leikhlé eftir að boltinn fór í höndina á varnarmanni Keflavík. Erlendur Eiríksson, dómari leiksins, sá ekkert athugavert við þetta og lét leikinn halda áfram.

„Fróðir menn segja það að þetta hafi verið víti en ég sá það ekki nógu vel. Þetta er bara partur af þessu að sjá þegar þetta gerist."

Heimir var mjög ánægður með sína menn eftir leikinn í gær og segist alls ekki kvíða framhaldinu ef leikmenn hans halda áfram að spila líkt og þeir gerðu á móti Keflavík.

„Það sem þarf að gerast er að við þurfum að fara að nýta færin betur og halda einbeitingunni betur, sérstaklega í föstum leikatriðum. Ef við gerum það þá kvíð ég ekki framhaldinu því að FH-liðið sem spilaði í þessum leik var að mínu mati virkilega gott," sagði Heimir en FH-ingar verði nú að fara heim á æfingarsvæðið og æfa sig að hitta markið þar sem þeir fengu mörg góð marktækifæri í leiknum án þess þó að ná að gera sér mat úr því.

„Miðað við hvernig leikurinn spilaðist þá vildum við fá öll þrjú stigin og áttum það skilið en það er ekkert spurt að því í fótbolta. Nú verðum við að fara og æfa okkur að skjóta á markið í staðinn fyrir framhjá eða yfir það," sagði Heimir.

**Keflavík 1-1 FH**

Sparisjóðsv. Kefl., áhorf.: 2.170 — Erlendur Eiríksson (5)

*1-0 Guðmundur Steinarsson (27.)*
*1-1 Ólafur Páll Snorrason (61.)*

**TÖLFRÆÐIN**

| | |
|---|---|
| Skot (á mark) | 12–16 (7–7) |
| Varin skot | Ómar 5 – Gunnleifur 6 |
| Horn | 7–11 |
| Aukaspyrnur fengnar | 10–5 |
| Rangstöður | 3–2 |

| KEFLAVÍK 4–5–1 | | FH 4–3–3 | |
|---|---|---|---|
| Ómar Jóhannsson | 7 | Gunnl. Gunnleifss. | 7 |
| Guðjón Á. Antoníuss. | 6 | Guðm. Sævarsson | 6 |
| Haraldur Fr. Guðm. | 7 | Hafþór Þrastarson | 6 |
| Bjarni Hólm Aðalst. | 6 | Tommy Nielsen | 6 |
| Alen Sutej | 7 | Hjörtur L. Valgarðss. | 5 |
| (65. Jóhann Guðm. | 6) | Pétur Viðarsson | 5 |
| Einar Orri Einarsson | 6 | Björn D. Sverrisson | 6 |
| Paul McShane | 6 | Matthías Vilhjálmss. | 6 |
| (59. Brynjar Guðm. | 6) | Atli Guðnason | 6 |
| Hólmar Örn Rúnarss. | 6 | Ólafur Páll Snorrason | 7 |
| Magnús Þorsteinss. | 6 | Atli Viðar Björnsson | 5 |
| ***Guðm. Steinarsson** | **7** | (73. Bjarki Gunnl. | -) |
| Magnús Þ. Matthíass. | 6 | | |
| (88. Ómar Karl Sig. | -) | | |

**Maður leiksins*

**KR 1-0 Grindavík**

KR-völlur, áhorf.: 1.059 — Einar Örn Daníelsson (6)

*1-0 Bjarni Guðjónsson (13.)*

**TÖLFRÆÐIN**

| | |
|---|---|
| Skot (á mark) | 12–12 (6–6) |
| Varin skot | Moldsked 5 – Rúnar Dór 5 |
| Horn | 4–6 |
| Aukaspyrnur fengnar | 20–12 |
| Rangstöður | 1–2 |

| KR 4–3–3 | | GRINDAV. 4–4–2 | |
|---|---|---|---|
| Lars Ivar Moldsked | 7 | Rúnar Dór Daníelss. | 6 |
| Eggert R. Einarsson | 5 | Loic Mbang Ondo | 5 |
| Mark Rutgers | 5 | Auðun Helgason | 6 |
| (32. Gunnar Örn J. | 6) | Orri Freyr Hjaltalín | 6 |
| Grétar S. Sigurðarson | 7 | Jósef Kr. Jósefsson | 4 |
| Guðm. R. Gunnarss. | 7 | Scott Ramsay | 6 |
| Baldur Sigurðsson | 6 | Matthías Friðriksson | 5 |
| ***Bjarni Guðjónsson** | **8** | Jóhann Helgason | 6 |
| Viktor Bjarki Arnarss. | 5 | Páll Guðmundsson | 5 |
| Óskar Örn Hauksson | 6 | (57. Óli B. Bjarnas. | 5) |
| Kjartan H. Finnbogas. | 5 | Grétar Hjartarson | 4 |
| Björgólfur Takefusa | 4 | (84. Vilhjálmur Darri | -) |
| | | Gilles Mbang Ondo | 6 |

**Maður leiksins*

# Fyrst og fremst góður vinnusigur

ÍBV vann í gær sinn fjórða sigur í síðustu fimm leikjum liðsins í Pepsi-deild karla og varð í gær fyrsta liðið í sumar til að vinna Stjörnuna í Garðabænum. „Við erum bara með gott lið," sagði fyrirliðinn Andri Ólafsson.

**FÓTBOLTI** ÍBV komst á topp Pepsi-deildar karla með góðum 2-0 útisigri á Stjörnunni í fyrsta leik 10. umferðar í gær. Þeir Tryggvi Guðmundsson og Denis Sytnik skoruðu mark Eyjamanna í gær sem vörðust þó lengst af í leiknum.

„Við erum einfaldlega með gott lið," sagði Andri Ólafsson, fyrirliði ÍBV, eftir leikinn. „Ég var mjög ánægður með frammistöðuna. Þetta var fyrst og fremst góður vinnusigur hjá okkur en samt nokkuð dýr. Við fengum of mikið af gulum spjöldum og það eru margir leikmenn komnir með þrjú spjöld í sumar."

Það var þó þessi barátta Eyjamanna sem reyndist þeim dýrmæt í leiknum í gær. Eftir að Tryggvi hafði komið ÍBV yfir strax á fjórðu mínútu náðu heimamenn fljótlega undirtökunum í leiknum. En þó svo að Stjarnan var talsvert meira með boltann gekk illa að skapa færi fyrir framan mark Eyjamanna. Ellert Hreinsson fékk tvö bestu færin undir lok fyrri hálfleiks en Albert Sævarsson sá við honum í bæði skiptin.

Í seinni hálfleik voru Stjörnumenn meira með boltann en Eyjamenn beittu skyndisóknum. Eftir eina slíka sendi Tryggvi stungusendingu inn fyrir vörn Stjörnunnar á varamanninn Denis Sytnik sem vippaði boltanum glæsilega yfir Bjarna Þórð í marki Stjörnunnar. Hann gerði þar með út um leikinn.

„Það var ferlegt að byrja ekki leikinn almennilega og þurfa að elta þetta mark sem við fengum á okkur í byrjun. Þar sváfum við einfaldlega á verðinum," sagði Bjarni Jóhannsson, þjálfari Stjörnunnar.

„Mér fannst við þó spila ágætlega og boltinn gekk þokkalega manna á milli. Við vorum þó óþolinmóðir í sókninni og komumst ekki nægilega oft á bak við bakverðina þeirra. Þegar það tókst fengum við færi en þau sem við fengum nýttum við alls ekki nógu vel. Undir lokin setti ég svo Tryggva [Bjarnason] fram í sóknina til að eiga góðan skallamann frammi en það gekk ekki. Það vantaði einhvern neista í sóknarleikinn hjá okkur."

Hann hrósaði einnig liði ÍBV eftir leikinn „Þetta er flott lið og afar vel skipulagt. Þeir eru klókir og stemningin er þeirra megin."

Enski varnarmaðurinn James Hurst lék með ÍBV í gær en hann er lánsmaður frá Portsmouth. Til stóð að hann myndi snúa aftur til Englands en félagið ákvað að leyfa honum að spila lengur á Íslandi.

„Þetta var frábær sigur. Við byrjuðum vel en þeir tóku fljótlega völdin eftir það. Það var því frábært að ná að seinna markinu og klára leikinn," sagði Hurst.

„Mér líður vel á Íslandi og er mjög ánægður að fá að vera lengur hjá ÍBV. Ég hef verið að bæta mig hér enda knattspyrnan góð á Íslandi," bætti hann við.

eirikur@frettabladid.is



**FÖGNUÐUR** Eyjamenn fögnuðu sigrinum í gær vel og innilega. FRÉTTABLAÐIÐ/DANÍEL



**ÖFLUG VÖRN** Eiður Aron Sigurbjörnsson og James Hurst héldu þeim Halldóri Orra Björnssyni og félögum í Stjörnunni í skefjum í gær. FRÉTTABLAÐIÐ/DANÍEL

**STJARNAN 0-2 ÍBV**

*0-1 Tryggvi Guðmundsson (4.)*
*0-2 Denis Sytnik (89.)*

Stjörnuvöllur, áhorf.: 718

Dómari: Magnús Þórisson (5)

**TÖLFRÆÐIN**

| | |
|---|---|
| Skot (á mark) | 12–11 (8–5) |
| Varin skot | Bjarni 3 – Albert 8 |
| Horn | 7–3 |
| Aukaspyrnur fengnar | 16–12 |
| Rangstöður | 4–4 |

**Stjarnan 4–5–1** Bjarni Þ. Halldórsson 6 – Baldvin Sturluson 7, Daníel Laxdal 6, Marel Baldvinsson 6, Jóhann Laxdal 5 – Dennis Danry 5, Þorvaldur Árnason 4 (65. Hilmar Hilmarss. 5), Atli Jóhannsson 5 (77. Tryggvi Bjarnason -), Halldór Orri Björnsson 5, Steinþór Fr. Þorsteinsson 5 – Ellert Hreinsson 4.

**ÍBV 4–3–3** Albert Sævarsson 8 – James Hurst 7, ***Eiður Aron Sigurbjörnsson 8**, Rasmus Christiansen 7, Matt Garner 7 – Finnur Ólafsson 7, Tony Mawejje 5 (84. Ásgeir Aron Ásgeirsson -), Þórarinn Ingi Valdimarsson 6 – Eyþór Helgi Birgisson 5 (65. Denis Sytnik 7), Andri Ólafsson 7, Tryggvi Guðmundsson 8 (90. Yngvi M. Borgþórsson -).

Bjarni Guðjónsson tryggði KR 1-0 sigur á Grindavík í Pepsi-deild karla í gærkvöldi:

# Góðir Grindvíkingar með tóma vasa

**FÓTBOLTI** „Ég er hundsvekktur með að tapa þessum leik," sagði Auðun Helgason, leikmaður Grindavíkur, eftir að liðið tapaði 1-0 á KR-vellinum í gær. „Við spiluðum rosalega vel fyrir utan fyrsta korterið. Mér fannst við betri á öllum stöðum en við náðum ekki að nýta okkur það."

Eina mark leiksins skoraði Bjarni Guðjónsson á þrettándu mínútu. Grindvíkingar áttu margar stórhættulegar sóknir og fengu nokkur úrvalsfæri til að jafna metin. Grétar Hjartarson fór illa að ráði sínu eftir einu mistök markvarðar KR í leiknum og þá bjargaði Guðmundur Reynir Gunnarsson á marklínu eftir hornspyrnu.

„Þeir lifðu þetta af í dag. Við eigum á brattann að sækja en þetta var langbesta frammistaða Grindvíkinga í sumar. Ef við spilum svona áfram þá þurfum við ekki að hafa neinar áhyggjur. Við verðum bara að nýta færin," sagði Auðun.

Logi Ólafsson var kátur eftir leik enda sigurinn nauðsynlegur fyrir KR-inga sem hafa nú náð að slíta sig frá botninum. „Við vissum að þetta gæti orðið barningur og þetta var mjög erfitt. Við lékum mjög erfiðan leik í Evrópukeppninni og gerðum okkur alveg grein fyrir því að við vorum að mæta mjög góðu fótboltaliði þó að úrslitin hafi ekki verið að falla með þeim frekar en okkur," sagði Logi. „Þetta var virkilega kærkominn, erfiður og mikilvægur sigur. Grindavík er með leikmenn eins og Grétar, Auðun, Scott Ramsey og Ondo-bræðurna. Þessir menn eru mjög flinkir fótboltamenn og eru hluti af góðu liði. Ég hef trú á því að þeir rísi upp."

Leikurinn í gær var opinn og skemmtilegur og uppfullur af færum. Miðað við spilamennsku Grindavíkur stóran hluta leiksins er í raun stórmerkilegt að liðið sé í þessari stöðu. En fótboltinn snýst um að skora mörk og þrátt fyrir að hafa skapað mikla hættu fóru Grindvíkingar mjög illa með færin. KR-ingar fara með bros á vör með þrjú stig úr þessum leik.

Markvörðurinn Lars Ivar Moldsked bjargaði nokkrum sinnum vel og hefur heldur betur fundið fjölina eftir arfadapra byrjun. Bjarni Guðjónsson bar uppi miðjuna hjá KR-ingum en mennirnir í kringum hann voru talsvert frá sínu besta.

\- egm



**BARÁTTA Í LOFTINU** Það var tekið á því í leik KR og Grindavíkur í gær. FRÉTTABLAÐIÐ/DANÍEL

## PEPSI-DEILDIN

**STAÐAN**

| | | | | | | |
|---|---|---|---|---|---|---|
| **ÍBV** | **10** | **6** | **2** | **2** | **16-8** | **20** |
| Keflavík | 10 | 5 | 4 | 1 | 11-9 | 19 |
| **Breiðablik** | **9** | **5** | **2** | **2** | **19-12** | **17** |
| Fram | 9 | 4 | 4 | 1 | 15-10 | 16 |
| **Valur** | **9** | **4** | **3** | **2** | **15-13** | **15** |
| FH | 10 | 4 | 3 | 3 | 16-16 | 15 |
| **Stjarnan** | **10** | **3** | **4** | **3** | **20-15** | **13** |
| KR | 10 | 3 | 3 | 4 | 14-15 | 12 |
| **Fylkir** | **9** | **3** | **2** | **4** | **17-19** | **11** |
| Selfoss | 9 | 2 | 1 | 6 | 11-17 | 7 |
| **Grindavík** | **10** | **2** | **0** | **8** | **10-20** | **6** |
| Haukar | 9 | 0 | 4 | 5 | 9-19 | 4 |

**NÆSTU LEIKIR**

| | |
|---|---|
| **Selfoss - Breiðablik** | **í kvöld kl. 19.15** |
| Haukar - Fylkir | í kvöld kl. 19.15 |
| **Fram - Valur** | **í kvöld kl. 20.00** |

**MARKAHÆSTU LEIKMENN**

| | |
|---|---|
| **Albert Brynjar Ingason, Fylki** | **6 mörk** |
| Halldór Orri Björnsson, Stjörnunni | 6 mörk |



**RAFAEL NADAL** Hér með sigurlaunin sín í gær en þetta var í annað skiptið á ferlinum sem hann fagnaði sigri á Wimbledon-mótinu. NORDIC PHOTOS/GETTY

Rafael Nadal sigraði á Wimbledon í annað skiptið:

# Auðvelt hjá Nadal

**TENNIS** Spánverjinn Rafael Nadal sigraði í gær á Wimbledon-mótinu í tennis í annað skipti á ferlinum eftir að hafa borið sigurorð af Tékkanum Tomas Berdych í úrslitaleiknum, 6-3, 7-5 og 6-4. Sigurinn var nokkuð öruggur hjá Nadal og stóð viðureignin yfir í aðeins rétt rúmar tvær klukkustundir.

Nadal vann sinn fyrsta titil á Wimbledon fyrir tveimur árum en gat ekki varið hann í fyrra þar sem hann var meiddur. Nadal hefur því unnið fjórtán viðureignir í röð á mótinu. Hann hefur nú unnið átta stórmótstitla á ferlinum, þar af fimm á opna franska meistaramótinu.

„Síðasta ár var erfitt hjá mér og það er frábært að hafa snúið aftur í ár og tekist að klófesta þennan bikar. Það er meira en mig gat dreymt um," sagði Nadal eftir sigurinn í gær.

Nadal sýndi og sannaði að hann er besti tenniskappi heims um þessar mundir en naut óneitanlega góðs af því að Berdych hafði slegið bæði Roger Federer og Novak Djokovic úr leik fyrr í mótinu. Nadal er í efsta sæti heimslistans en þessir tveir koma næstir.

Þetta var í fyrsta sinn sem Berdych, sem er í þrettánda sæti listans, kemst í úrslit á stórmóti en í gær mætti hann einfaldlega ofjarli sínum. **- esá**

Norski boltinn byrjaði aftur að rúlla um helgina:

# Brann byrjaði á sigri

**FÓTBOLTI** Keppni í norsku úrvalsdeildinni hófst aftur um helgina eftir sumarfrí. Íslendingaliðið Brann náði sér illa á strik í vor en fagnaði í gær góðum 3-0 útisigri á Kongsvinger.

Ólafur Örn Bjarnason, þjálfari Grindavíkur, lék allan leikinn í vörn Brann sem og Birkir Már Sævarsson. Ólafur snýr þó aftur til Íslands síðar í mánuðinum.

Birkir Bjarnason lagði upp eitt mark í 3-0 sigri Viking á Odd Grenland. Árni Gautur Arason var í marki Odd Grenland. Þá léku þeir Björn Bergmann Sigurðarson og Stefán Logi Magnússon með Lillestrøm sem tapaði 4-1 fyrir Vålerenga á heimavelli. **- esá**

ENNEMM / SÍA / NM42665

Svooona gott





Sumt breytist aldrei

Enn sem fyrr býður Gerber upp á mikið úrval af næringarríkum, hollum og góðum barnamat. Veldu aðeins það besta fyrir barnið þitt, því lengi býr að fyrstu gerð.

Gerber
Því lengi býr að fyrstu gerð

Ertu með ábendingu er varðar dreifingu Fréttablaðsins ?
Við tökum vel á móti öllum ábendingum.
FRÉTTABLAÐIÐ www.visir.is/posthusid – sími 585 8330



Góðir ferðafélagar í sumar
Deuter bakpokarnir eru mest verðlaunuðu bakpokar seinni ára

**Deuter Aircontact Pro**
Sá vandaðasti úr smiðju Deuter.
Frábært stillanlegt burðarkerfi.
Fáanlegur í ýmsum stærðum f. dömur og herra.




50+15 L
Verð: 44.990 kr.
55+15 L
Verð: 47.990 kr.
60+15 L
Verð: 49.990 kr.
70+15 L
Verð: 49.990 kr.

**Deuter Aircontact**
Margverðlaunaður bakpoki! Góður í lengri ferðir.
Vandað, stillanlegt burðarkerfi. Regnyfirbreiðsla.
Fáanlegur í ýmsum stærðum f. dömur og herra.




45+10 L
Verð: 31.990 kr.
55+10 L
Verð: 34.990 kr.
65+10 L
Verð: 42.990 kr.
75+10 L
Verð: 47.990 kr.

**Deuter Futura**
Okkar vinsælustu dagpokar! Með frábæru öndunarkerfi í baki. Regnyfirbreiðsla og ýmsar festingar. Fáanlegur í ýmsum stærðum.



22 L
Verð: 15.990 kr.
28 L
Verð: 17.990 kr.
32 L
Verð: 19.990 kr.
42 L
Verð: 23.990 kr.

ÍSLENSKA/SIA.IS/UTI 50634 06/10

HOLTAGÖRÐUM • GLÆSIBÆ • KRINGLUNNI • SMÁRALIND • www.utilif.is

ÚTILÍF

## ÚRSLIT

### 16-LIÐA ÚRSLIT

| | |
|---|---|
| **Argentína - Þýskaland** | **0-4** |
| 0-1 Thomas Müller (3.), 0-2 Miroslav Klose (68.), 0-3 Arne Friedrich (74.), 0-4 Miroslav Klose (89.). | |
| **Paragvæ - Spánn** | **0-1** |
| 0-1 David Villa (83.). | |

### UNDANÚRSLITIN

| | |
|---|---|
| **Úrúgvæ - Holland** | **á morgun kl. 18.30** |
| Þýskaland - Spánn | miðvikudag kl. 18.30 |

### MARKAHÆSTU MENN

| | |
|---|---|
| **David Villa, Spáni** | **5 mörk** |
| Gonzalo Higuain, Argentínu | 4 |
| **Miroslav Klose, Þýskalandi** | **4** |
| Thomas Müller, Þýskalandi | 4 |
| **Wesley Sneijder, Hollandi** | **4** |
| Robert Vittek, Slóvakíu | 4 |

Spánn komst í undanúrslit á HM með 1-0 sigri á Paragvæ eftir dramatískan síðari hálfleik:

# Spánn í undanúrslit á HM í fyrsta sinn

**FÓTBOLTI** Spánverjar komust í undanúrslit á HM í Suður-Afríku með 1-0 sigri á Paragvæjum um helgina og þótt ótrúlega megi virðast er þetta í fyrsta sinn sem þetta knattspyrnustórveldi kemst í undanúrslit í heimsmeistarakeppni. Spánverjar eru ríkjandi Evrópumeistarar og munu mæta Þýskalandi í undanúrslitunum en þessi lið mættust einmitt í úrslitum EM 2008.

Hetja Spánverja í leiknum á laugardaginn var David Villa sem hefur nú skorað í fjórum leikjum í röð í Suður-Afríku og er nú markahæsti leikmaður keppninnar með fimm mörk. Markið skoraði hann undir lok leiksins þegar hann fylgdi eftir skoti Pedro sem hafnaði í stönginni.

Fyrr í síðari hálfleik höfðu bæði lið misnotað vítaspyrnu. Fyrst varði Iker Casillar frá Oscar Cardozo og aðeins tveimur mínútum síðar varði Justo Villar frá Xabi Alonso. Alonso skoraði reyndar fyrst en vítið var dæmt ólöglegt og þurfti hann að endurtaka það.

„Þetta var afar óþægilegur leikur en við áttum svo sem von á því," sagði Vicente del Bosque landsliðsþjálfari Spánar. „Á mínum tíma sem landsliðsþjálfari hefur liðinu aldrei liðið jafn illa á vellinum og gefið svo margar lélegar sendingar í einum leik. En þeir leyfðu okkur ekki að spila eins og við erum vanir."

Hann sagði þetta þó frábæran árangur fyrir spænska knattspyrnu og Del Bosque á von á hörkuleik gegn Þýskalandi í undanúrslitum. „Við vorum ekkert sérstaklega góðir í dag en við vitum að við höfum það sem þarf til að vinna Þjóðverjana."

Það skal þó tekið fram að Spánn varð í fjórða sæti á HM í Brasilíu árið 1950 en þá voru engir leikir í undanúrslitum og úrslitum heldur úrslitariðill. Spánverjum hefur gengið betur á Evrópumeistaramótum og tvívegis fagnað sigri á þeim vettvangi. Alls hefur liðið komist þrisvar í undanúrslit á EM og ávallt sigrað og komist í úrslitin. **- esá**



**FIMM MARKA MAÐUR** David Villa var hetja Spánverja um helgina, enn og aftur. NORDIC PHOTOS/AFP



**FYRIRLIÐINN** Iker Casillas fagnar eftir sigurinn á Paragvæ um helgina. NORDIC PHOTOS/AFP

Iker Casillas varði víti:

## Reina að þakka

**FÓTBOLTI Iker Casillas, fyrirliði og markvörður spænska landsliðsins, þakkaði Pepe Reina fyrir að hann varði víti Oscars Cardozo í leik Spánar og Paragvæs í fjórðungsúrslitum HM. Spánn vann leikinn, 1-0.**

**„Það var tilviljun að ég varði vítið," sagði Casillas. „Ég skutlaði mér eins og ég gerði vegna þess að ég var að ræða við Pepe Reina fyrir leikinn og hann sagði mér að Cordozo myndi líklegast skjóta í vinstra hornið. Það var því innsæi, heppni og hjálp liðsfélaga að þakka að ég varði vítið."**

**Reina er markvörður Liverpool og varamarkvörður spænska landsliðsins. „Hann á allt lof skilið því hann varði vítaspyrnuna," sagði Reina. „Ég veit ekki hvort ég hjálpaði til eða bara ruglaði hann í ríminu. En ég sagði þetta því það var þannig sem Cordozo tók víti fyrir Benfica í leik gegn mér á sínum tíma."** **- esá**

# Spiluðum eins og sannir meistarar

**Þýskaland sýndi allar sínar bestu hliðar er liðið vann ótrúlegan 4-0 sigur á Argentínu í fjórðungsúrslitum HM í Suður-Afríku. „Liðið spilaði nánast fullkominn leik," sagði Joachim Löw, landsliðsþjálfari Þjóðverja.**

**FÓTBOLTI** Þýskaland er komið í undanúrslit á HM í Suður-Afríku eftir glæsilegan 4-0 sigur á Diego Maradona og lærisveinum hans í landsliði Argentínu. Miroslav Klose skoraði tvö marka Þýskalands og þeir Thomas Müller og Arne Friedrich eitt hvor.

„Liðið spilaði nánast fullkominn leik. Við spiluðum eins og sannir meistarar," sagði Joachim Löw, þjálfari þýska liðsins, eftir leikinn. „Úrslitin eru nánast ótrúleg því Argentína er með sterka vörn. Það var fyrsta flokks að hafa náð að skora svo mörg mörk."

Þjóðverjar byrjuðu leikinn af miklum krafti og skoraði Müller strax á þriðju mínútu. Hin mörkin þrjú komu svo í síðari hálfleik þar sem agaður þýskur sóknarleikur fór illa með argentínsku vörnina.

„Þetta eru mikil vonbrigði fyrir mig," sagði Maradona sem hefur verið mikið í sviðsljósinu í Suður-Afríku. „Það verður erfitt að fara aftur heim eftir þetta tap en við munum setjast niður og komast að því hvað fór úrskeiðis. Við erum mjög leiðir og þetta er erfitt. Við ætluðum okkur að komast í hóp bestu fjögurra liða heimsins. Það var draumur okkar en það gagnstæða gerðist."

Argentína féll úr leik í milliriðlakeppninni á HM árið 1982 en þá lék Maradona með liðinu. „Ég upplifði þetta árið 1982 sem leikmaður. Þá var ég strákur og skildi þetta ekki fyllilega. Ég verð fimmtugur í október og orðinn þroskaður. Þetta er erfiðasti dagur lífs míns og eins og einhver hefði sparkað í andlitið mitt. Ég er algerlega orkulaus," sagði Maradona sem segist ekki hafa íhugað hvort hann muni halda áfram sem landsliðsþjálfari Argentínu eða ekki.



**MAGNAÐIR** Þjóðverjar hafa farið á kostum á HM í Suður-Afríku og hafa í þremur leikjum skorað fjögur mörk. NORDIC PHOTOS/AFP

„Ég vona að hann verði áfram," sagði Gabriel Heinze. „Þetta er ekki tíminn til þess að taka slíkar ákvarðanir. Það verður að bíða þar til allir róast á ný. Maradona hefur lagt mikið á sig og það væri frábært ef hann myndi halda áfram."

Miroslav Klose hefur nú skorað fjögur mörk í Suður-Afríku og alls fjórtán í úrslitakeppni HM á ferlinum. Hann vantar aðeins eitt mark upp á að jafna markamet Brasilíumannsins Ronaldo.

„Ég er hæstánægður fyrir hönd Klose," sagði Löw. „Hann er sannarlega frábær leikmaður sem hefur náð frábærum árangri. Það eru afar fáir leikmenn sem eru á sama stalli og hann og afrek hans verður skráð í sögubækurnar. Hann var frábær á bæði HM 2002 og 2006 og svo aftur nú."

Sjálfur sagði Klose að markametið skiptir hann litlu máli. „Ég veit ekki hvort ég næ meti Ronaldo og mér er í raun alveg sama. Ég var ekki að hugsa um metið fyrir leikinn heldur aðeins að vinna. Ég hef meiri áhuga á því hvernig við stöndum okkur sem lið. Það er miklu mikilvægara að verða heimsmeistarar en að telja mörkin sem ég hef skorað."

Það eina neikvæða við sigur Þjóðverja var að markaskorarinn Müller fékk sína aðra áminningu í mótinu í leiknum og verður því í banni þegar Þýskaland mætir Spánverjum í undanúrslitum.

„Það er mikið áfall fyrir okkur að missa hann enda hefur hann sýnt hversu hættulegur hann er," sagði Löw sem setti stórt spurningarmerki við áminninguna sem hann fékk. Müller var áminntur fyrir að handleika knöttinn.

**eirikur@frettabladid.is**

www.lyfja.is
LYFJA
- Lífið heil



Fallegir fætur með Scholl
+ 25% afsláttur
af öllum Schollvörum út júlí í öllum verslunum Lyfju.

Cristiano Ronaldo er farinn heim frá Suður-Afríku og kominn með nýtt hlutverk:

# Cristiano Ronaldo orðinn faðir

**FÓTBOLTI** Ein skærasta knattspyrnustjarna heims, Portúgalinn Cristiano Ronaldo, tilkynnti á Facebook-síðu sinni í gær að hann væri orðinn faðir. Fréttirnar komu á óvart enda er hann einhleypur og engar fregnir höfðu borist af því að þetta væri í vændum.

Það var bandarísk kona sem ól honum son en Ronaldo mun sjálfur ala upp barnið. Nafni móðurinnar verður haldið leyndu en hún óskaði sjálf eftir því. Þau hafa komist að samkomulagi um að Ronaldo muni einn hafa forræði yfir drengnum.

Portúgalskir fjölmiðlar greindu frá því á föstudagskvöldið að móðir Ronaldo, Dolores, hefði unnið að því ásamt systrum hans að ganga frá pappírsvinnunni og koma barninu til Portúgals.

Ronaldo hefur lengi verið í sviðsljósinu og var á sínum ítrekað fjallað um meint samband hans og Paris Hilton á meðan hann var í fríi í Bandaríkjunum.

Hann náði sér ekki á strik með portúgalska landsliðinu á HM í Suður-Afríku en liðið féll úr leik í 16-liða úrslitum keppninnar eftir 1-0 tap fyrir Spánverjum. Ronaldo skoraði eitt mark í keppninni, í 7-0 sigri á Norður-Kóreu í riðlakeppninni.

Eftir leikinn gegn Spáni neitaði Ronaldo að ræða við fréttamenn og sagði svo á heimasíðunni sinni vera „eyðilagður og algjörlega niðurbrotinn". Það má því gera ráð fyrir því að hann hafi nú tekið gleði sína á ný. **- esá**



**CRISTIANO RONALDO** Var óánægður með gengi Portúgals á HM en hefur tekið gleði sína á ný. NORDIC PHOTOS/AFP




VILDARÁSKRIFT AÐ STÖÐ 2 INNIHELDUR: 2 2+ 2 BÍÓ 2 BÍÓ+ 2 EXTRA 2 EXTRA+ AUK STIGVAXANDI AFSLÁTTAR. 512 5100 | STOD2.IS | VERSLANIR VODAFONE | VERSLANIR OG ÞJÓNUSTUVER SÍMANS 800 7000



> **Patrick Dempsey**

„Einn daginn sagði þriggja ára dóttir mín við mig: „Þú ert mjög myndarlegur, pabbi." Það var besta hrós sem ég hef fengið."

***Patrick Dempsey fer með hlutverk í kvikmyndinni Made of Honor sem sýnd er á Stöð 2 Bíó kl. 16.00.***

# dagskrá

## VIÐ TÆKIÐ ÁLFRÚN PÁLSDÓTTIR JÚTJÚBAR FYRIR BARNIÐ SITT

# *Endurfundir við gamlar hetjur*



Þetta verður ekki enn einn kvörtunarpistillinn um fótbolta og sjónvarp. Nú þegar heimsmeistaramótinu í Suður Afríku fer að ljúka, fótboltinn hættir að vera aðalumræðuefnið á vinnustöðum landsins og býflugnasuðið hljómar ekki lengur úr sjónvarpstækinu, er ekki laust við að maður eigi eftir sakna þess. Það er sérstaklega búið að vera gaman núna á lokasprettinum, þegar kapparnir á vellinum láta í ljós sína bestu takta, í von um að verða þjóðhetjur. Vítaspyrnukeppnir taka mann á taugum og lið koma á óvart. Áfram Þýskaland! Vissulega verður þó gott að geta eldað kvöldmat án þess að þurfa að reikna út hvenær er hálfleikur. Sú sem verður manna fegnust á mínu heimili er heimasætan. Barnaefnið hefur algjörlega þurft að víkja fyir HM. Það hefur verið sýnt á virkum dögum klukkan fjögur. Venjulegur vinnudagur er frá níu til fimm og því er enginn á mínu heimili kominn heim á þessum tíma. Á laugardaginn, þegar stofan var undirlögð frá hádegi fram yfir kvöldmat, ákvað ég að kynna barnið fyrir kostum veraldarvefsins. Halda áfram með uppeldið á 21.öldinni. Hún er nú þegar orðin vel kunnug tölvusímanum Skype og nú var kominn tími á YouTube. Við mæðgurnar sátum saman í rúman klukkutíma fyrir framan tölvuskjáinn og skemmtum okkur vel. Fikruðum okkur í gegnum frumskóga myndbandasíðunnar, þar sem Konungur ljónanna og Lína Langsokk réðu ríkjum. Mamman fór í nostalgíukast og fann allar barnamyndir frá sinni æsku. Loksins gat ég kynnt dóttur mína fyrir gömlum hetjum og söngvum frá sænskri barnæsku. Emil í Kattholti sem festi súpuskálina á hausnum og Lotta í Ólátagarði sem flutti að heiman. YouTube geymir allt. Í stuttum skömmtum. Agalega hentugt fyrir litlar manneskjur með litla þolinmæði en mikinn áhuga. „Mamma spila þetta núa!"

## MÁNUDAGUR



▶ **20.45 Klovn** SJÓNVARPIÐ



▶ **20.55 So You Think You Can Dance** STÖÐ 2



▶ **21.40 CSI** SKJÁREINN



▶ **21.45 Monk** STÖÐ 2 EXTRA



▶ **22.00 Dumb And Dumber** STÖÐ 2 BÍÓ

## SJÓNVARPIÐ

**17.20 Táknmálsfréttir**

**17.30 Kínverskar krásir (1:6)**

**18.00 Pálína (43:56)**

**18.05 Herramenn (30:52)**

**18.15 Sammi (13:52)**

**18.23 Skúli skelfir (1:52)**

**18.34 Sonny fær tækifæri (1:5)**

**19.00 Fréttir**

**19.30 Veðurfréttir**

**19.35 Kaupæði (Shop 'Til You Drop)** Kanadísk heimildarmynd um neysluæði, afleiðingar þess og hugsanlegar lausnir á vandanum.

**20.30 Dýralíf (Animal Fillers) Stuttur dýralífsþáttur.**

▶**20.45 Trúður (1:10) (Klovn IV) (e)**

**21.15 Lífsháski (Lost VI)** Bandarískur myndaflokkur um hóp fólks sem komst lífs af úr flugslysi og neyddist til að hefja nýtt líf á afskekktri eyju í Suður-Kyrrahafi þar sem dularfullir atburðir gerast. Atriði í þáttunum eru ekki við hæfi barna.

**22.00 Tíufréttir**

**22.10 Veðurfréttir**

**22.20 Íslenski boltinn** Umsjónarmaður er Hjörtur Hjartarson.

**23.05 Leitandinn (1:22) (Legend of the Seeker)** Atriði í þáttunum eru ekki við hæfi ungra barna.

**23.50 Fréttir (e)**

**00.00 Dagskrárlok**

## STÖÐ 2 BÍÓ

**08.00 Space Jam**

**10.00 Made of Honor**

**12.00 The Nutcracker and the Mouseking**

**14.00 Space Jam**

**16.00 Made of Honor**

**18.00 The Nutcracker and the Mouseking**

**20.00 Cake: A Wedding Story**

▶**22.00 Dumb and Dumber**

**00.00 The Namesake**

**02.00 An American Haunting**

**04.00 Dumb and Dumber**

**06.00 Man About Town**

## STÖÐ 2

**07.00 Barnatími Stöðvar 2** Krakkarnir í næsta húsi, Könnuðurinn Dóra, Apaskólinn.

**08.15 Oprah**

**08.55 Í fínu formi**

**09.10 Bold and the Beautiful**

**09.30 The Doctors**

**10.15 Eldsnöggt með Jóa Fel** (9:12) Tíunda þáttaröðin með sjónvarpskokknum og bakarameistaranum Jóa Fel.

**10.50 Cold Case** (6:22)

**11.45 Falcon Crest II** (4:22)

**12.35 Nágrannar**

**13.00 Worst Week** (10:16)

**13.30 Nine Months** Gamanmynd um turtildúfurnar Samuel og Rebeccu sem hafa átt fimm yndisleg ár saman og vanhagar ekki um neitt.

**15.10 ET Weekend**

**15.55 Saddle Club**

**16.18 Barnatími Stöðvar 2** A.T.O.M., Apaskólinn

**17.08 Bold and the Beautiful**

**17.33 Nágrannar**

**17.58 The Simpsons**

**18.23 Veður** Markaðurinn.

**18.30 Fréttir Stöðvar 2**

**18.47 Íþróttir**

**18.54 Ísland í dag**

**19.09 Veður**

**19.15 Two and a Half Men** (9:24)

**19.40 How I Met Your Mother** (7:22)

**20.05 Glee** (18:22)

▶**20.55 So You Think You Can Dance** (4:23)

**22.20 So You Think You Can Dance** (5:23)

**23.10 Torchwood** (2:13) Ævintýralegur spennuþáttur í anda Men in Black og X-Files um sérsveit sem tekur að sér mál sem eru svo undarleg að ómögulegt er fyrir óbreytta laganna verði að upplýsa.

**00.00 Cougar Town** (3:24)

**00.25 Bones** (20:22)

**01.10 Curb Your Enthusiasm** (9:10)

**01.45 New France** Mögnuð og áhrifamikil mynd sem gerist á miðri nítjándu öld þegar Bretar og Frakkar háðu stríð um yfirráð í Kanada.

**04.05 Nine Months**

**05.45 Fréttir og Ísland í dag** (e)

## STÖÐ 2 SPORT *besta sætið*

**07.00 Stjarnan - ÍBV** Útsending frá leik Stjörnunnar og ÍBV í Pepsí-deild karla í knattspyrnu.

**14.55 AT&T National** Útsending frá lokadegi AT & T National mótsins í golfi en til leiks mættu margir af færustu kylfingum heims.

**17.55 Stjarnan - ÍBV** Útsending frá leik Stjörnunnar og ÍBV í Pepsí-deild karla í knattspyrnu.

**19.45 Fram - Valur** Bein útsending frá leik Fram og Vals í Pepsí-deild karla í knattspyrnu.

**22.00 Pepsímörkin 2010** Sýnt frá öllum leikjum Pepsí-deildar karla og sérfræðingar Stöðvar 2 Sport þeir Tómas Ingi og Maggi Gylfa verða að sjálfsögðu á sínum stað. Allir leikirnir, öll mörkin og allt það helsta krufið til mergjar.

**23.00 Fram - Valur** (e).

**00.50 Pepsímörkin 2010** Sýnt frá öllum leikjum Pepsí-deildar karla og sérfræðingar Stöðvar 2 Sport þeir Tómas Ingi og Maggi Gylfa verða að sjálfsögðu á sínum stað. Allir leikirnir, öll mörkin og allt það helsta krufið til mergjar.

## STÖÐ 2 SPORT 2 *enski boltinn*

**07.00 4 4 2**

**07.45 4 4 2**

**08.30 4 4 2**

**09.15 Holland - Brasilía** (e)

**11.10 Úrúgvæ - Gana** (e)

**13.05 Argentína - Þýskaland** (e)

**15.00 Paragvæ - Spánn** (e)

**16.55 Holland - Brasilía** (e)

**18.50 Úrúgvæ - Gana** (e)

**20.45 Argentína - Þýskaland** (e)

**22.40 Paragvæ - Spánn** (e)

**00.35 4 4 2**

**01.20 4 4 2**

**02.05 4 4 2**

**02.50 4 4 2**

**03.35 4 4 2**

**04.20 4 4 2**

**05.05 4 4 2**

**05.50 4 4 2**

## SKJÁREINN

**06.00 Óstöðvandi tónlist**

**08.00 Dr. Phil (e)**

**08.45 Rachael Ray (e)**

**09.30 Óstöðvandi tónlist**

**16.45 Rachael Ray**

**17.30 Dr. Phil**

**18.15 Top Chef (5:17) (e)**

**19.00 Million Dollar Listing (5:6)** Skemmtileg þáttaröð um fasteignasala í Hollywood og Malibu sem gera allt til þess að selja lúxusvillur fræga og fína fólksins. Á hverjum degi lenda þau í litríku fólki sem ýmist vill kaupa eða selja heimili sín.

**19.45 King of Queens (22:22)**

**20.10 90210 (19:22)** Bandarísk þáttaröð um ástir og átök ungmenna í Beverly Hills. Naomi þarf að vinna samfélagsvinnu í kjölfar rangra ásakana um kynferðislegt áreitni. Lokaprófin eru á næsta leiti en Silver er ósátt við að Teddy ætli að hætta við háskólanám til að einbeita sér að tennisíþróttinni.

**20.55 Three Rivers (5:13)** Dramatísk og spennandi þáttaröð um lækna sem leggja allt í sölurnar til að bjarga sjúklingum sínum. Rúta með skólakrökkum veltur og Andy reynir að bjarga eins mörgum og hægt er. Foreldrar eins stráksins þurfa að taka erfiða ákvörðun um hvort gefa eigi líffæri hans til að bjarga öðrum.

▶**21.40 CSI (19:23)** Bandarískir sakamálaþættir um störf rannsóknardeildar lögreglunnar í Las Vegas. Vandræðaunglingur er myrtur og í ljós kemur að hann átti marga óvini.

**22.30 Jay Leno**

**23.15 Law & Order: UK (9:13) (e)**

**00.05 In Plain Sight (2:15) (e)**

**00.50 King of Queens (22:22) (e)**

**01.15 Óstöðvandi tónlist**

## INN

**20.00 Eldum íslenskt** Matreiðsluþáttur með íslenskar búvörur í öndvegi.

**20.30 Golf fyrir alla** Golfþáttur með Ólafi Má og Brynjari Geirssyni.

**21.00 Frumkvöðlar** Þáttur um frumkvöðla fyrir alla frumkvöðla í umsjón Elinóru Ingu Sigurðardóttur.

## OMEGA

Dagskrá allan sólarhringinn.


LÚR
BETRI HVÍLD

Úrval rúma, sófa og hvíldarstóla

Margir litir í boði – Frábær verð í gangi



LÚR - BETRI HVÍLD
HLÍÐASMÁRI 1
201 KÓPAVOGUR
SÍMI 554 6969
FAX 554 3100
WWW.LUR.IS
LUR@LUR.IS

Opið:
mán fös 10:00 – 18:00
lau 11:00 – 16:00

www.lur.is

## Í KVÖLD




**STÖÐ 2 KL. 20.05**

### Glee

Frábær gamanþáttaröð sem gerist í menntaskóla þar sem metnaðarfullur kennari og fyrrverandi nemandi skólans ákveður að setja aftur saman sönghóp skólans sem gerði einmitt stormandi lukku í sönghópakeppnum á árum áður. Þetta eru drepfyndnir þættir þar sem staðalímyndir menntaskólalífsins fá rækilega á baukinn og allir bresta í söng.

## ▶ VIÐ MÆLUM MEÐ

**Three Rivers**

**Skjáreinn kl. 20.55**

Dramatísk og spennandi þáttaröð um lækna sem leggja allt í sölurnar til að bjarga sjúklingum sínum. Dr. Andy Yablonski fer fyrir einvala liði sérfræðinga á einu fremsta sjúkrahúsi Bandaríkjanna í líffæraígræðslum. Í hverjum þætti er tvinnað saman nokkrum sögum þar sem fylgst er með örlögum líffæragjafanna og sjúklinganna sem eru á síðasta snúningi og þurfa nauðsynlega á líffæragjöf að halda.



## RÁS 1 FM 92,4/93,5

**06.39** Morgunútvarp hefst
**06.50** Bæn
**07.03** Morgunfrúin
**07.30** Fréttayfirlit
**08.05** Morgunstund með KK
**08.30** Fréttayfirlit
**09.05** Okkar á milli
**09.45** Morgunleikfimi
**10.13** Stefnumót
**11.03** Samfélagið í nærmynd
**12.00** Hádegisútvarpið
**12.20** Hádegisfréttir
**13.00** Hringsól
**14.03** Bak við stjörnurnar
**15.03** Útvarpssagan: Út að stela hestum
**15.25** Fólk og fræði
**16.05** Á sumarvegi
**17.03** Víðsjá
**18.00** Kvöldfréttir
**18.22** Syrpan
**19.00** Silfuröld revíunnar
**20.00** Leynifélagið
**20.30** Kvika
**21.10** Vasaleikhúsið heimsækir Útvarpsleikhúsið
**21.30** Kvöldsagan: Konan í dalnum og dæturnar sjö
**22.10** Orð kvöldsins
**22.25** Girni, grúsk og gloríur
**23.15** Lostafulli listræninginn
**23.50** Þjóðsagnalestur
**00.05** Næturtónar

**FM 88,5** XA-Radíó
**FM 90,1** Rás 2
**FM 90,9** Gullbylgjan
**FM 91,9** Kaninn
**FM 93,5** Rás 1
**FM 95,7** FM957
**FM 96,3** FM Suðurland
**FM 96,7** Létt Bylgjan
**FM 97,7** X-ið
**FM 98,9** Bylgjan
**FM 99,4** Útvarp Saga
**FM 102,2** Útvarp Latibær
**FM 102,9** Lindin
**FM 105,5** Útvarp Boðun

## 2 EXTRA

**19.30 The Doctors**

**20.15 E.R.** (5:22) Sígildir þættir sem gerast á bráðamóttöku sjúkrahúss í Chicago þar sem erillinn er næstum óviðráðanlegur og læknarnir fá nánast engan tíma til að taka ákvarðanir upp á líf og dauða.

**21.00 Fréttir Stöðvar 2**

**21.25 Ísland í dag**

▶**21.45 Monk** (2:16) Áttunda þáttaröðin um einkaspæjarann og sérvitringinn Adrien Monk.

**22.30 Lie to Me** (4:22) Önnur spennuþáttaröðin um Dr. Cal Lightman sem Tim Roth leikur og er sérfræðingur í lygum. Hann og félagar hans í Lightman-hópnum vinna með lögreglunni við að yfirheyra grunaða glæpamenn og koma upp um lygar þeirra með ótrúlega nákvæmum vísindum sem snúa að mannlegri hegðun.

**23.15 Twenty Four** (23:24) Áttunda serían af spennuþættinum Twenty Four um leyniþjónustumanninum Jack Bauer sem þráir nú ekkert heitar en að fá að draga sig í hlé.

**00.00 E.R.** (5:22)

**00.45 The Doctors**

**01.30 Sjáðu** Ásgeir Kolbeins kynnir allt það heitasta í bíóheiminum, hvaða myndir eru að koma út og hverjar aðalstjörnurnar eru. Ómissandi þáttur fyrir alla kvikmyndaáhugamenn.

**01.55 Fréttir Stöðvar 2**

**02.45 Tónlistarmyndbönd frá Nova TV**

## BBC entertainment

**12.20** Only Fools and Horses **12.50** Only Fools and Horses **13.20** My Hero **13.50** My Hero **14.20** My Family **14.50** After You've Gone **15.20** Dalziel and Pascoe **16.10** EastEnders **16.40** The Weakest Link **17.30** Last of the Summer Wine **18.00** Whose Line Is It Anyway? **18.30** Hotel Babylon **19.20** Spooks **20.10** Whose Line Is It Anyway? **20.40** Doctor Who **21.45** Last of the Summer Wine **22.15** Whose Line Is It Anyway? **22.45** Hotel Babylon **23.35** Spooks

## DR 1

**12.00** By på Skrump **13.00** Sommertid **13.30** Kender du typen **14.00** That's So Raven **14.25** Caspers skræmmeskole **14.50** Hyrdehunden Molly **15.00** Minisekterne **15.05** Peter Pedal **15.30** Karlsson på taget **16.00** Sommerminder **16.30** TV Avisen med Sport **17.00** By på Skrump **17.30** Ønskehaven **18.00** Flådens historie **18.35** Reddet af en hund **19.00** TV Avisen **19.25** Sommervejret **19.35** Aftentour 2010 **20.00** Horisont Special **20.55** Hjerteslag **21.50** Tæt på. Tretten børn og flere i vente **22.40** Så er der pakket **23.05** Naruto Uncut **23.25** Naruto Uncut

## NRK 1

**12.20** Sommerhuset **12.50** Skjergardsmat **13.20** Ut i naturen **13.50** Poirot **14.40** Dallas **15.30** E6 - En reise gjennom nordmenns liv **16.00** Oddasat - nyheter på samisk **16.05** Nyheter på tegnspråk **16.10** Kokkekamp **16.40** Norge i dag **17.00** Dagsrevyen **17.30** Doktoren på hjørnet **18.00** Kronprinsparets nye hjem **19.00** Dagsrevyen 21 **19.30** Sommeråpent **20.20** Damenes detektivbyrå nr. 1 **21.15** Kveldsnytt **21.30** Krøniken **22.25** Millionær i forkledning **23.15** 20 sporsmål **23.40** Sport Jukeboks

## SVT 1

**12.25** Ett brott **14.00** Rapport **14.05** Gomorron Sverige **14.55** Grannar som bråkar **15.55** Sportnytt **16.00** Rapport **16.10** Regionala nyheter **16.15** Det goda livet **17.05** Hemliga svenska rum **17.20** Regionala nyheter **17.30** Rapport **18.00** Debatt **19.00** Om Stig Petrés hemlighet **20.00** Från Brasilien till norska havsbandet **20.30** Fotbolls-VM: Höjdpunkter **21.00** City of Hope **23.05** The Tudors **00.00** Småskalighetens hjältar



## FERÐALÖGIN



*„Ég mæli með Home með Edward Sharpe and The Magnetic Zeros til að minna á að ferðafélagarnir skipta máli. Líka laginu Hvers vegna varst'ekki kyrr með Pálma og svo loks Summer Wine með Lee og Nancy til að minna mann á að passa upp á sitt á tjúttinu í fjarlægu landi.“*

Margrét Erla Maack útvarpskona.



**LÁRÉTT** 2. kjaft, 6. hljóm, 8. nögl, 9. fúsk, 11. á fæti, 12. fýla, 14. krapi, 16. tveir eins, 17. traust, 18. kk nafn, 20. utan, 21. mergð.

**LÓÐRÉTT** 1. drykkur, 3. kúgun, 4. planta, 5. gaul, 7. afsökun, 10. eldsneyti, 13. flík, 15. knippi, 16. átti heima, 19. átt.

**LAUSN**

**LÁRÉTT:** 2. gogg, 6. óm, 8. kló, 9. kák, 11. il, 12. óloft, 14. slabb, 16. bb, 17. trú, 18. jón, 20. án, 21. ótal.

**LÓÐRÉTT:** 1. kókó, 3. ok, 4. glitbrá, 5. gól, 7. málsbót, 10. kol, 13. fat, 15. búnt, 16. bjó, 19. na.

## VEISTU SVARIÐ

svör við spurningum á bls. 8

1. Jón Ólafsson.
2. Jón Magnús Jónsson.
3. 26 kílóum.




# Tækniþróunarmiðstöðin enn í gangi

„Við erum ennþá á staðnum,“ segir Danni Pollock, forsprakki tónlistarþróunarmiðstöðvarinnar (TÞM) úti á Granda.

Eins og Fréttablaðið greindi frá á dögunum þá stóð til að loka TÞM 1. júlí ef hún næði ekki að fjármagna húsaleigu ársins. 12 milljónir kostar að leigja húsnæði TÞM úti á Granda á ári og Reykjavíkurborg greiðir helminginn af því. Landsbankinn styrkti starfsemina um hinar sex milljónirnar áður en bankinn féll í október árið 2008, en nú er svo komið að bæði sýslumaður og síðar héraðsdómur hafa úrskurðað að starfsemin verði borin út í sumar. „Félagsmenn hafa byggt TÞM upp frá 2002 og heildarupphæð sem hefur verið lögð í starfsemina er í kringum 140 milljónir,“ sagði Danni í Fréttablaðinu í júní. „Um 90 milljónir eru beint frá krökkunum sjálfum. Borgin er að reyna að spara sex milljónir með því að henda 140 milljónum.“

Danni segir fólk frá ÍTR hafa spjallað við sig og að vilji sé fyrir því að leysa málið á farsælan hátt. „Það eru jákvæðar bylgjur í okkar átt,“ segir Danni sem býst við að meira komi í ljós á næstu vikum. - afb




**UNNIÐ Í MÁLINU** Loka átti Tækniþróunarmiðstöðinni 1. júlí, en starfsemin er ennþá í gangi og Danni Pollock vonast til að málið leysist á næstu vikum. FRÉTTABLAÐIÐ/VILHELM

DARRI INGÓLFSSON: KLESST'ANN Á BUSTA RHYMES

# Harkar í Hollywood innan um atvinnulausa leikara

Darri Ingólfsson fer með aðalhlutverkið í kvikmyndinni Boðbera sem frumsýnd verður á miðvikudaginn kemur. Darri hefur verið búsettur í Los Angeles undanfarið ár og upplifað ýmislegt skemmtilegt á þeim tíma.

Darri nam leiklist í Arts Educational í London og útskrifaðist þaðan árið 2003 en dvaldi áfram í borginni eftir útskrift. „Ég held ég hafi verið hálf athyglissjúkur allt frá barnæsku og ég hef alltaf haft sterka þörf fyrir að tjá mig. Leiklistin er ágæt leið til að tjá sig, þótt það séu ekki alltaf þínar eigin skoðanir sem þú ert að tjá. Nema kannski í þessu tilfelli, það er mjög margt í Boðbera sem endurspeglar mínar lífsskoðanir,“ segir Darri. Hann kynntist leikstjóra myndarinnar, Hjálmari Einarssyni, í Cannes árið 2006 en Darri segist hafa smyglað sér á hátíðina og alla leið í veislu á vegum tímaritsins Vanity Fair. „Vinur minn hafði ætlað fara ásamt nokkrum vinkonum sínum en forfallaðist og lét mig fá passann sinn í staðinn. Við ákváðum svo að smygla okkur inn í Vanity Fair-veisluna, klæddum okkur í okkar fínasta púss og gengum beint inn á staðinn. Þetta var sama ár og Al Gore sýndi heimildarmyndina sína á Cannes og ég hitti hann þarna á dansgólfinu þar sem hann dansaði við eiginkonu sína.“

Darri hefur verið búsettur í Los Angeles undanfarna mánuði og segir hann borgina fulla af atvinnulausum leikurum, handritshöfundum og leikstjórum. „Þetta er búið að vera mikið ævintýri en líka rosalegt hark. Ég hef þurft að vinna við ýmislegt bara til að halda mér á floti og vann um tíma sem pylsusendill.“ Darri segist hafa hitt ótrúlegasta fólk í gegnum það starf og nefnir tónlistarmanninn Busta Rhymes í því samhengi.



**HARK Í HOLLYWOOD** Darri Ingólfsson fer með aðalhlutverkið í kvikmyndinni Boðbera sem frumsýnd verður á miðvikudaginn. FRÉTTABLAÐIÐ/VILHELM

„Hann er orðinn feitur núna og var hálf dónalegur en ég klesst'ann þegar við kvöddumst,“ segir Darri og hlær. „Núna vinn ég sem þjónn á veitingastað á Sunset Strip. Staðurinn er beint á móti Marmont-hótelinu og við fáum því mikið af þekktu fólki til okkar. Jason Segel úr How I Met Your Mother er til dæmis fastakúnni hjá okkur.“ Inntur eftir því hvort hann fái aldrei nóg af harkinu í borg englanna svarar hann því neitandi. „Maður er alltaf að upplifa eitthvað nýtt þannig að mér finnst þetta þess virði.“ - sm

## FRÉTTIR AF FÓLKI

Íslendingar í Kaupmannahöfn eru að gera það gott þessa dagana. Hárgreiðslumaðurinn Kristinn Óli Hrólfsson opnaði fyrir stuttu hárgreiðslustofuna Mugshot við Nýhöfn. Stofan hefur vakið mikla athygli þar í landi enda nokkuð óhefðbundin að því leytinu að viðskiptavinirnir sitja meðal annars við hringborð þar sem allir geta spjallað saman. Danska dagblaðið Københavneravisen fjallaði um opnun stofunnar á forsíðu sinni í lok júní. Aðrir Íslendingar sem hafa verið að gera það gott í Kóngsins Köben eru þær Dóra Takefusa og Dóra Dúna Sighvatsdóttir, sem reka skemmtistaðinn Jolene, og **Friðrik Weisshappel** sem rekur einnig nokkur kaffihús þar í borg. Hinn íslenski Sigurður Helguson rekur einnig vinsælan bar í miðborg Kaupmannahafnar, Café Blasen, en þangað venja margir Íslendingar komu sína og hefur útvarpsmaðurinn Andri Freyr gjarnan þeytt skífum fyrir mannskapinn um helgar.



Kvikmyndagerðarmaðurinn og trymbillinn Frosti Jón Runólfsson er kominn heim eftir að hafa dvalið bæði á Filippseyjum og í Danmörku undanfarna mánuði. Frosti vinnur nú hörðum höndum að því að leggja lokahönd á að klippa mynd sína sem hlotið hefur titilinn „Hudas Hudas“, sem þýðist „Júdas Júdas“.

Það sást til leikkonunnar **Ísgerðar Elfu Gunnarsdóttur** á Dýrafjarðardögum um helgina. Hátíðin þótti heppnast vel en þetta er í sjötta sinn sem hún er haldin hátíðleg. Ýmislegt var hægt að gera sér til dundurs á hátíðinni, þess á meðal var markaðsstemning á víkingasvæðinu á sunnudaginn auk þess sem tvær leiksýningar einleikjahátíðarinnar Act alone fóru fram í Félagsheimili Þingeyjar. - sm



# Taka upp auglýsingu fyrir Yellow Pages hér á landi

Íslenska kvikmyndadúóið Árni & Kinski eru staddir hér á landi til að taka upp auglýsingu fyrir bandarísku útgáfuna af Gulu síðunum. Stefán Árni og Siggi Kinski eru báðir búsettir í Bandaríkjunum með fjölskyldum sínum en segjast nýta hvert tækifæri til að koma og taka upp auglýsingar hér heima. „Við mælum gjarna með því við kúnnana okkar að taka upp á Íslandi. Fyrir nokkrum árum var það frekar erfitt því allt var svo dýrt en nú er öldin önnur. Það eina sem var næstum búið að setja strik í reikninginn var Eyjafjallajökull og eldgosið en Kanarnir voru frekar smeykir við það,“ segir Árni og bætir við að þeir séu vonandi búnir að róa sig. „Ég meina, það er alltaf verið að taka upp á Hawaii sem er líka eldfjallaeyja og því ástæðulaust að vera hræddur við litlu eyjuna okkar.“

Fyrirtækið Yellow Pages er að halda innreið sína á netmarkaðinn og verður auglýsingin einföld í sniðum og tekin upp í stúdío næstkomandi föstudag. Fyrirtækið True North kemur að tökunum og verða tveir íslenskir leikarar í aðalhlutverkum. Ekki er ennþá búið að festa niður hverjir eiga að leika í auglýsingunni en ljóst er að þeir eiga eftir að verða nokkuð þekkt andlit í Bandaríkjunum enda Yellow Pages mikið notað og vel þekkt fyrirbæri.

„Ég og konan mín ákváðum að koma með dætur okkar og eyða smá tíma hér á landi. Við reynum að koma hingað á sumrin en við erum bæði mikið í hugleiðslu og Ísland kjörið í þess konar iðkun,“ segir Árni og mælir hiklaust með hugleiðslu.

Kvikmyndateymið Árni & Kinski hefur meðal annars gert auglýsingu fyrir Mercedes Benz-bílana og tónlistarmyndbönd við Sigurósarlögin, Gobbledigood, Glósóla og Hoppípolla og myndband fyrir hljómsveitina Travis. - áp



**ÁRNI & KINSKI** Kvikmyndateymið sem dregur bandaríska kúnna til að taka upp auglýsingar á Íslandi.




# Einstök upplifun

Náttúran og dýralíf Íslands er að vakna til lífsins eftir vetrardvala en þú veist ekki í hvaða ævintýrum þú getur lent fyrr en þú lætur á það reyna. Það er sama hvert þú ferð, útivistarfatnaðurinn frá **ZO•ON** er hannaður til að láta þér líða vel við allar aðstæður.



**RATA**

Þriggja laga útivistarjakki með Diamondium filmu. Hannaður til að mæta íslenskri veðráttu. Jakki fyrir útivistarfólk sem gerir kröfur.



**HLÍFA**

Þriggja laga Soft shell jakki, vatns-og vindheldur með góðri útöndun. Hentar vel sem innra og ytra lag.



**YLJA**

Superstretch peysa með góðri útöndun. Hentar vel sem innra og ytra lag.

**ZO•ON útivistarfatnaður fæst í nýrri verslun okkar í Bankastræti**
og í Kringlunni en auk þess í öllum helstu verslunum með útivistarfatnað á Íslandi.

ZO•ON
ICELAND

# FRÉTTABLAÐIÐ

VIÐ SEGJUM FRÉTTIR **SMÁAUGLÝSINGASÍMINN OG SKIPTIBORÐ: 512 5000** VISIR.IS

**Ritstjórn:** 512 5313, Fax: 512 5301, ritstjorn@frettabladid.is **Auglýsingadeild:** auglysingar@frettabladid.is **PRENTUN:** Ísafoldarprentsmiðja

9 771670 387005

Póst húsið

**DREIFING:** dreifing@posthusid.is
**EF BLAÐIÐ BERST EKKI:** 512 5060





## FRÉTTIR AF FÓLKI

### Margir studdu nímenninga

Samstöðuviðburður með nímenningunum sem ákærðir eru fyrir árás á Alþingi var haldinn í Nýlistasafninu í gær og var mikill fjöldi fólks mættur til að sýna nímenningunum stuðning. Nokkrir af okkar helstu listamönnum komu á svæðið og nutu þess sem í boði var. Tónleikar voru haldnir auk upplestra, gjörninga og innsetninga. Meðal þeirra sem mættu og sýndu nímenningunum stuðning voru listamennirnir Magnús Pálsson, Hrafnkell Sigurðsson, **Ragnar Kjartansson,** Erling Klingenberg og Katrín Inga Jónsdóttir Hjördísardóttir, rithöfundurinn **Einar Már Guðmundsson**, þingkonan Birgitta Jónsdóttir og tónlistar- og kvikmyndagerðarmaðurinn Þorgeir Guðmundsson.



### Með augun á miðborginni

**Jakob Frímann Magnússon** hefur um langt skeið vakað yfir miðborginni og þótt skila góðu starfi. Jakob sást á útimarkaði á Hljómalindarreitnum í miðborginni síðdegis á laugardag. Fátt markvert mun hafa verið þar í gangi sem í frásögur er færandi að Jakob undanskildum, sem stóð fyrir utan staðinn með krosslagðar hendur, virtist hreyfa hvorki legg né lið og fylgdist stíft með því sem fram fór á markaðnum í klukkustund. Þótti húsmæðrum sem leið áttu um staðinn nóg um enda fáu öðru við að líkja en keisara sem fylgist með þegnum sínum.



- sm, jab

### Mest lesið VÍSIR.IS

1. Óánægður faðir: Viðbrögð lögreglu eftir bílveltu fáránleg
2. Syntu fullir yfir Hvítá
3. Skaut lögregluþjón á flóttanum
4. Rússneskur hundur kafaði með eiganda sínum
5. Nakinn maður á Suðurlandsvegi




